# FRÉTTABLAÐIÐ

80. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. APRÍL 2019



Skrifað var undir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði á ellefta tímanum í gærkvöld. Búist hafði verið við að það yrði gert klukkan 15 í gær en það tafðist nokkrum sinnum. Samningurinn mun gilda frá 1. apríl síðastliðnum til 1. nóvember 2022 og nær til um hundrað þúsund launamanna hér á landi. Áhersla er lögð á hækkun lægstu launa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hlúa þarf betur að öldruðum

**TILVERAN** Eldri borgurum hefur fjölgað til muna og fólk er yfirhöfuð hraustara fram eftir aldri. Margir hafa getu og vilja til að vinna lengur og ljóst er að ellilífeyrisaldur þarf að endurskoða. Þeir sem þurfa á þjónustu heilbrigðiskerfisins að halda bíða lengi í brotakenndu kerfi. Eitt af áherslumálum ársins, segir landlæknir.



– sjá 12, 16

# Samningar loks klárir

## Nýir kjarasamningar voru undirritaðir hjá ríkissáttasemjara seint í gærkvöld. Lægstu laun hækka um 90 þúsund á samningstímanum. Vinnuvikan styttist.

**KJARAMÁL** Laun þeirra sem fá greitt samkvæmt lágmarkstöxtum hækka um 90 þúsund krónur á mánuði á samningstíma nýrra kjarasamninga. Almennar launahækkanir munu á samningstímanum nema 68 þúsund krónum á mánuði. Þá er í samningum ákvæði sem tryggir launafólki hlutdeild í aukningu á þjóðarframleiðslu.

Lögð er áhersla á að samningar og aðgerðir stjórnvalda muni leiða til hagstæðra skilyrða fyrir vaxtalækkun Seðlabankans. Í samningum er að finna endurskoðunarákvæði komi ekki til vaxtalækkunar.

Einnig á að stytta vinnuvikuna þannig að virkir vinnutímar verði 36 að jafnaði. Þá eru aðgerðir stjórnvalda boðaðar, skattkerfisbreytingar, aðgerðir í húsnæðismálum og hækkun barnabóta.

> **Lífskjör snúast um margt fleira en laun. Þau snúast um að búa í góðu umhverfi, að hafa tíma fyrir fjölskylduna.**
>
> Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

Lækkun skatta á að skila þeim tekjulægstu tíu þúsund króna hækkun ráðstöfunartekna á mánuði.

„Við vitum að lífskjör snúast um margt fleira en laun. Þau snúast um að búa í góðu umhverfi, að hafa tíma fyrir fjölskylduna og sjálfan sig,“ sagði Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, eftir undirritun samninganna. Hann segir forsendur vera til að samningarnir standi undir því nafni að bæta lífskjör allra.

Í tilkynningu á vefsíðu Eflingar segir að félagið sé stolt af þeirri breiðu samstöðu sem skilað hafi samningunum. „Þessi styrka samstaða mun í framhaldinu gefa tóninn fyrir launastefnu gagnvart öðrum hópum bæði á almennum og opinberum markaði,“ segir í yfirlýsingunni. – sar / sjá síðu 4

## Allt annað en ágætis byrjun

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi og núverandi meðlimir Sigur Rósar eru sakaðir um að koma sér hjá því að greiða hátt í 300 milljónir króna í skatta. Stórri ákæru á hendur Jónsa var bætt við, við þingfestingu málanna í gær. Lýstu allir yfir sakleysi sínu. Að þingfestingu lokinni gengu þeir fylktu liði út um dyr héraðsdóms, féllust í faðma og hurfu loks saman niður Austurstrætið. Bjartsýnir, eftir allt annað en ágætis byrjun. – smj / sjá síðu 6





## Veður



Hægur vindur um austanvert landið. Rigning eða súld með köflum, en þurrt og bjart á Norður- og Austurlandi. Hæg suðlæg eða breytileg átt og víða léttskýjað í dag, en dálítil væta með suður- og vesturströndinni.

SJÁ SÍÐU 28

# Aðgerðasinnar á skilorði




Jórunn Edda Helgadóttir og Ragnheiður Freyja Kristínardóttir fengu þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hafa risið úr sætum sínum í flugi Icelandair frá Íslandi til Svíþjóðar vorið 2016. Með uppátækinu mótmæltu þær brottvísun hælisleitandans Eze Okafor úr landi. Senda átti hann frá Svíþjóð til Nígeríu þar sem hann hafði orðið fyrir ofsóknum hryðjuverkasamtakanna Boko Haram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FDR Drive á Manhattan í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

## Veggjöld í New York skapa fordæmi

**BANDARÍKIN** Travis Brouwer, aðstoðarsamgöngumálastjóri Oregonríkis, telur upptöku veggjalda í New York til þess að létta á umferð geta sett mikilvægt fordæmi í öðrum stórum borgum í Bandaríkjunum. The New York Times greindi frá.

**» Fjölmennasta borg Bandaríkjanna, New York, mun árið 2021 taka upp veggjöld inn í þéttbýlustu hverfi borgarinnar.**

Fjölmennasta borg Bandaríkjanna, New York, mun árið 2021 taka upp veggjöld inn í þéttbýlustu hverfi borgarinnar. Það fjármagn sem til verður mun nýtast í viðhald almenningssamgangna og í átak til að hvetja borgarbúa til að skilja einkabílinn eftir heima.

Borgir á borð við Seattle, Los Angeles og Portland í Oregon, þar sem Brouwer er yfir samgöngumálum, íhuga nú að fara svipaða leið og taka upp veggjöld. Fordæmið sem New York setji nú geti skipt sköpum í því að ná pólitískri sátt um svipaðar aðgerðir innan annarra stórborga í Bandaríkjunum. – **bdj**

## Lækka verðið til frambúðar

**NEYTENDUR** Verðið á veitingastaðnum Þremur frökkum hefur verið lækkað um 20 prósent eftir afmælistilboð í síðasta mánuði. Í tilefni 30 ára afmælis staðarins var gefinn 30 prósenta afsláttur í viku og viðtökurnar voru svo góðar að tilboðið var framlengt út mánuðinn. Nú hefur verið ákveðið að lækka verðið varanlega.

„Við gerðum þetta á svipuðum tíma og Þórarinn [Ævarsson] í IKEA var að tala um þetta,“ segir Stefán Úlfarsson, matreiðslumeistari á Þremur frökkum, og vísar til erindis sem framkvæmdastjórinn hélt á ráðstefnu Alþýðusambands Íslands um verðlagningu á íslenskum veitingastöðum. – **bg**



Stefán Úlfarsson á Þremur frökkum.

# Ráðherrann á róli en SI kvarta undan RÚV

**Samningar milli RÚV og Sagafilm um fjármögnun þáttanna Ráðherrann eru á lokametrum. Framkvæmdastjóri miðla segir RÚV fara eftir lögum. Sviðsstjóri hjá SI segir samskipti erfið og RÚV í sífellt meiri samkeppni við einkamiðla.**

**FJÖLMIÐLAR** Samningar RÚV við Sagafilm og aðra framleiðendur um fjármögnun verkefna eru í góðum farvegi, segir Birgir Sigfússon, framkvæmdastjóri miðla hjá RÚV. Á það einnig við um sjónvarpsþættina Ráðherrann með Ólafi Darra Ólafssyni í aðalhlutverki. Samningar um fjármögnun þáttanna af hálfu RÚV eru nú á lokametrunum.

Greint var frá því í síðustu viku að tökur á þáttunum væru í uppnámi vegna samningsskilmála RÚV. Samkvæmt lögfræðiáliti sem gert var fyrir Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda og Samtök iðnaðarins stangast skilmálarnir á við reglur um Evrópustyrki og reglur um endurgreiðslur á Íslandi.

Birgir segir RÚV að sjálfsögðu fara eftir lögum og reglum. „Við kappkostum að tryggja að þegar RÚV leggur framleiðslu til fjármagn og verkefnið skilar hagnaði erlendis, þá renni allur ávinningur, sem RÚV á tilkall til, til frekari framleiðslu leikins efnis. Slíkt eflir íslenska kvikmyndagerð enn frekar, stuðlar að sjálfbærni og ábyrgri meðferð á opinberu fé.“

Segir hann það rangt í lögfræðiálitinu að framlag RÚV til kaupa eða meðframleiðslu á efni séu opinberir styrkir, samkvæmt lögum hafi RÚV ekki heimild til að veita slíka styrki. Framlag RÚV sé undir öllum kringumstæðum ýmist hrein kaup á sýningarrétti eða blanda af kaupum á sýningarrétti og frekara framlagi.

Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI, segir samskiptin við RÚV erfið. „Við höfum síðastliðið ár leitað eftir svörum frá RÚV á útfærslu þeirra sem meðframleiðanda án þess að fá fullnægjandi svör við þeim álitaefnum sem við höfum sett fram. Samningagerðin, sem



Landsmenn geta farið að hlakka til að sjá Ólaf Darra Ólafsson í hlutverki forsætisráðherra á skjánum innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Sigríður Mogensen, sviðsstjóri hugverkasviðs SI.

þjónar hagsmunum RÚV, er á kostnað sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda þar sem RÚV hefur krafist stærri hlutdeildar í verkefnum en þátttaka þeirra gefur tilefni til.“

Lögfræðiálitið sé skýrt um að útfærsla RÚV á hlutverki sínu sem framleiðanda geti sett fjármögnunarkerfi sjálfstæðra framleiðenda í uppnám. „Þá er umhugsunarefni hvort RÚV sé komið í auknum mæli í samkeppnisrekstur, líkt og á auglýsingamarkaði, og má því velta fyrir sér hvort þessi angi rekstursins eigi ekki heima í sérstöku dótturfélagi.“

RÚV fékk fimm ára frest árið 2013 til að setja samkeppnisrekstur í dótturfélög en ekkert bólar á þeim. Ríkisendurskoðun er nú að gera stjórnsýsluúttekt á RÚV, þá fyrstu í 24 ár, þar verður meðal annars litið til samkeppnisreksturs. Sigríður staðfestir að SI hafi óskað eftir því að þessi atriði verði tekin til meðferðar.

Samkvæmt þjónustusamningi RÚV og menntamálaráðuneytisins er það hlutverk RÚV að styrkja sjálfstæða sjónvarpsþátta- og kvikmyndagerð með því að kaupa efni eða gerast meðframleiðandi. Á RÚV að verja 11 prósentum af heildartekjum sínum til þess í ár. Athygli vekur að ekki er gert ráð fyrir því að RÚV hagnist á því að gerast meðframleiðandi, til dæmis ef þáttaröð er seld á erlendan markað og hagnaður myndast.

Sigríður telur að mestu skipti að greiða úr þeirri óvissu sem útfærsla RÚV á þessu hlutverki hefur skapað varðandi aðra fjármögnunarmöguleika sjálfstæðra framleiðenda. „RÚV er í mjög sterkri stöðu á þessum markaði og teljum við hlutverk þeirra sem meðframleiðanda ganga of langt miðað við að um er að ræða opinbert félag.“ **arib@frettabladid.is**


Varmadælur & loftkæling



Kælitækni

Midea
It's your Idea

• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins
kr. 145.000 m.vsk
Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og
20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.



Wifi búnaður fylgir með öllum varmadælum meðan birgðir endast

Umhverfisvænn kælimiðill

R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

**Fáðu heimsent**
í vefverslun **husa.is**

# TILBOÐS VEISLA



**Broil King**
**Gasgrill Crown 320 Stál**
9,3 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr pottjárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000315
**59.990 kr**
~~69.990~~ kr

**Nýtt blað komið út**
Sjá husa.is



OUTBACK
**18.990 kr**
~~23.990~~ kr
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225



OUTBACK
**29.990 kr**
~~39.990~~ kr
**Gasgrill, 3ja brennara**
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393



**699 kr**
**Páskaliljur í potti**
Tete a tete.
11328564



**399 kr**
**Vorerika**
10327408

SILVERBACK



Krakkahjól 24"
**43.900 kr**
**Reiðhjól Spyke 24" Disc**
24" 6061 Aluminium, 12,97 kg á þyngd, Mechanical Disc Brakes, Kenda K-1177 24"x1.952 dekk. Shimano EZ-Fire 500 gírar.
3902072

**20% afsláttur**



Electrolux
**63.990 kr**
~~79.990~~ kr
**Þvottavél, 1400 sn.** EW6F5247G1
7 kg með A+++ orkunýtingu, barnalæsing, Hljóðstyrkur 58 dB en 78 dB við þeytingu, með SensiCare kerfi.
1805695

**20% afsláttur**



**Nilfisk**
**15.596 kr**
~~19.495~~ kr
**Háþrýstidæla** C 110,7-5 X-TRA
110 bör, 1,4kW, 440 ltr./klst. Sjálfvirk gangsetning og stöðvun, Click & Clean kerfi. 5 m slanga.
5254203



**25% afsláttur**
BLACK+DECKER
**11.995 kr**
~~15.995~~ kr
**Hekkklippur B+D BEHTS301**
Rafmagnsklippur, 500W, 50 cm blað, klippigeta 22mm.
5083646

**Byggjum á betra verði**

## Tölur sem skipta máli

**17** þúsund verður hækkun allra mánaðarlauna frá 1. apríl síðastliðnum.

**36** tíma vinnuvika er boðuð. Vinnuveitendum og starfsmönnum á hverjum vinnustað er heimilt að semja um nokkrar útfærslur.

**89** þúsund mun verða hækkun lægstu mánaðarlauna á samningstímanum.

**8** þúsund krónur á mánuði ofan á lægstu taxta yrði launaauki launafólks ef hagvöxtur á mann yrði 2 prósent á árstímabili. Aðrir fengju sex þúsund krónur.

**68** þúsund verður hækkun almennra launa á mánuði á samningstímanum.

# Stytt vinnuvika og áhersla á hækkun lægstu launanna

**Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði, svokallaðir lífskjarasamningar, byggja á krónutöluhækkunum og meiri hækkunum til tekjulægstu. Lægstu laun hækka um 90 þúsund krónur á samningstímanum. Almenn hækkun er 68 þúsund krónur. Opnað er á styttingu vinnuviku í 36 stundir.**

**KJARAMÁL** Nýir kjarasamningar sem undirritaðir voru á ellefta tímanum í gærkvöldi eru byggðir þannig upp að laun lágtekjufólks hækka meira en annarra.

Gert er ráð fyrir að laun þeirra sem vinna eftir kauptöxtum, sem eru lágmarkstaxtar kjarasamninga, hækki um 90 þúsund krónur á mánuði á samningstímanum. Munu taxtar hækka um 17 þúsund frá 1. apríl síðastliðnum, um 24 þúsund 1. apríl 2020, 23 þúsund 1. janúar 2021 og 25 þúsund 1. janúar 2022.

Er samið um að upphafshækkun verði hófleg til að skapa skilyrði fyrir vaxtalækkun Seðlabankans.

Almennar launahækkanir munu nema 68 þúsund krónum á mánuði á samningstímanum. Munu laun hækka um 17 þúsund frá 1. apríl síðastliðnum, um 18 þúsund 1. apríl 2020, tæpar 16 þúsund 1. janúar 2021 og rúmar 17 þúsund 1. janúar 2022.

Einnig er að finna í samningnum sérstakt ákvæði sem tryggir launafólki hlut í hagvaxtaraukningu á mann sem Hagstofan birtir í mars á hverju ári.

Verði hagvöxtur á mann 1 prósent myndi það þýða þrjú þúsund króna launaauka á mánuði. Launaaukinn yrði átta þúsund krónur á mánuði miðað við tveggja prósenta hagvaxtaraukningu og þrettán þúsund miðað við þriggja prósenta vöxt.

Kemur þessi launaauki að fullu til hækkunar hjá þeim sem eru á strípuðum taxta en 75 prósent launaaukans koma ofan á almenn laun.

Þá er stytting vinnuvikunnar boðuð. Mun starfsfólk sjálft kjósa um það fyrirkomulag sem hentar á hverjum vinnustað en einnig verður hægt að hafa fyrirkomulagið óbreytt.



Samningar voru undirritaðir í Karphúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Verði hagvöxtur á mann 1 prósent myndi það þýða 3.000 króna launaauka á mánuði. Launaaukinn yrði 8.000 krónur á mánuði miðað við 2 prósenta hagvaxtaraukningu og 13.000 miðað við 3 prósenta vöxt.**

Fjórar útfærslur að styttingu vinnuvikunnar er að finna í samningnum. Í fyrsta lagi geta starfsmenn og vinnuveitendur komist að samkomulagi um að hver vinnudagur verði styttur um 53 mínútur.

Í öðru lagi getur samkomulag falið í sér að svigrúmið verði nýtt í lok vinnuviku þannig að starfsmenn ljúki störfum rétt fyrir hádegi á föstudögum. Það myndi þýða styttingu vinnuvikunnar um 212 mínútur.

Þriðji kosturinn felst í því að starfsmenn séu í fríi annan hvern föstudag og sá fjórði snýst um hvíldarhlé sem verði útfærð á hverjum vinnustað eftir þörfum og aðstæðum.

Allir þessir valmöguleikar ganga út frá því að hádegishlé haldist óbreytt en kaffitímar verði aflagðir. Verður virkur vinnutími að jafnaði um 36 stundir á viku.

sighvatur@frettabladid.is



## Fyrr heim eða frí á föstudegi

Samkvæmt samningunum mun starfsfólk sjálft kjósa um það fyrirkomulag sem hentar á hverjum vinnustað en einnig verður hægt að hafa fyrirkomulagið óbreytt.

## Fjórar leiðir eru nefndar

1. Hver vinnudagur verði styttur um 53 mínútur.
2. Starfsmenn ljúki störfum rétt fyrir hádegi á föstudögum.
3. Starfsmenn verði í frí annan hvern föstudag.
4. Hvíldarhlé verði útfært á hverjum vinnustað eftir þörfum og aðstæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

jeep.is
NÝR JEEP® CHEROKEE
PÁSKATILBOÐ
ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
Aukahlutir að verðmæti 730.000 kr.
fylgja öllum nýjum Jeep® Cherokee út apríl.
30” breyting sem innifelur 3,5cm upphækkun,
30” Cooper heilsársdekk og aurhlífar. Losanlegt
dráttarbeisli, gúmmímottur framan og aftan og málmlitur.

JEEP® CHEROKEE LONGITUDE LUXURY VERÐ FRÁ: 7.990.000 KR.
JEEP® CHEROKEE LIMITED VERÐ FRÁ: 9.590.000 KR.
ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE

NISSAN

Innovation that excites

# ÞITT ER VALIÐ RAFMAGN EÐA DÍSILL?

**www.nissan.is**




## RAFBÍLL

40kWh RAFHLAÐA - 200–301 KM DRÆGI**

**NISSAN e-NV200, SENDIBÍLL. VERÐ: 4.690.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ: 4.190.000 kr.**

**500.000 kr. afsláttur**

**Einnig fáanlegur í 5–7 sæta útfærslu**

## DÍSILBÍLL

1,5 L DÍSILVÉL, EYÐSLA 4,9 L/100 KM*

5 ÁRA ÁBYRGÐ/160.000 KM

**NISSAN NV200, SENDIBÍLL. VERÐ: 3.390.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ: 2.890.000 kr.**

**500.000 kr. afsláttur**

Nissan kemur sterkur inn sem spennandi lausn fyrir þá sem þurfa sendibíl í millistærðarflokki. NISSAN NV200 og e-NV200 sendibílarnir taka tvö EURO-bretti og eru því hentug stærð fyrir mörg fyrirtæki. Þú getur valið á milli sparneytinnar dísilvélar eða rafbílaútfærslu sem nú hefur fengið stærri og öflugri rafhlöðu sem dregur allt að 200 km í blönduðum akstri og allt að 301 km í innanbæjarakstri.**

Eigum til örfá eintök á einstökum kjörum til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér fjölmarga kosti Nissan NV200 og e-NV200.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / **200–301 km drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM93340

# Segir afrétti ónýta og vill banna lausagöngu búfjár

**LANDBÚNAÐUR** Landgræðslustjóri segir land hér ónýtt og rofið og að lausagöngu búfjár ætti að taka af með öllu. Íslenskur jarðvegur losaði frá sér kolefni sem væri óásættanlegt í baráttu okkar gegn hlýnun jarðar af völdum gróðurhúsalofttegunda.

„Ég er svo sem ekkert að segja neinar nýjar fréttir en það hefur legið fyrir lengi að við eigum mikið af ónýtu og rofnu landi sem grasbítar eiga ekki heima á og beit á þannig landi er ósjálfbær,“ segir Árni. „Stór svæði hér á landi eru ekki hæf til beitar og við ættum að sjá sóma okkar í að banna beit á slíku landi.“

Þetta kom fram í máli hans á fagráðstefnu um skógrækt. Árni nefndi dæmi um að Bárðdælaafréttur og Biskupstungnaafréttur væru í raun óbeitarhæfir. Hann vill banna beit á slíkum svæðum.

„Það er alveg rétt að land er á mörgum stöðum í framför,“ segir Árni. „Hins vegar er það svo að við ættum að banna lausagöngu búfjár hér á landi því eigandi búfjár verður að bera ábyrgð á því fé sem hann á.“



**Árni Bragason, fyrrverandi forstjóri Náttúruverndar ríkisins.**

Á tímum loftslagsbreytinga væri mikilvægt að átta sig á því að það jarðrask sem hefur átt sér stað í aldanna rás er ekki eðlilegt og að landið væri svona vegna beitar. Mætti sjá gríðarlega framför á stórum svæðum lands þar sem kindum hafi fækkað mikið síðustu ár.

„Það sem verra er að rofið land er að skila frá sér kolefni. Því skiptir það miklu máli að við hættum að reka fé á óbeitarhæft land,“ segir Árni ennfremur og bætir við: „Það sem skiptir líka svo miklu máli að landið eins og það er núna er ekki náttúrulegt. Það að sjá ekki stingandi strá á stórum svæðum er vegna beitar í langan tíma. Sá gróður og sá jarðvegur sem var áður er fokinn í burtu.“

**sveinn@frettabladid.is**


## Hestamannafélagið Fákur

Hittingur hjá Heldri Fáksfélögum, 60 ára og eldri, verður 5. apríl klukkan 12:00 í salnum á efri hæð TM-Reiðhallarinnar.

**Á boðstólnum verður súpa, brauð og kaffi og er verðið 1.000.- krónur.**

Sérstakur gestur verður Þormar Ingimarsson og mun hann segja frá hestaferð og fleiru áhugaverðu.

*www.fakur.is*







**Jón Þór Birgisson, Georg Holm, Orri Páll Dýrason og í fjarska glittir í Kjartan Sveinsson. Núverandi og fyrrverandi meðlimir Sigur Rósar mættu fyrir dóm í gær. Þeir lýstu allir yfir sakleysi sínu.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sigurrósarmenn á sakamannabekk

**Fyrrverandi og núverandi meðlimir Sigur Rósar eru sakaðir um að koma sér hjá því að greiða hátt í 300 milljónir króna í skatta. Bætt við stórri ákæru á hendur Jónsa við þingfestingu málanna í gær. Lýstu allir yfir sakleysi sínu.**

**DÓMSMÁL** „Ég er saklaus,“ sögðu fjórmenningarnir kenndir við Sigur Rós hver á fætur öðrum þar sem þeir tóku afstöðu til ákæranna á hendur sér í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir neita allir sök, ákærðir af héraðssaksóknara fyrir meiri háttar skattalagabrot og gefið að sök að hafa komið sér hjá að greiða hátt í 300 milljónir króna vegna tekna og arðgreiðslna frá félögum í þeirra eigu.

Snillingar á sínu sviði, bara ekki fjármálasviðinu eins og þeir hafa sjálfir sagt. Við erum tónlistarmenn en ekki sérfróðir í bókhaldi eða alþjóðlegum viðskiptum. Hvað þá í framtalsgerð og skattaskilum, hafa þeir sagt. Jón Þór Birgisson, Georg Holm, Orri Páll Dýrason og Kjartan Sveinsson segjast hafa falið fagmönnum að höndla með sín mál og því verði héraðssaksóknari nú að færa sönnur á að fjórmenningarnir hafi sjálfir gerst sekir um stórfellda vanrækslu á framtalsskyldu sinni.

Þeir mættu allir saman í héraðsdóm í gær og gengu fylktu liði inn í dómsal. Einn af öðrum voru þeir kallaðir upp til að taka afstöðu til ákærunnar á hendur sér. Fyrst Orri, svo Georg og Kjartan en hlé var gert áður en Jón Þór, betur þekktur sem Jónsi, gat lýst sinni afstöðu. Meðákærði í hans tilfelli, endurskoðandinn Gunnar Þór Ásgeirsson, var staddur erlendis og bíða þurfti eftir verjanda hans.

Sigurrósarmenn urðu afslappaðri í dómsal eftir því sem á leið. Það var ekki nýtt fyrir þeim að tekið væri á móti þeim með flassandi myndavélum. Það sem var nýtt var að það væri fyrir dómstóli. Á þá bornar sakir sem varða allt að sex ára fangelsi.

Hléið varð nokkuð langt. Í því slaknaði á fjórmenningunum sem spjölluðu saman, slógu jafnvel á létta strengi í þrúgandi þögn dómssalarins og ræddu úrslit í enska boltanum og komandi verkefni Liverpool í Evrópu.

Jónsi sat að mestu hljóður allan tímann. Einn félaga hans færði honum vatnsglas meðan beðið var og á einum tímapunkti tók Georg, sessunautur hans, hughreistandi utan um hann og klappaði honum á bakið. Málið virtist leggjast þungt á söngvarann.

Eins og fjallað hefur verið um voru það að mestu eignir Jónsa sem kyrrsettar voru vegna skattarannsóknarinnar í fyrra sem varð grunnur að ákæru héraðssaksóknara nú. Útlitið varð brátt svartara fyrir Jónsa.

Að loknu hléi var upplýst að bætt hefði verið við ákæru á hendur Jónsa og Gunnari Þór. Í henni er honum gefið að sök samkvæmt RÚV að hafa komið sér hjá að greiða 146 milljónir í tekjuskatt í félaginu Frakkur slf. til viðbótar við þær 44 milljónir sem fyrri ákæran kvað á um. Jónsi lýsti yfir sakleysi sínu gagnvart báðum ákærum sem sameinaðar verða í eina. Gunnar Þór mun taka afstöðu til ákæranna á föstudag. Fyrirtaka verður 20. maí.

Að lokinni þingfestingu gáfu fjórmenningarnir ekki kost á viðtölum. Þeir gengu sem fyrr fylktu liði út um dyr héraðsdóms, féllust í faðma og hurfu loks saman niður Austurstrætið. Bjartsýnir, eftir allt annað en ágætis byrjun.

**mikael@frettabladid.is**

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Fleiri myndir af meðlimum Sigurrósar í héraðsdómi eru á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**

# Skúli segir auðvelt að vera vitur eftir á

**VIÐSKIPTI** „Ég mun þurfa að lifa með þeim ákvörðunum sem ég tók alla tíð en það sem mér þykir verst er að hafa brugðist öllu því fólki sem stóð með mér og barðist fram í rauðan dauðann við að bjarga félaginu,“ segir í yfirlýsingu sem Skúli Mogensen, stofnandi og forstjóri flugfélagsins WOW air, sendi frá sér í gær. Hann segist ávallt hafa verið sannfærður um að WOW yrði öflugt flugfélag. Það sjáist einna best í fjárfestingum hans í félaginu, upp á fjóra milljarða frá stofnun þess. „Núna er ljóst að ég mun fá lítið sem ekkert af því til baka,“ segir Skúli og bætir við að auðvelt sé að vera vitur eftir á.

Meðal mistaka félagsins hafi verið að ákveða að fljúga til fjarlægari staða og taka í notkun 350 sæta Airbus A330 breiðþotur. „Þetta var háleit sýn og markmið sem við höfðum fulla trú á en þetta reyndist því miður óhemju dýrt og flókið verkefni og við vanmátum hversu alvarlegar afleiðingar breiðþoturnar myndu hafa á rekstur félagsins, sérstaklega eftir að olíuverð fór að hækka hratt á haustmánuðum 2018.“



**Skúli Mogensen á lokametrum WOW.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í öðru lagi hafi félagið fjarlægst lággjaldastefnuna og bætt við viðskiptafarrými og annarri þjónustu sem átti ef til vill ekki heima í slíku módeli.

Skúli vísar til fleiri samverkandi þátta en sem stofnanda og forstjóra félagsins sé ábyrgðin hans.

„Ég hef aldrei skorast undan þeirri ábyrgð né reynt að koma sökinni á aðra.“ **– aá**

+PLÚS



# Rokkstjörnur svara til saka

„Ég er saklaus,“ sögðu meðlimir Sigur Rósar hver á fætur öðrum í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar þeir tóku afstöðu til ákæruatriða í skattsvikamáli sem héraðssaksóknari hefur höfðað á hendur þeim. Fjölmiðlar létu sig ekki vanta við þingfestingu málsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI










MIÐNÆTURSPRENGJA
Í KRINGLUNNI

# RISA
# TAX FREE
# DAGUR

## EINUNGIS Í KRINGLUNNI
## Í DAG 4. APRÍL

**Taxfree* af öllum fatnaði,
öllum skóm, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði
og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Sjá rautt vegna samstarfs við Corbyn

**Harðir Brexit-sinnar innan breska Íhaldsflokksins eru foxillir vegna viðræðna leiðtogans við leiðtoga Verkamannaflokksins. Þau reyna nú að leysa úr pattstöðunni sem myndast hefur á þingi í Brexit-málinu. Tveir ráðherrar sögðu af sér vegna viðræðnanna.**

**BRETLAND** Þingmenn Íhaldsflokksins breska lýstu margir yfir óánægju með það í gær að Theresa May, forsætisráðherra og leiðtogi flokksins, ætti nú í viðræðum við Jeremy Corbyn, leiðtoga Verkamannaflokksins, til þess að leita að sameiginlegri lausn á þeirri pattstöðu sem komin er upp á þingi vegna Brexit-málsins.

Breska þingið hefur í þrígang hafnað útgöngusamningnum sem May gerði við ESB og hefur þingmönnum aukinheldur mistekist að ná saman um aðra nálgun í málinu. Leiðin áfram er því afar óskýr og ekki nema átta dagar í dag þar til aukafrestur Breta til þess að setja fram áætlun rennur út. Takist það ekki fyrir 12. apríl, eða ef ESB fellst ekki á nýja beiðni May um frekari frest, munu Bretar þurfa að ganga út úr sambandinu án samnings. Lítill vilji er fyrir slíku á þinginu.

Að því er kom fram hjá BBC eru harðir Brexit-sinnar innan Íhaldsflokksins allt annað en sáttir við viðræður leiðtoganna tveggja. Boris Johnson, sem sagði af sér sem utanríkisráðherra vegna óánægju með stefnu May á síðasta ári, sakaði May til að mynda um að afhenda Verkamannaflokknum stjórntaumana í Brexit-málinu.

Þá sagði Iain Duncan Smith, fyrrverandi leiðtogi flokksins, að viðræðurnar væru afleit hugmynd. Kallaði Corbyn í þokkabót „marxista sem hefur það eitt að markmiði að valda ríkinu tjóni“.



May ræddi við Corbyn í gær um Brexit-málið en viðræðurnar eru Brexit-sinnum ekki að skapi. NORDICPHOTOS/AFP

Chris Heaton-Harris, ráðherra útgöngumála, sagði af sér í gær, meðal annars vegna viðræðna May og Corbyns. Í yfirlýsingu sinni sagði hann að sem ráðherra væri hann ábyrgur fyrir undirbúningi fyrir samningslausa útgöngu ef af henni verður. Hins vegar hafi May verið staðráðin í því að komast hjá samningslausri útgöngu og því væri starf Heaton-Harris, að hans sögn, tilgangslaust.

Nigel Adams sagði svo af sér sem ráðherra velskra málefna vegna viðræðnanna. Sagði að May væri með þeim að auka hættuna á því að stjórnvöldum mistakist að verða við kröfunni sem Bretar settu fram í þjóðaratkvæðagreiðslunni um útgönguna árið 2016.

Forsætisráðherrann mætti á þingið í gær og svaraði spurningum, líkt og ráðherra gerir alla jafna á miðvikudögum. Þar sagðist hún staðráðin í því að verða við Brexit-kröfunni en minnti á að þingmenn hefðu hafnað hverri einustu tillögu sem lögð hefur verið fyrir þá hingað til. May mun einnig hitta Nicola Sturgeon, fyrsta ráðherra skosku heimastjórnarinnar, sem hefur krafist langrar frestunar og þjóðaratkvæðagreiðslu um samning.

**2**

**ráðherrar sögðu af sér í gær vegna viðræðna May og Corbyns.**

Óvíst er hvort viðræður May og Corbyns beri árangur enda hefur Corbyn ítrekað sett fram kröfur sem May vill ekki verða við. Til að mynda um nýjar þingkosningar eða þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngusamninginn. May sagði í ávarpi á þriðjudag að hún myndi ekki leggja samning sinn til hliðar. Hún væri hins vegar tilbúin til þess að gera breytingar á hinni pólitísku yfirlýsingu sem fylgja þarf samningnum.

Pierre Moscovici, efnahagsmálastjóri ESB, sagði í gær að sambandið myndi tafarlaust innleiða tollvörslu og tolla gagnvart Bretum ef af samningslausri útgöngu verður. Um það væru öll aðildarríkin sammála.

**thorgnyr@frettabladid.is**



VOLVO V60 CROSS COUNTRY AWD

# FRUMSÝNING Á LAUGARDAGINN

Keyrðu á vit ævintýranna í nýjum Volvo V60 Cross Country AWD. Hann hefur sterklegt og glæsilegt útlit, fjórhjóladrif, mikla hæð frá götu, lúxus þægindi, framúrskarandi öryggi og nóg pláss. Allt sem þú þarft til að gera ferðalagið að hreinu ævintýri, hvort sem það er langt eða stutt.

Volvo V60 Cross Country AWD var valinn Bíll ársins á Íslandi 2019 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna.

**Volvo V60 Cross Country AWD verður frumsýndur á laugardaginn, Reykjavík og á Akureyri kl. 12-16.**

**Komdu og reynsluaktu!**

VERÐ FRÁ 6.990.000 KR.

GERÐU ÖLL FERÐALÖG AÐ ÆVINTÝRI




brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Viðræður um kaup tóku örfáa daga

**Greinandi telur að það sé líklega ekki tilviljun að fjárfest sé í Icelandair Group skömmu eftir að WOW air varð gjaldþrota. PAR Capital Management á í þekktum bandarískum flugfélögum.**




Sveinn Þórarinsson greinandi segir að PAR hljóti að vilja koma manni að í stórn Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Viðræður við bandaríska fjárfestingafélagið PAR Capital Management um kaup á 11,5 prósenta hlut í Icelandair Group fyrir 5,6 milljarða króna gengu hratt fyrir sig.

„Þetta gerðist á örfáum dögum,“ segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group, og nefnir að flugfélagið hafi í nokkur ár átt í samtölum við starfsmenn fjárfestingafélagsins án þess að rætt hafi verið um fjárfestingar. „Við höfum ekki markvisst verið að leita að erlendum fjárfestum,“ segir hann.

Að mati Sveins Þórarinssonar, greinanda hjá Landsbankanum, er það líklega ekki tilviljun að PAR Capital Management skuli fjárfesta eftir að WOW air varð gjaldþrota. „Til skamms tíma hefur það bætt rekstrarumhverfi Icelandair Group. Ef ferðaþjónustan á Íslandi heldur áfram að vaxa munu erlend flugfélög horfa til þess að fljúga hingað í meira mæli. Það er hægðarleikur fyrir burðug félög að bæta við flugi nokkrum sinnum í viku til Íslands,“ segir hann.

Á meðal helstu eigna sjóðsins eru bandarísku flugfélögin United Airlines, Delta, Southwest Airlines, JetBlue og bókunarvefurinn Expedia. Bogi Nils segir að það sé traustsyfirlýsing að reyndur fjárfestir í flugrekstri hafi fjárfest í Icelandair Group og íslenskri ferðaþjónustu. „Við þurfum fjölbreyttari flóru fjárfesta á landinu,“ segir hann.

Sveinn segir að kaupin gætu reynt á stjórnendur Icelandair Group því PAR Capital Management gæti kallað eftir breytingum í rekstri fyrirtækisins. Icelandair Group tapaði 55,6 milljónum dollara af rekstri í fyrra, jafnvirði 6,7 milljarða króna.

„PAR Capital Management hlýtur að vilja mann í stjórn Icelandair Group eftir kaupin. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir hafi myndað sér skoðun á hvað þurfi að gera til að koma rekstrinum í rétt horf. Stóra spurningin er að hvað miklu leyti það verður. Sjá þeir tækifæri í hagræðingu, samsetningu flugvélaflotans, frekari vöxt eða í að draga saman seglin um stundarsakir? Kannski eru þeir bara sáttir við sýn og stefnu núverandi stjórnenda. Það verður fróðlegt að fylgjast með því. Það hefur aðeins skort á að hluthafar hafi skýra framtíðarsýn á rekstur Icelandair Group. Vonandi breytist það með þessum kaupum. Þetta ferli mun taka nokkurn tíma, það á eftir að boða til hluthafafundar og kjósa í stjórn og þá kemur í ljós hvort breytingar verða,“ segir Sveinn.

> **Við höfum ekki markvisst verið að leita að erlendum fjárfestum.**
>
> Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group

Bogi Nils segir að ekki hafi verið rætt um hvað þurfi að bæta í rekstri Icelandair Group. „Ég tel að þeir væru ekki að fjárfesta í fyrirtækinu ef þeir hefðu ekki trú á því sem við erum að gera; viðskiptamódelinu, stjórnendahópnum og svo framvegis.“

PAR Capital Management mun leggja Icelandair Group til 5,6 milljarða króna af nýju hlutafé. Kaupverðið samsvarar meðaldagslokagengi síðustu þriggja mánaða. Icelandair Group mun boða til hluthafafundar sem haldinn verður 24. apríl.

Bogi Nils segir að það sé verið að styrkja efnahag Icelandair Group „til að takast á við tækifærin sem eru á borðinu“. Efnahagurinn þurfi að vera burðugur til að mæta óvæntum áföllum sem ekki sé hægt að hafa stjórn á.

Á aðalfundi Icelandair Group í mars kom fram að það komi til greina að Icelandair Group efni ekki til hlutafjárútboðs að svo stöddu gangi salan á Icelandair Hotels vel og það verði ekki frekari breytingar á samkeppnisumhverfinu. Bogi Nils segir að nú hafi orðið verulegar breytingar á samkeppnisumhverfinu. „Það er ekki síst þess vegna sem við erum að fara í hlutafjáraukningu,“ segir hann.

helgivifill@frettabladid.is





**OPEL VIVARO**
Nýskráður: 2016 / Dísel
Beinskiptur / Ekinn: 85.000 km.
Verð. 3.690.000 kr.
**Tilboð: 2.590.000 kr.**




**HONDA CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður: 2007 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 189.000 km.
Verð. 1.490.000 kr.
**Tilboð: 1.290.000 kr.**

**Gott úrval notaðra bíla | benni.is**




**OPEL ASTRA NOTCHBACK**
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 39.000 km.
Verð. 1.990.000 kr.
**Tilboð: 1.690.000 kr.**




**OPEL ASTRA ST INNOVATION**
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 1.000 km.
Verð. 4.690.000 kr.
**Tilboð: 3.990.000 kr.**




**RENAULT MEGAN**
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 24.000 km.
Verð. 2.490.000 kr.
**Tilboð: 2.990.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON**
Nýskráður: 2014 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 110.000 km.
Verð. 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.690.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI DLX**
Nýskráður: 2016 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
**Verð: 2.490.000 kr.**




**MAZDA CX-3 OPTIUM**
Nýskráður: 2015 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 18.000 km.
**Verð: 2.590.000 kr.**




**OPEL AMPERA**
Nýskráður: 2012 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 40.000 km.
**Verð: 2.490.000 kr.**




**SSANGYONG KORANDO DLX**
Nýskráður: 2018 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 9.000 km.
**Verð: 4.190.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON HLX**
Nýskráður: 2015 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 67.000 km.
**Verð: 3.450.000 kr.**




**VOLVO S60**
Nýskráður: 2013 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 88.000 km.
**Verð: 2.390.000 kr.**

* Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Bílabúð Benna | **Kíktu í sýningarsali okkar**

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

# Gólfefnadagar

**26. mars - 6. apríl**




**Yfir 100 tegundir flísa**
Veggflísar frá **950** kr. m²
Gólfflísar frá **950** kr. m²
Bílskúrsflísar frá **1.490** kr. m²

## FLÍSAR OG PARKET

**MÚRBÚÐARVERÐ**



**HARÐPARKET**
8mm frá **1.490** kr. m²
10mm frá **2.590** kr. m²
12mm frá **2.490** kr. m²
Undirlag frá **176** kr. m²





CERAVIVA SN #2

## Flísalím & fúga á flottu verði!




**MUREXIN Profiflex flísalím**
Vatnsþétt og frostþolið flísalím, inni, úti, votrými og yfir hitalagnir.
Þyngd: 25kg
Verð **2.590** kr.




**MUREXIN FM 60 Flexfúga**
Frostþolin flísafúga
Margir litir
Þyngd: 2kg
Verð: **795** kr.
Einnig til í 8 kg, verð **2.140** kr.
Einnig til í 25kg, verð **2.890** kr.

## DÚKUR Í DÓS




**MUREXIN rakaþéttikvoða**
Frábær kvoða fyrir votrými.
7kg – **5.290** kr.
14kg – **8.190** kr.
25kg – **14.290** kr.



CERAVIVA NERO SN #4

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |
| | Sími 412 2500 - | sala@murbudin.is - www.murbudin.is |

netgíró

**MÚRBÚÐIN**
*Gott verð fyrir alla, alltaf!*



# Eitt af stóru málum ársins

Stjórnvöld standa frammi fyrir þeirri staðreynd að meðalaldur fólks fer hækkandi með ári hverju. Mikil fjölgun hefur orðið í aldursflokki aldraðra og segir landlæknir málaflokkinn vera áskorun enda hafi lengi verið vandi á Landspítala.

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is

# Brýnt að einfalda kerfið til muna

Málaflokkur eldri borgara er flókinn og ber þessi merki að heildarsýn hafi skort í gegnum árin. Þó að margt sé mjög vel gert eru einnig margir þættir þar sem þarf verulega að gefa í enda kerfið brotakennt og erfitt að hafa yfirsýn yfir þá þjónustu sem í boði er. Þetta segir Steinunn Þórðardóttir, öldrunarlæknir á Landakoti.

„Það er ótvírætt að á Landspítalanum liggur fjöldinn allur af einstaklingum sem komnir eru með samþykki fyrir hjúkrunarrými en geta ekki útskrifast þangað vegna skorts á plássum og ílengjast því á spítalanum,“ segir Steinunn. Þetta sé ekki ákjósanlegt fyrir þessa einstaklinga þar sem umhverfi bráðasjúkrahúss henti þeim illa. „Á bráðadeildum er oft erill allan sólarhringinn, flytja þarf fólk milli sjúkrastofa, það er útsett fyrir spítalasýkingum o.fl. Eins er pláss á bráðasjúkrahúsi mun dýrara úrræði en pláss á hjúkrunarheimili. Þetta veldur legurýmaskorti á sjúkrahúsinu, fólk sem þarf sannanlega innlögn getur verið fast á bráðamóttökunni dögum saman. Eins er lítið svigrúm til að taka fólk beint inn á deildir úr heimahúsi, þar með talið einstaklinga með heilabilun þar sem allt er komið í þrot heima.“

Steinunn segir það vel að stjórnvöld séu áhugasöm um að gera betur í málefnum aldraðra og hafi haft vítt samráð við bæði notendur og veitendur þjónustu við þennan hóp.

„Nú er í gangi vinna við stefnu í málefnum fólks með heilabilun og er það stórt skref í rétta átt. Sambærileg stefnumótun þarf að eiga sér stað á fleiri sviðum málaflokksins og þar þarf að taka með í reikninginn fyrirsjáanlega fjölgun í elstu aldurshópunum á næstu árum.“

Verkefnið sem Steinunn telur brýnast er að stórauka þjónustu við eldra fólk í heimahúsi í samráði við heilsugæsluna, sem þyrfti að fá svigrúm og fjármagn til verksins. Efla þurfi heimahjúkrun verulega og einnig að bjóða fleiri dagþjálfunarúrræði.

„Það hefur sýnt sig að kerfisbundin heilsuefling í elstu aldurshópunum skilar undraverðum árangri og eru ýmis slík tilraunaverkefni þegar í gangi hérlendis og mikil sóknarfæri þar. Eins væri mjög æskilegt að bjóða fleiri millistig milli búsetu í heimahúsi og á hjúkrunarheimili, til dæmis að bjóða valkost um sambýli fyrir þá sem eru félagslega einangraðir eða þurfa eftirlit en ekki mikla hjúkrun,“ segir Steinunn.

Að lokum þyrfti að einfalda kerfið til muna. Í dag eru ótal rekstraraðilar þjónustu við aldraða, meðal annars ríki, sveitarfélög, félagasamtök, sjúklingasamtök og einkafyrirtæki.

„Þetta er frumskógur fyrir þá sem starfa innan kerfisins alla daga, hvað þá fyrir utanaðkomandi. Það þarf að vera skýrt hvað er í boði, hvernig sótt er um og mikilvægt að það séu ekki margir biðlistar eftir svipuðum úrræðum í gangi. Eins er afar brýnt að bregðast við útskriftarvanda spítalans, því að það tapa allir á stöðunni þar eins og hún er í dag. Það þarf að koma á hvata til að fólk fái rétta tegund þjónustu á réttum tímapunkti.“

**Í dag eru 42 einstaklingar á sjálfum spítalanum sem klárað hafa meðferð þar og eru að bíða eftir hjúkrunarrými. Þar fyrir utan eru 45 einstaklingar á biðdeild spítalans á Vífilsstöðum að bíða eftir hjúkrunarrými, þannig að þetta eru samtals 87 manns á bið á vegum spítalans.**

## Leggja þurfi áherslu á fjölmarga þætti

Fjölgun aldraðra og hækkun meðalaldurs er áskorun, segir Alma Dagbjört Möller landlæknir. Hún segir að málefni aldraðra hafi verið sett í forgang og að það verði eitt af áherslumálum ársins.

„Þetta er eitt af því sem ráðherra hyggst beita sér fyrir og gaf í fyrra út fyrirheit um uppbyggingu hjúkrunarheimila. Við þurfum að takast á við þessa áskorun sem málefnið er,“ segir Alma.

Í desember kom út hlutaúttekt vegna alvarlegrar stöðu á bráðamóttöku og kom þar fram að of margir bíði inni á Landspítala eftir þjónustu.

„Það er auðvitað ekki gott fyrir hinn aldraða að vera á röngum stað í kerfinu. Það er öðruvísi hugsað um aldraða á bráðasjúkrahúsi en á hjúkrunarheimili. Það eru miklu meiri gæði fyrir hinn aldraða að vera á hjúkrunarheimili. Þetta er ekki gott fyrir kerfið í heild líkt og við bendum á og drögum fram í þessari athugun.“

Eins brýnt og það er að fjölga hjúkrunarheimilum þarf einnig að leggja áherslu á marga aðra þætti, líkt og heimahjúkrun og heimaþjónustu, dagdvalarúrræði og samhæfingu á öldrunarþjónustu almennt. Síðast en ekki síst á heilsueflingu eldri borgara.

„Við hjá embættinu erum með verkefni sem nefnist Heilsueflandi samfélag. Það skiptist í heilsueflandi leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, vinnumarkaðinn og eldri borgara. Við höfum verið að vinna það í samstarfi við Janus Guðlaugsson en hann er með ýmis verkefni tengd hreyfingu fyrir eldri borgara. Það er margt sem kemur út úr því, ekki bara áhrif á líkamann heldur einnig samvera. Við vitum að einmanaleiki er oft vandamál hjá eldri borgunum og því fylgir þunglyndi, kvíði og fleira. En bara það að hinn aldraði sinni líkamlegri hreyfingu viðheldur það og jafnvel eykur færni og styrk, þannig að fólk geti verið lengur heima,“ segir Alma.

„En hvað þennan málaflokk varðar finnst mér vitund manna vera að vakna.“



**Hvað þennan málaflokk varðar finnst mér vitund manna vera að vakna.**

Alma Dagbjört Möller landlæknir



## Þurfi annað orð en flæðivanda

Lega aldraðra á Landspítala hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. Vandamálið hefur hlotið nafnið „flæðivandi“ sem Steinunn telur ekki æskilegt að nota og vill reyna að breyta.

„Mér finnst óheppilegt að tala um flæðivanda þar sem um er að ræða einstaklinga sem þurfa á aðstoð heilbrigðiskerfisins að halda á efri árum eftir að hafa lagt sitt af mörkum til samfélagsins alla tíð. Orðið flæðivandi fær mann til að hugsa um einstaklinga sem stíflu eða hindrun á einhverju óskilgreindu færibandi og mér finnst þessi hópur ekki eiga skilið að rætt sé um hann á þann hátt.“

**Þetta er frumskógur fyrir þá sem starfa innan kerfisins alla daga, hvað þá fyrir utanaðkomandi.**

Steinunn Þórðardóttir, öldrunarlæknir



**Of margir bíða inni á Landspítala eftir að fá viðeigandi þjónustu.**

UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU



# GLÆNÝR MAZDA3

**AKSTURSEIGINLEIKAR SAMEINA MANN OG BÍL**

Markmið verkfræðinga Mazda er að gera mann og bíl að einu við aksturinn en á japönsku útleggst það sem Jinba Ittai, forn japönsk hugmyndafræði, eða „maður og hestur verða eitt“. Nýjasta SkyActiv bíltækni Mazda3 leysir þetta á magnaðan hátt sem þú upplifir strax í fyrsta akstri. G-VECTORING PLUS akstursstjórnunartæknin er önnur kynslóð þessa afar fullkomna kerfis. Kerfið skynjar fyrirætlanir ökumannsins eins og hesturinn skynjar knapann sem leiðir til einstakrar upplifunar ökumanns og farþega. Prófaðu.

**FRAMÚRSKARANDI SAMSKIPTATÆKNI**

Nýtt stafrænt mælaborð auðveldar aksturinn ásamt uppfærðum 8,8″ skjánum sem er vel staðsettur til að trufla ekki aksturinn. Samskiptatæknin Mazda-Connect hefur verið endurhönnuð og er nú hraðvirkari og hjálpar þér að fylgjast með umferðinni. Bose hljómtækin skila einstökum hljómi með tólf hátölurum sem eru staðsettir á úthugsuðum stöðum í farþegarýminu. Apple CarPlay, Android Auto og GPS vegaleiðsögn eru staðalbúnaður í nýjum Mazda3. Vertu í sambandi.

**FÖGUR HÖNNUN OG EINSTAKT SAMSPIL GÆÐAEFNA INNRÉTTINGAR**

Ytri hönnun Mazda3 er einstaklega fögur þar sem flæðandi línur, ljósabúnaður og margvísleg önnur natni við smáatriði gefa bílnum einstaka lúxusásýnd. Þegar inn er komið upplifir þú magnaða hönnun innréttingar með samspili gæðaefna með einstakri áferð sem gælir við skynfærin. Mazda3 býður upp á einstaklega hljóðlátt innra rými þar sem veghljóð hefur verið lágmarkað. Snertu og prófaðu.

**Verð frá 3.490.000 kr.**

UPPLIFÐU EINSTAKA TILFINNINGU
KOMDU OG PRÓFAÐU!

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

BRIMBORG REYKJAVÍK | BÍLDSHÖFÐA 8 | SÍMI 515 7040 • BRIMBORG AKUREYRI | TRYGGVABRAUT 5 | SÍMI 515 7050


Kringlan
Kviss, bamm, BÚMM!
MIÐNÆTUR SPRENGJA
KL.10–24
20–70%
AFSLÁTTUR
– YFIR 100 VERSLANIR –
Fullt af allskonar á afslætti og aragrúi skemmtiatriða fram eftir kvöldi.
Veitingar í fljótandi og föstu formi - allt frá pizzusneiðum til partýdrykkja.
BARNADAGSKRÁ KL.17–19
ANDLITSMÁLUN og BLÖÐRUGERÐARMENN
Kátir krakkar fá EMMESS ÍS
ÍÞRÓTTAÁLFURINN stjórnar PÁSKABINGÓ.
Glæsilegir vinningar frá Hagkaup og Kringlunni.
KAFFI frá Kaffitár fyrir pabba og mömmu
KVÖLDDAGSKRÁ FRÁ KL.19
Kl. 20:00 ARNAR syngur á kampavínsbarnum 2.hæð
Kl. 20:30 A STAR IS BORN atriði – Svenni Þór og Stefanía Svavars
Kl. 21:00 SIGGA KLING spáir fyrir gestum
Kl. 22:00 GDRN og FLÓNI skemmta
DJ ANNA RAKEL heldur uppi fjörinu allt kvöldið
A STAR IS BORN
OPIÐ Í DAG TIL MIÐNÆTTIS
Skannaðu kóðann eða farðu á kringlan.is til að finna
nánari dagskrá, tilboð og afslætti á Miðnætursprengju.


KONTOR REYKJAVÍK

# Að „berjast“ við aldurinn

Það er ljóst að öll eldumst við, en það er ekki sama hvernig við förum að því. Sumir verða gamlir fyrir aldur fram, aðrir eru alltaf ungir burtséð frá hrukkunum og hrörnuninni sem á sér stað með tímanum. Þá eru þeir sem eru svo heppnir að halda heilsu og vera virkir, á meðan hinir slitna og veikjast. Allt er þetta hluti af lífinu, en það er líka val hvers og eins upp að vissu marki. Samspil andlegrar og líkamlegrar vellíðunar er flestum augljóst og óteljandi atriði sem geta haft áhrif á hvort tveggja.

Það er eitthvað fallegt við það að sjá fólk njóta lífsins, sama á hvaða aldri það er. Því fylgir líka oft öfund og vanlíðan hjá þeim sem annars vegar ekki tekst það og svo hinum sem geta það ekki einhverra hluta vegna. Svo eru það sigurvegararnir sem láta ekki brjóta sig niður og neita að gefast upp þótt á móti blási. Heilsan skiptir okkur öll gríðarlegu máli og okkur hættir til að þykja það sjálfsagt að geta gengið, borðað, talað, sofið og hugsað skýrt. Það er ekki fyrr en við missum eitthvað sem við áttum okkur á því hversu mikilvægt það var okkur.

Margir þeirra sjúkdóma sem valda færniskerðingu eru mjög vaxandi í vestrænum samfélögum sem sjá fram á verulega áskorun þegar kemur að þjónustu og meðferð. Þar má telja Alzheimer, aðra minnistruflunar- og hrörnunarsjúkdóma líkt og Parkinson svo dæmi séu tekin. En þessir hópar einstaklinga þurfa að horfa til þess eftir greiningu hvað þeir geta gert og aðstandendur þeirra þar sem augljóst er að sjúkdómurinn mun þróast.

Hluti af því að taka stjórn á eigin lífi og líðan felst í núvitund og æðruleysi auk þess að láta gott af sér leiða sem oftast. Það þarf ekki að vera merkilegt, oft er nóg að sýna áhuga, spyrja spurninga, brosa, taka utan um náungann og hrósa. Nýta þau tækifæri sem gefast til að hlæja og varðveita barnið í sjálfum sér. Þessi einföldu atriði skipta máli til viðbótar við mataræði og hreyfingu að sjálfsögðu. Hluttekning í lífi hins aldraða er mikilvæg burtséð frá því hvaða sjúkdóm hann glímir við, nánd og nærvera ættingja er mikilvæg í þessu tilliti og mikil næring.

Í stað þess að berjast við aldurinn ættum við að fagna honum, nýta reynsluna sem honum fylgir og vera vakandi yfir þeim breytingum sem eiga sér stað með virkum forvörnum. Sinna bæði líkama og sál, sumt þarfnast áreynslu og áræðni, en í raun eiga sömu leiðbeiningar við um unga sem aldna. Sem dæmi má nefna:

Hjarta-, vöðva- og jafnvægisþjálfun helst þrisvar í viku. Dagleg samskipti við annað fólk. Hugarleikfimi og minnisþjálfun, lærðu helst eitthvað nýtt á hverjum degi. Borðaðu almennt hollt en njóttu þess að sukka af og til. Ekki nota tóbak, drekktu áfengi í hófi og passaðu að fá þinn svefn. Stundaðu reglubundið kynlíf, leitaðu aðstoðar ef þarf. Segðu frá ef þér líður illa og leyfðu öðrum að njóta þess með þér þegar þér líður vel. Umfram allt gefðu bros, því það kostar ekkert!

Þú ræður því hvernig þér líður, elskaðu sjálfan þig svo þú getir elskað aðra og vertu ekki að velta fyrir þér á hvaða aldri þú ert. Njóttu tímans og stundarinnar í botn, það er það sem lífið gengur út á!

**Hluti af því að taka stjórn á eigin lífi og líðan felst í núvitund og æðruleysi auk þess að láta gott af sér leiða sem oftast.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Eldri borgarar oft sérfræðingar í lífinu

Ingrid Kuhlman er þjálfari og ráðgjafi og jafnframt framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar. Hún gerði nýverið rannsókn við Buckinghamshire háskóla í Bretlandi meðal eldri borgara á Íslandi um það hvað hamingja væri fyrir þeim. Hún ræddi við 13 manns á aldrinum 70-91 árs.

„Það var áhugavert að heyra hvað þau höfðu að segja. Þetta er eldra fólkið okkar, sérfræðingar í lífinu, sem er búið að ganga í gegnum súrt og sætt og hefur upplifað margt á sinni lífsleið. Við getum lært fullt af því,“ segir Ingrid. „Við þurfum að hlúa betur að þessum hópi. Það eru gerðar bæði miklar og litlar væntingar til eldri borgara að þeirra mati. Annars vegar að borga reikninga og vera til friðs, vera ekki baggi á samfélaginu en á sama tíma að vera til taks og passa barnabörn, skutla þeim og veita börnum sínum húsaskjól. Eldri borgarar þurfa að sitja við sama borð þannig að engar ákvarðanir séu teknar án þeirra. Það þarf að hlusta betur á þá og meta verðleika þeirra og reynslu.“

Þátttakendur í rannsókn Ingrid voru á sama máli um að hamingja væri eitthvað sem við sköpuðum sjálf. „Þau sögðu að maður gæti ekki bara beðið eftir hamingjunni. Maður þarf að vera sinn gæfusmiður og vera höfundur að eigin lífi,“ segir Ingrid. „Viðmælendur mínir ræddu einnig hvað það er mikilvægt að hafa jákvætt viðhorf, sætta sig við það sem maður hefur og gera það besta úr hlutunum. Það eru ekki aðrir sem eiga að skapa okkar hamingju heldur við sjálf.“

Viðmælendur sögðu það afar mikilvægt að rækta tengsl við ástvini og fólkið í kring, þá sem manni þykir vænt um. „Þau töluðu um þrjá hópa, fjölskylduna, börn og barnabörn og maka, svo ættingja og loks tengslanetið.“

Ingrid segir viðmælendur hafa verið meðvitaða um að hópurinn í þeirra aldursflokki væri að stækka og að þau þyrftu að huga vel að eigin heilsu til að bæta eigin lífsgæði.

„Það er andlegur, félagslegur, og líkamlegur ávinningur af því að stunda reglulega líkamsrækt. Hún bætir svefn og léttir lundina en eykur einnig félagslega vellíðan, því oft stundar fólk líkamsrækt í hópi. Þetta hangir allt saman.“

Þá kom fram að gott væri að taka þátt í félagsstörfum og mikilvægi þess að finna fyrir því að hafa tilgang og merkingu í lífinu. „Að vera einhvers virði fyrir annað fólk. Stuðla að vellíðan annarra með því til dæmis að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi. Vera virkur þátttakandi í samfélaginu og láta gott af sér leiða,“ segir Ingrid.

„Einnig töluðu þau mörg hver um hvað það væri gott að halda áfram að læra og hafa eitthvað sem fangar hugann á hverjum degi, huga að áhugamálum svo sem listmálun, lesa bækur og ferðast. Það er svo gott að hafa eitthvað fyrir stafni og hlakka til einhvers sem veitir manni lífsfyllingu.“





Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar.

## Margir sem hafa unun af því að vinna lengur

„Nú er ég að fara að hætta að vinna, hvað gerist þá?“ Þetta er spurning sem vaknar hjá þeim sem eru við það að komast á ellilífeyrisaldur. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, segir að fólk þurfi að byrja að hugsa út í það snemma hvaða þýðingu starfslok hafi, í raun ekki seinna en um fimmtugt.

„Flest stærri fyrirtæki halda starfslokanámskeið fyrir verðandi eldri borgara þar sem kynningar fara fram en það er oft orðið of seint. Við þurfum að auka fræðslu um starfslok og sérfræðingar þurfa að leiðbeina fólki þannig að þekking verði meiri um lífeyrissjóðina,“ segir Þórunn, auk þess sé mikil umræða um breytingar á eftirlaunaaldri.

„Við teljum eftirlaunaaldurinn algjörlega úreltan. Það hefur nú þegar fallið eitthvað af dómum erlendis um að það sé brot á jafnræðisreglunni og ákveðin mannréttindaskerðing að banna fólki að vinna eftir 70 ára aldur.“

Fólk á atvinnumarkaði með sérstöðu hefur fengið undanþágu til atvinnuþátttöku þótt komið sé á eftirlaunaaldur, svo sem sérgreinalæknar sem eru með stofu. Á almennum vinnumarkaði og í sjálfstæðum rekstri eru ekki jafn strangar reglur hvað eftirlaunaaldur varðar en starfi fólk hjá ríki eða borg er viðkomandi bundinn við 70 ára aldurstakmarkið.

„Það er ótrúlega mikill fjöldi fólks sem hefur unun af því að vinna lengur, ekki endilega fullt starf í öllum tilvikum en vissulega að vera lengur úti á vinnumarkaði,“ segir Þórunn. „Við viljum líka hvetja Íslendinga til að vera duglegri í að gerast sjálfboðaliðar. Við erum langt á eftir öðrum þjóðum í þeim málum. Í Danmörku starfa um 43% eldri borgara við sjálfboðaliðastörf en ég giska á að á Íslandi séu þeir 10-15%. Við ætlum að vekja athygli á þessu á næstunni.“

**Við teljum eftirlaunaaldurinn algjörlega úreltan.**

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Landssamtaka eldri borgara



# Vannæring vandamál meðal margra

Það er staðreynd að samvirkni hreyfingar og hollrar næringar hægir á öldrunarferlinu. Aukin hreyfing og þjálfun geta seinkað því ferli að aldraðir þurfi á þjónustu að halda.

„Fyrir hvern dag eða mánuð sem fólk getur seinkað því að flytja inn á hjúkrunarheimili þá er til mikils að vinna, bæði fyrir lífsgæði einstaklingsins og ekki síður fyrir samfélagið,“ segir Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu.

Hann segir að þegar fólk sé komið inn á hjúkrunarheimili þurfi það yfirleitt mikla þjónustu og margir séu talsvert veikburða. „Þjónustan sem við erum að veita er til að viðhalda lífsgæðum fyrir íbúana okkar í samræmi við getu, óskir og þarfir.“

Pétur segir að vannæring sé stærsta áskorunin í þjónustunni við aldraða. „Stærsta vandamálið hjá eldra fólki á Íslandi varðandi næringu er hjá þeim sem búa í heimahúsum. Fólk sem býr við félagslega einangrun og er ekki duglegt að elda fyrir sjálft sig á það til að borða mat sem er einhæfur ef það yfir höfuð eldar,“ segir Pétur.

„Á hjúkrunarheimilum eru margir sem þyngjast eftir að hafa verið illa nærðir á meðan þeir voru í biðtíma heima hjá sér.“ Aðspurður segir Pétur að maturinn sem boðið er upp á á Hrafnistu miðist við áhuga íbúa. Í augum yngra fólks kunni maturinn stundum að hljóma gamaldags. Taka þurfi tillit til þess að breytingar geta orðið á bragðupplifun vegna lyfja, sjúkdóma og fleira. Auk þess glíma margir við depurð og þreytu sem veldur því oft að matarlystin minnki sem eykur hættuna á vannæringu.

„Þegar einstaklingur er kominn svo langt í lífinu þá er viðkomandi ekki að fara að breyta um lífsstíl. Fólk fær hér bara að njóta lífsins, innan skynsamlegra marka auðvitað. En við þurfum að vera dugleg að fylgjast með hópnum sem býr hjá okkur og taka tillit til þarfa fólksins enda er smekkur fólks mismunandi.“



Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu.



Fermingartilboð
20%
Vango Beta 350XL
3000mm vatnsheldni
Tilboðsverð 31.196,-
20%
Vango Tempest 200
5000mm vatnsheldni
Tilboðsverð 31.996,-
20%
Vango Alpha 250
3000mm vatnsheldni
Tilboðsverð 15.996,-
Silva Ranger S
Verð 5.495,-
30%
Skíðapakkar
tilboðsverð
frá 34.010,-
20%
Head Vico
Tilboðsverð 11.996,-
20%
Gregory Zulu 30
Tilboðsverð 19.196,-
20%
Gregory Zulu 35
Tilboðsverð 20.796,-
20%
Head Infinity FMR
Tilboðsverð 11.676,-
20%
Mammut Kompakt Down 3-season
Tilboðsverð 42.396,-
20%
Mammut Kompakt MTI 3-season
Tilboðsverð 23.996,-
20%
Vango Nitestar 250
Tilboðsverð 7.676,-
20%
Gregory Jade 33
Tilboðsverð 20.796,-
20%
Gregory Jade 38
Tilboðsverð 22.396,-
Vango Freedom 60+20
Verð 22.995,-
MAMMUT SWISS 1862
HEAD
PRIMUS
HILLEBERG THE TENTMAKER
Vango
RUDY PROJECT
GREGORY
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is

# TILVERAN

## Fasteign vikunnar

### úr Fasteignablaði Fréttablaðsins







Tæplega 400 fm einbýlishús á besta stað við Sóleyjargötu 29 í 101 Reykjavík. Húsið er mjög virðulegt með 10 gistiherbergi og þar af fimm herbergi með sér baðherbergi inn af herberginu með sturtu og upphengdu salerni. Önnur herbergi eru með aðgangi að nýuppgerðum baðherbergjum. Sauna á þakhæð, þaksvalir með heitum potti og fallegu útsýni til suðurs og vesturs. PWC-dúkur á svalagólfi. Húsið er mikið endurnýjað á vandaðan og smekklegan hátt með virðingu fyrir uppruna þess en það var byggt fyrir Thor Thors árið 1933.




Ársfundur Byggðastofnunar 2019

verður haldinn fimmtudaginn 11. apríl kl. 13:00 á Kaffi Rauðku, Siglufirði

Dagskrá

13:00 Ávarp formanns stjórnar Byggðastofnunar – Illugi Gunnarsson

13:15 Ávarp ráðherra – Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

13:30 Starfsemi Byggðastofnunar – Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri

13:45 Afhending Landstólpans, samfélagsviðurkenningar Byggðastofnunar

14:00 Ferðumst saman – í átt að heildstæðu kerfi almenningssamgangna – Árni Freyr Stefánsson, sérfræðingur hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

14:30 Staða og væntingar fyrirtækja í landsbyggðunum: Helstu niðurstöður fyrirtækjakönnunar 2018 kynntar. – Vífill Karlsson atvinnuráðgjafi og dósent, og Margrét Björk Björnsdóttir forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands

15:00 Er verðmætasköpun í landsbyggðunum öðruvísi? – Hilmar Janusson forstjóri Genís

15:30 Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPA)
Þátttaka Íslands í NPA – Sigríður Elín Þórðardóttir sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar
SmartFish, vöktun vörunnar í framleiðslu og flutningi – Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir rektor LBHÍ
Mönnun sérhæfðra starfa í dreifbýli – leiðir til árangurs – Hildigunnur Svavarsdóttir framkvæmdastjóri SAK
Stafræn leið – áskoranir fyrirtækja fjarri markaði – Sveinbjörg Pétursdóttir atvinnuráðgjafi SSNV

16:30 Fundarlok

Allir velkomnir

BYGGÐASTOFNUN





# Vikan

**Í vikunni bar hæst að átökum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda lauk með samningi, andlát baráttukonunnar Sigrúnar Pálínu Ingvarsdóttur og aprílgöbb sem hrekktu marga. Mál málanna var þó gjaldþrot WOW air.**

## Fall WOW air

Flugfélagið WOW air hætti starfsemi að morgni fimmtudagsins í síðustu viku í kjölfar fjárhagserfiðleika. Flugrekstrarleyfinu var skilað inn og öllu starfsfólki sagt upp. Alls misstu 1.100 manns vinnuna í einni stærstu hópuppsögn hér á landi. Alls fékk Vinnumálastofnun rúmlega þúsund umsóknir um atvinnuleysisbætur á fjórum sólarhringum.

Ríkisstjórnin virkjaði aðgerðaáætlun sem fólst í því að koma öllum til síns heima. Nokkur reiði ríkti í samfélaginu, þá sérstaklega hjá fyrrverandi starfsfólki WOW, vegna þess að ríkisstjórnin skyldi ekki koma flugfélaginu til bjargar. Ráðgjafar ríkisstjórnarinnar höfðu mælt eindregið gegn því.

Ekki eru öll kurl komin til grafar. Skiptastjórar hafa gefið kröfuhöfum fjóra mánuði til að lýsa yfir kröfum í þrotabúið, telja þeir ólíklegt að eitthvað fáist upp í allar kröfur, þar á meðal launakröfur. Óljóst er hver áhrifin verða á ferðaþjónustuna, sem og þjóðarbúið, til lengri og skemmri tíma.

## Aprílgöbb

Margir fjölmiðlar og ýmis fyrirtæki létu landsmenn hlaupa apríl á mánudaginn.

Fréttablaðið sagði fólki að stilla sér upp í einfaldri röð við strætóskýli til að eiga möguleika á að fá far með eðalbílum sem kæmu í staðinn fyrir strætisvagna í verkfalli. Morgunblaðið vildi fá fólk í súkkulaðiverksmiðjuna Freyju til að smakka súkkulaðimola fyllta með béarnaise-sósu. Vísir.is reyndi að plata aðdáendur Krúnuleikanna upp í Öskjuhlíð. DV vildi fá fólk inn á skrifstofu sína til að skoða Klaustursamning Báru og Framsóknarflokksins. Coca-Cola vildi líka fá fólk til sín að smakka Coca Cola Zero með brokkólíbragði.

Aprílgabb Heimkaupa fékk síðan nokkra fjölmiðla, þar á meðal RÚV, til að hlaupa apríl með því að tilkynna að bandaríska verslunarkeðjan Target hefði keypt netverslunina. Þeir sem hlupu fengu 10 prósent afslátt.

Óvíst er hversu margir féllu fyrir göbbunum í ár enda vilja fáir auglýsa slíkt.





## Sigrún Pálína lést

Sigrún Pálína Ingvarsdóttir, þroskaþjálfi og brautryðjandi í baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi, lést í vikunni 63 ára að aldri á sjúkrahúsi í Danmörku eftir erfið veikindi.

Sigrún Pálína, eða Pála eins og hún var alltaf kölluð, fæddist í Reykjavík þann 8. nóvember árið 1955. Foreldrar hennar voru þau Ingvar Alfreð Georgsson og Elísabet Óskarsdóttir.

Pála varð landsþekkt er hún steig fram og sakaði Ólaf Skúlason biskup um kynferðisofbeldi. Hún sýndi mikla þrautseigju og hugrekki með því að segja sögu sína, þrátt fyrir ítrekaðar og öflugar þöggunartilraunir. Eftir áratuga baráttu tókst henni að fá viðurkenningu kirkjunnar á misgjörðunum sem hún var beitt.

Hún lætur eftir sig eiginmann, þrjú börn og sjö barnabörn.

## Samningar náðust

Kjarasamningar Samtaka atvinnulífsins og VR, Eflingar, VLFA, VLFG, Framsýnar og LÍV auk samflotsfélaga innan Starfsgreinasambandsins voru undirritaðir í gær í húsnæði ríkissáttasemjara. Um er að ræða mjög flókna samninga þar sem margt spilar inn í. Meðal þess sem þeir hafa í för með sér eru 90 þúsund króna hækkun á lágmarkslaunum fram til ársins 2022.

Báðir aðilar eru sáttir við samninginn en fyrr í vor blöstu við langdregin átök með tilheyrandi verkföllum. Formaður VR sagði að fall WOW air hefði þjappað hópnum saman.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði þær meginlínur sem aðilar vinnumarkaðarins hefðu náð saman um ríma vel við yfirlýsingu stjórnvalda. „Við erum að horfa á töluverðar samfélagslegar umbætur. Sumt höfum við kynnt á fyrri stigum eins og uppbyggingu á félagslegu húsnæðiskerfi, lengingu fæðingarorlofs, skattatillögur og fleira.“






## GUERLAIN DAGAR 04.–10. APRÍL

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GUERLAIN VÖRUM**

Komdu og upplifaðu nýjustu Aqua Allegoria ilmina.

HAGKAUP *Meira svona alla daga*

## Níu prósentin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Ákveðnum hópi Íslendinga þóknast greinilega málflutningur og áherslur Miðflokksins því samkvæmt nýrri skoðanakönnun Gallup eykst fylgi við flokkinn og er nú komið upp í 9 prósent. Í nýrri stjórnmálaályktun Miðflokksins segir að flokkurinn starfi á miðju íslenskra stjórnmála, nokkuð sem hefur farið framhjá þorra landsmanna því í flokknum dafnar aðallega afturhald og þjóðremba. Þannig verður Miðflokkurinn seint flokkaður sem frjálslyndur miðjuflokkur.

Það flokkast allavega varla sem frjálslyndi að óttast erlend áhrif svo mjög að telja vart hættandi á að leggja sér erlent kjöt til munns enda grasseri þar vísast alls kyns hættuleg sníkjudýr sem geti jafnvel orsakað persónuleikabreytingar. Einmitt þessu hélt formaður Miðflokksins fram fyrir fáum árum. Ekkert bendir til að hann hafi skipt um skoðun. Innan þingflokksins er eins og ofsahræðsla sé grasserandi þegar til umræðu er að leyfa innflutning á fersku kjöti. Stórhætta er sögð steðja að þjóðinni verði það leyft. Þessi málflutningur skilar flokknum einhverjum slatta af kjósendum.

Ekki draga þingmenn flokksins heldur úr hræðsluáróðrinum þegar kemur að þriðja orkupakkanum heldur gefa verulega í. Sá pakki er afgreiddur sem stórhættulegur og talinn jafngilda afsali fullveldis. Þegar þjóðinni er sagt nógu oft að stjórnvöld séu í vegferð sem leiða muni til þess að Íslendingar verði sviptir eignarhaldi eða forræði yfir orkuauðlindum þá verða alltaf einhverjir sem fyllast ótta. Þegar því er síðan bætt við að þingmönnum Miðflokksins sé helst treystandi til að standa gegn þeim landráðamönnum sem koma vilja þessu í kring þá fjölgar um leið í kjósendahópi flokksins.

Þessum hópi er sömuleiðis sagt að íslensk stjórnvöld eigi alls ekki að leggja lag sitt við andlitslausar stofnanir úti í heimi, þjóðin eigi að ráða örlögum sínum sjálf og þjóðlegar áherslur eigi að ráða. Með þessum áróðri er gefið sterklega í skyn að alþjóðlegt samstarf, með tilheyrandi skuldbindingum og samningum, geti ekki leitt neitt gott af sér. Einangrunarhyggjan skal ríkja.

Ákveðinn hópur kjósenda kýs greinilega að halla sér að Miðflokknum. Áherslur flokksins geta verið hættulegar fyrir lýðræðið því þær ala á ótta og tortryggni við það sem erlent er. Leitar þá hugurinn til flóttamanna. Í skoðanakönnun sem gerð var fyrir tæpu ári kom í ljós að 58 prósent Miðflokksfólks telja of marga hælisleitendur fá hæli hér á landi. Miðað við áherslur þingmanna flokksins er ekki ólíklegt sú skoðun sé einnig ríkjandi meðal þeirra.

Viðbrögð þingmanna Miðflokksins við Klausturmálinu alræmda sýna svo að þar á bæ er neitað að horfast í augu við staðreyndir. Þingmennirnir eru í æðisgenginni leit að sökudólgum sem þeir segja hafa leitt sig í gildru. Þeir tala eins og þeir séu fórnarlömb umfangsmikils samsæris. Það er óhuggulegt að vita af slíkri veruleikafirringu í fari þingmanna þjóðarinnar. Níu prósent þjóðarinnar setja það þó alls ekki fyrir sig heldur láta heillast.

**Þannig verður Miðflokkurinn seint flokkaður sem frjálslyndur miðjuflokkur.**




### Halldór




### Frá degi til dags

**Lífskjarabót**
Þegar þetta blað fer í prentun er líklega verið að klára lífskjarasamningaviðræður en brösulega hefur gengið að klára viðræðurnar. Forsætisráðherra boðaði til blaðamannafundar um aðkomu lífskjararíkisins að lífskjarasamningnum og metur lífskjaraaðgerðapakkann sinn á um það bil 100 milljarða króna, lífskjarabót það! Stór og háfleyg orð hafa alltaf fallið í kramið hjá íslenskum kjósendum. Síðast var lífskjarasamið um miðjan níunda áratuginn svo það er kominn tími til. Svo bíðum við bara eftir að „skjaldborg um heimilin“ og „leiðréttingin“ verði endurnýtt í þágu íslenskra stjórnmálamanna á næstu áratugum.

**Yfirklór**
Einn af hverjum fimm forstjórum skráðra fyrirtækja er kona og mikið hefur verið rætt um skort á konum í æðstu stjórnunarstöðum stórfyrirtækja. Páll Harðarson, forstjóri kauphallarinnar, klórar sér ægilega í kollinum yfir kynjahlutföllum í stjórnum fyrirtækja. Telur hann það vera „í raun algjöra ráðgátu“ af hverju þetta hafi ekki lagast. Menningin breytist ekki og karlaklúbburinn leysist ekki upp af sjálfu sér. Hvenær hafa einstaklingar látið völdin eftir baráttulaust? Það er ekki nóg að forstjóri kauphallar klóri höfuðleðrið á sér og voni að hlutirnir lagist af sjálfu sér.

sveinn@frettabladid.is

## Forréttindakrónan og hin



Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Það er ekki nóg að við búum hér við minnsta sjálfstæða gjaldmiðil heims heldur er íslensku krónunni í reynd skipt í tvennt. Annars vegar er það sú verðtryggða, það er forréttindakrónan. Verðtryggingin sem þessi króna nýtur veldur því að hún heldur verðgildi sínu hvað sem á gengur. Hin krónan, sú sem við fáum launin okkar greidd í, er ekki jafn dugleg að halda verðgildi sínu enda gengur ýmislegt á í lífi örgjaldmiðils í sveiflukenndu hagkerfi.

Það eru í sjálfu sér ekkert annað en lágmarkskröfur sem hægt er að gera til gjaldmiðils í vestrænu nútímahagkerfi að hann haldi almennt verðgildi sínu. En við erum að tala um krónuhagkerfið okkar og í þeim veruleika eru það forréttindi. Verðtryggð forréttindi.

Í samanburði við verðtryggðu krónuna er launakrónan óttalegur vesalingur. Það er sú króna sem þorri almennings hefur til að spila með frá degi til dags. Munurinn þarna á milli er bagginn á herðum íslensku þjóðarinnar. Baggi sem felur í sér strit launafólks við að greiða lán í forréttindakrónum með launakrónum. Staðreyndin er nefnilega sú að verðtryggingin bitnar hrikalega á íslenskum almenningi.

Stærsti hluti kostnaðarins við íslenskan örgjaldmiðil felst í viðvarandi hærri vöxtum hér í samanburði við nágrannalönd okkar. Kostnaður íslenskra heimila og fyrirtækja vegna þessa nemur um 200 milljörðum króna á ári. Þar að auki lenda íslensk fyrirtæki reglulega í hagsveiflurússíbana sem fer hér í mun stærri sveiflur en þekkist víðast annars staðar. Uppsveiflan er frábær, en svo kemur að skuldadögum. Áreiðanleg áætlanagerð reynist því mörgum erfið þar sem óvissuþátturinn er mjög stór og sveiflurnar miklar. Heimilin taka verðbólguskellinn í gegnum launakrónurnar sínar og útflutningsgreinarnar okkar þurfa að aðlagast óstöðugasta starfsumhverfi í hinum vestræna heimi.

Íslenskir neytendur mega svo búa við það að íslenska krónan, báðar útgáfurnar, eru ástæða þess að samhengi launa og kaupmáttar er annað og minna en það ætti að vera.

Hverjum er þessi staða sérstakt keppikefli? Af hverju?

**Í samanburði við verðtryggðu krónuna er launakrónan óttalegur vesalingur. Það er sú króna sem þorri almennings hefur til að spila með frá degi til dags.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Misþroski

Í DAG
Þorvaldur Gylfason



Stanley, Falklandseyjum – Suður-Ameríku hefur að mörgu leyti vegnað mun síður en Norður-Ameríku í tímans rás. Margir áttu von á því um 1930 að Argentína sem var þá eitt ríkasta land heims yrði að stórveldi. Svo fór þó ekki nema í fótbolta og tangó. Hvers vegna?

**Einræði og verðbólga haldast í hendur**

Ein áleitin skýring er að Suður-Ameríka byggðist aðallega frá Suður-Evrópu og Norður-Ameríka frá Norður-Evrópu. Þar eð Norður-Evrópu hefur á heildina litið vegnað betur en Suður-Evrópu var þess að vænta að svipuð þróun ætti sér stað í Ameríku sem og varð. Munurinn er m.a. sá að í Suður-Evrópu voru einræðisstjórnir sums staðar við völd fram til 1974-1976 (Grikkland, Portúgal, Spánn) og agaleysi einkenndi efnahagsmál. Vandræði ESB síðustu ár hafa því einkum stafað af Suður-Evrópulöndum. Þau voru tekin inn í ESB sumpart til að jafna þennan mun og treysta lýðræðið. Það tókst að hluta.

Mikil verðbólga hefur fylgt Suður-Ameríkulöndum eins og skuggi en ekki Norður-Ameríku. Löndin sex í sunnanverðri Suður-Ameríku (Argentína, Brasilía, Paragvæ, Perú, Síle, Úrúgvæ) hafa öll verið óskoruð lýðræðisríki frá aldamótunum 2000, en 40 árin þar á undan, 1960-2000, bjuggu þau öll við einræði annað veifið, yfirleitt herræði, stundum langtímum saman. Herinn var ónýtur hagstjórnandi. Verðbólgan 1961-2017 var að meðaltali 12% á ári í Paragvæ, 40% í Úrúgvæ, 48% í Síle, 171% í Argentínu, 195% í Perú og 220% í Brasilíu. Hún mælist nú alls staðar í lágum einsstafstölum nema í Argentínu þar sem hún er nú um 25%. Lýðræði og lítil verðbólga haldast í hendur.

**Viðskipti efla frið**

Upphaflegt höfuðmarkmið ESB var að nota frjáls viðskipti til að treysta friðinn milli Frakklands og Þýzkalands eftir heimsstyrjöldina síðari. Það hefur tekizt vel. Suður-Ameríka hefur ekki fylgt þessu fordæmi. Þar geisaði Kyrrahafsstríðið sem svo er nefnt 1879-1884 og færði Síle stór landsvæði sem áður tilheyrðu Perú og Bólivíu og sviptu Bólivíu aðgangi að sjó. Enn hefur ekki gróið um heilt milli landanna þar eð þeim hefur láðst að fara að dæmi ESB-landanna. Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ stofnuðu með sér tollabandalag (Mercosur) 1991 til að örva viðskipti landanna en Bólivía, Perú og Síle gerðust aðeins aukaaðilar að bandalaginu. Síle gerði fríverzlunarsamning við Bandaríkin 2003.

Þegar öllu er á botninn hvolft eru viðskipti meðal Suður-Ameríkulanda innbyrðis og út á við miklu minni en þau gætu verið og velferð almennings er rýrari eftir því. Sama á við um Afríku, en þar eru þó uppi áætlanir um að Afríkusambandið tryggi smám saman fríverzlun innan álfunnar og sameinist um eina mynt sem á að heita afró eins og klippingin. Lítil viðskipti auka hættuna á ófriði. Litlu munaði fyrir nokkrum árum að Argentína og Síle gripu til vopna í landamæradeilu í Patagóníu syðst í álfunni.

**Falklandseyjastríðið**

Herforingjastjórnin í Argentínu 1976-1983 er sígilt dæmi um freistingu einræðisstjórna til að grípa til vopna. Herforingjarnir höfðu mulið undir landeigendur og keyrt efnahagslífið í kaf, þeir kunnu ekki annað. Til að dreifa athyglinni frá óstjórninni og örva þjóðernissinna réðust þeir með hervaldi á Falklandseyjar úti fyrir ströndum Argentínu. Þetta var 1982. Á eyjunum bjuggu þá 1.800 manns og 400.000 rollur. Eyjarnar höfðu tilheyrt Bretlandi frá 1833 en Argentína hafði gert tilkall til þeirra og gerir enn. Brezka stjórnin brást við innrásinni með því að senda herskip á vettvang og sigraði her Argentínu með miklu mannfalli (um 900 manns). Herforingjarnir hröklluðust frá völdum og fóru sumir í fangelsi. Síðan hefur íbúum eyjanna fjölgað verulega og eru þeir nú 3.200. Landið býr við heimastjórn en Englandsdrottning skipar landsstjórann. Landið býr við eigin stjórnarskrá frá 2009 þar sem ákvæði Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi eru tekin upp orðrétt m.a. til að tryggja yfirráð íbúanna yfir auðlindum sínum. Bretar sjá um landvarnir.

Falklandseyjum vegnar vel. Kaupmáttur tekna á mann er talinn vera um fimm sinnum meiri en í Argentínu. Fiskveiðar eru hryggjarstykkið í efnahagslífi eyjanna og nema röskum helmingi landsframleiðslunnar. Stjórnvöld selja erlendum og innlendum útgerðum veiðirétt við eyjarnar og afla þannig fjár til að halda úti góðri almannaþjónustu með lítilli skattheimtu. Slíkri skipan hafa veiðigjaldsmenn á Íslandi mælt með í bráðum 50 ár. Ferðaútvegur er næststærsta atvinnugreinin. Um 60.000 ferðamenn heimsækja eyjarnar sjóleiðis á hverju ári auk þeirra 1.600 sem koma fljúgandi. Landbúnaður skiptir íbúana einnig máli með allar þessar rollur en þeim finnst fjölbreytnin ekki nóg. Þeir eru að leita að olíu.

Tékk KRISTALL
VIÐ BREYTUM VIÐ FLYTJUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*










VIÐ BREYTUM, VIÐ FLYTJUM
VIÐ LOKUM VERSLUNINNI
Á LAUGAVEGI 178, 17. APRÍL KL.18:00.

MATAR- OG KAFFISTELL, GLÖS, IITTALA, RÚMFÖT, SPEGLAR OG FLEIRA.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*



SENDUM ÚT Á LAND

OPNUNARTÍMI
MÁN – FÖS KL.11:00 – 18:00
LAUGARDAGA KL.11:00 – 16:00

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178
Allar nánari upplýsingar í síma 568 9955

*Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðsvörum.

# Aldrei gefast upp



Bubbi Morthens
skáld og tónlistarmaður

Mótlæti er til að sigrast á. Þó manni mistakist þá er það í góðu lagi. Það skiptir miklu meira máli hvernig maður stendur upp.

Ég hef gert mörg mistök. En þegar ég lít til baka þá hafa öll þessi mistök gert mig sterkari og kennt mér það eitt að hræðast ekki. Því þegar upp er staðið verða þau að sigrum og stækka mann. Tolli bróðir minn segir alltaf: mistök eru í raun ekki til og það er nokkuð til í því.

Sem listamaður hef ég gert það sem mig langar til hverju sinni og reynt að vinna með nýju fólki allan minn feril til að viðhalda ferskleika. Ég hef samið allt í allt um 800 lög og ég tel ekkert þeirra vera mistök. Ég hef skrifað barnabækur, smásögur og bækur um veiði, ort ljóð og gefið út ljóðabækur. Í æsku lenti ég í gapastokki íslenskunnar eins og svo mörg börn á þeim tíma og jafnvel enn í dag. Skólakerfið hafði engan áhuga á skapandi hugsun né taldi það börnum til tekna að hafa frjóan huga heldur var okkur sem vorum á þeim akri refsað fyrir að vera forvitin og „erfið“. Mér var sagt af kennara að ég myndi aldrei verða neitt nema þá helst öskukarl, það var starf sem flestir litu á sem mestu niðurlægingu sem hægt væri að lenda í. Án gríns.

Ég var greindur skriftblindur í Danmörku 1971. Þar var sagt við mig: Við höfum tekið eftir því að þú ert alltaf með gítarinn með þér. Í vor tekurðu próf eins og allir aðrir en þitt próf felst í því að halda tónleika fyrir nemendur.

Þarna hófst upprisa mín. Mér fannst ég vera kominn til paradísar. Ég átti alltaf mjög erfitt í skóla hér heima. Skólinn var mér hreinasta helvíti, því þar sem ég var skriftblindur og talnablindur féll ég ekki inní normið.

Ég fékk sannarlega að heyra að ég væri lúser, en svo skrítið sem það hljómar þá vissi ég inní mér að mér tækist það sem ég ætlaði mér – sem var að verða tónlistarmaður sem semdi sín eigin lög og texta. Og ég lét engan segja mér að ég gæti það ekki. Ég fylgdi og hef alltaf fylgt þessari rödd sem býr innra með mér. Víst var leiðin grýtt og oft erfið, sérstaklega voru æskuárin og unglingsárin mér erfið. En ég hafði markmið og ætlaði mér að ná því.

Í bráðum 40 ár hef ég lifað á því að semja mína eigin tónlist og texta og á undanförnum árum hef ég samið ljóð og gefið út ljóðabækur. Ég hef hinsvegar notið hjálpar fóstru minnar, Silju Aðalsteinsdóttur, þegar ég hef sent inn handrit að bókum mínum og eins með þennan pistil. Ástæða þess að ég skrifa þennan pistil er sú að það virðist vera að sumir séu farnir að átta sig á því að tungumálið sé lifandi og ungt fólk megi nota það á sínum eigin forsendum. Það er hellingur að gerast í þróun málsins. Orðið þágufallssýki er þrútið af hroka enda hafa menn gegnum tíðina notað tungumálið nánast sem valdatæki þeirra sem töluðu rétt mál og skrifuðu rétt og beitt því gegn þeim sem notuðu það ekki rétt eða gátu ekki skrifað rétt. Þeir voru settir á lúserabásinn og urðu niðursetningar íslenskrar tungu. Því miður þá eru æði margir á þeirri skoðun að íslenskan sé eitthvað allt annað en tjáningartæki. Málfarslögreglan er kannski ekki á hverju horni að fylgjast með þér en hún er samt þarna á netinu, á fésinu, tilbúin að hýða þig með málfarshnútasvipunni.



Ungt fólk í tónlistarbransanum hefur sagt við mig í gegnum árin að það vilji frekar nota ensku en íslensku því það vilji ekki láta niðurlægja sig fyrir að nota ekki málið rétt. Þetta er svo sorglegt því íslenskan þolir allskonar bragðtegundir. Hvernig eiga stelpa eða strákur sem ætla að syngja á sínu máli að taka því þegar það er sagt við þau: þú getur ekki skrifað dægurlagatexta eða rappað nema stuðlar og höfuðstafir séu yfir og allt um kring? Ég hvet alla, hvort sem þeir eru skriftblindir eða hafa ekki hlotið menntun og telja sig ekki geta skrifað, til að gefa dauðann og djöfulinn í það. Skrifið eins og enginn sé morgundagurinn. Skrifið á vegginn ykkar á fésinu, á tvitter eða instagram, stígið útúr kassanum, þorið, elskið málið ykkar, skriftina ykkar. Það eina sem skiptir máli er að fólk skilji ykkur.

Ást og friður.

Öflugur rekstaraðili



Gott tækifæri í Mjódd







Í Mjódd er áhugavert tækifæri fyrir verslun og veitingarekstur sem fer vel með hlutverki húsnæðisins sem þjónustustöð Strætó. Stöðin gegnir mikilvægu hlutverki innan leiðarkerfis Strætó og fara yfir 3.000 manns um hana daglega. Vagnstjórar Strætó verða með aðstöðu vestast á jarðhæð hússins.

Ný starfsemi á að auka fjölbreytni þjónustu á svæðinu, laða til sín fólk og vera öllum opin. Rýmið er tæplega 400 m$^2$.

Áhugasamir sendi umsókn með tillögu að leiguverði á netfangið sea@reykjavik.is fyrir 10. apríl 2019 ásamt lýsingu á væntanlegum rekstri og upplýsingum um rekstraraðila.

Tilboðsblöð og nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/leiga**

# Hugmyndafræðilegar jarðhræringar



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Heimurinn stendur frammi fyrir ákveðnum kaflaskilum. Ég hef allt eins kosið að kalla þau flekaskil. Á öðrum flekanum eru gömlu íhaldsöflin. Á hinum eru ný öfl sem vilja nýja hugsun og verklag í samfélaginu. Líka í pólitíkinni. Með hverjum deginum sem líður verða skilin skýrari og sprungurnar gleiðari, bæði hér á Íslandi og á meginlandinu.

**Truflun á hefðbundinni nálgun**

Á öðrum flekanum standa öfl sem greina málefni á grundvelli fleiri gilda en hins gamla hægri/vinstri áss. Þau hafa truflandi áhrif á heim hinnar hefðbundnu nálgunar í pólitík. Þessi öfl viðurkenna að fleiri gildi en efnahagsleg hafa áhrif á lífsgæði okkar. Öfl sem eru frjálslynd og framsýn, sjá samfélagið sem litskrúðugt, fagna fjölbreytileikanum og berjast fyrir mannúð og jafnrétti. Öfl sem tala fyrir öflugu atvinnulífi og einfölduðu skattkerfi en viðurkenna á sama tíma mikilvægi þess að tryggja félagslegan stöðugleika. Öfl sem segja að atvinnulíf og umhverfisvernd fari saman, eitt útiloki ekki annað og öfl sem tala máli neytenda. Öfl sem eru fullviss um að alþjóðasamstarf styrki fullveldi þjóða og sjálfstæði og sé lykillinn að því að tryggja stöðugleika fyrir heimilin í landinu og ómetanlegan frið í álfunni.

**Fortíðarþrá og þjóðernispopúlismi**

Á hinum flekanum standa svo öfl sem eru föst í ákveðinni fortíðarþrá og þjóðernispopúlisma. Þau verja tíma sínum í að telja fólki trú um að þau séu einu öflin sem eru stjórntæk og geti komið á stöðugleika í landinu, án þess að horfast í augu við að aðgerðir þeirra hafa oftar en ekki skapað þann óstöðugleika sem við búum við. Búast má við miklum jarðhræringum á flekanum hjá þessum öflum um leið og femínismi, málefni innflytjenda og hælisleitenda, Evrópusamvinna, gjaldmiðillinn, ýmis frelsis- og sjálfsögð nútímaleg mannréttindamál ber á góma. Þetta eru sömu öfl og eru með endalaust blæti fyrir Brexit, finnst Trump flottur og hinn ungverski Orban vera góður. Sömu einstaklingar og nota mál eins og þriðja orkupakkann, Brexit eða nýjan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu vegna Landsréttar til að veikja dýrmætt Evrópusamstarf okkar. Allt til að vekja ótta, búa til tortryggni og telja okkur trú um að þeir séu að standa vörð um þjóðina. Hugsunin hvað sé tekið af okkur en ekki hvað við getum gefið er allsráðandi. Hvað þá öðlast í gegnum markvisst Evrópu- og alþjóðasamstarf.

**Enga hálfvelgju**

Sömu fleka má vissulega finna á Alþingi. Sumir flokkar og einstaklingar innan þeirra raða standa nú klofvega á flekaskilunum og þurfa að taka ákvörðun um hvorum megin þeir ætla að standa. Aðrir eru skýrir hvar þeir vilji staðsetja sig.

Hálfvelgja í þessum efnum getur nefnilega verið hættuleg opnu lýðræðissamfélagi. Haltu mér, slepptu mér dugar hér skammt þegar vegið er að grundvallarmannréttindum og hagsmunum íslensks samfélags til framtíðar. Þess vegna þarf að tala skýrt gagnvart þeim sem leynt og ljóst beita hræðsluáróðri og fordómum í rökræðu sinni fyrir svarthvítri veröld fyrri ára. Þeir hafa þegar komið sér huggulega fyrir á sínum íhaldsfleka. Sem er svo sem ágætt. En frið fyrir málflutningi sínum fá þeir ekki.

# PIER

*Fegrum svefnherbergið*



NAVITA körfustóll, ~~59.900~~,-
47.920,-

**20%**
AFSLÁTTUR AF SVEFNHERBERGIS HÚSGÖGNUM



VEGAS náttborð ~~19.990~~,- 15.992,-



*Sértilboð!*

LUNEVILLE snyrtiborð, ~~59.900~~,-
14.950,-



GERACE bekkur, ~~29.900~~,- 23.920,-
140x43xH55

**25%**
AFSLÁTTUR AF SPEGLUM OG MYNDARÖMMUM



TUILERIES spegill, ~~24.900~~,-
18.675,-
80x100

**25%**
AFSLÁTTUR AF TEPPUM OG PÚÐUM

*Sértilboð!*



REGINA velúr sófi, ~~99.900~~,- 69.900,-
130x92xH107



*Sértilboð!*

PAPASAN stóll með pullu,
~~22.980~~,- 16.990,-

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 4. - 10. apríl. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Skyldi ekki afskrifa ÍR og Þór

**Úrslitakeppnin í Domino's-deild karla fer af stað á ný í kvöld þegar Stjarnan og ÍR mætast í Garðabænum. Í seinna einvíginu mætir Þór Þorlákshöfn fimmföldum meisturum KR. Friðrik Ingi Rúnarsson telur að það væri glapræði að afskrifa Þór og ÍR þó að Stjarnan og KR teljist líklegri.**


Það mun mikið mæða á leikmönnum ÍR í baráttu við Hlyn Bæringsson inni í teignum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI


Kinu Rochford hefur verið frábær í liði Þórs í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KÖRFUBOLTI** Eftir stutta hvíld er komið að næsta leik í úrslitakeppni Domino's-deildar karla í kvöld þegar ríkjandi bikar- og deildarmeistarar Stjörnunnar taka á móti ÍR sem sló Njarðvík óvænt út á mánudaginn. Á morgun er svo komið að fyrsta leik KR og Þórs Þorlákshöfn þar sem Þórsarar reyna að verða fyrsta liðið í sex ár til að slá KR út í úrslitakeppninni. Eftir standa tvö sigursælustu liðin í karlaflokki, KR sem hefur unnið titilinn sautján sinnum og ÍR með fimmtán titla ásamt Stjörnunni og Þór Þorlákshöfn sem hafa aldrei orðið Íslandsmeistarar.

„Fyrsti leikurinn er alltaf mikil skák þegar andstæðingarnir setjast við borðið og bregðast við aðgerðum hvor annars. Þar þreifa liðin hvort á öðru fyrir einvígið sjálft og það verður gaman að sjá hvað gerist," segir Friðrik Ingi Rúnarsson sem Fréttablaðið ræddi við um komandi einvígi.

Garðbæingar hafa unnið alla þrjá leikina gegn ÍR í vetur sannfærandi og verða að teljast líklegri aðilinn enda ríkjandi deildar- og bikarmeistarar.

„Leikmannahópur Stjörnunnar er það sterkur að leikmennirnir yrðu að ég held fyrir vonbrigðum ef þeir dyttu út í undanúrslitunum," segir Friðrik, aðspurður hvort pressan sé á Stjörnunni.

„Það væri glapræði hjá Stjörnunni að vanmeta ÍR og kæruleysi verður ekki liðið hjá þjálfarateyminu. Það væri sterkt hjá Stjörnunni að byrja af krafti og reyna að grípa ÍR-inga í bólinu. ÍR er nýkomið úr þvílíku fimm leikja einvígi og það er oft erfitt að koma úr slíkum leikjum. Stjarnan getur náð frumkvæðinu í einvíginu strax í kvöld," segir Friðrik um hvað hann hefur hrifist af ÍR-ingum.

„Þetta ÍR lið er skemmtilega óútreiknanlegt. Þeir eru baráttuglaðir og mæta ef til vill trylltir til leiks strax í fyrsta leikinn. Það gæti hentað þeim að það sé stutt á milli leikja. Þeir geta byggt á góðu hlutunum frá leikjunum gegn Njarðvík þar sem það var gott jafnvægi í leik liðsins í vörn og sókn. Sóknarleikurinn er fjölbreytilegur með Sigurð, Matthías og Kevin. Það verða frábærir einstaklingar að kljást út um allan völl."

Aðspurður tók Friðrik undir að breiddin væri meiri hjá Stjörnunni.

„Þeir eru með meiri breidd og vel samsett lið sem þekkir það að kreista út sigra. Eftir komu Brandons Rozzell hafa þeir ekki tapað mörgum leikjum og líta heilt yfir vel út. Þessi lið hafa oft mæst á undanförnum árum og það hefur verið hiti í þessum leikjum. Þetta verður spennandi einvígi."

Í seinna einvíginu mæta Þórsarar KR eftir að hafa unnið magnaðan sigur á Tindastól á mánudaginn.

„Ég benti mönnum á það snemma í vetur að gleyma ekki KR. Þeir lentu í vandræðum en eru með mikla breidd. Hávaxna og spræka leikmenn í öllum stöðum, mikla reynslu og kunnáttu í bland. Það eru karakterar í þessu liði sem taka því sem hvatningu og stíga upp þegar þeir eru afskrifaðir. Að mínu mati er KR sigurstranglegra en það skyldi enginn afskrifa Þór. Baldur hefur unnið magnað afrek með þetta lið," sagði Friðrik um hið magnaða afrek Þórsara sem luku leiknum gegn Stólunum á 18-3 spretti sem skilaði sigrinum.

„Þórsarar gefast aldrei upp og það hefur einkennt liðið síðustu ár. Þetta var líka svona þegar Baldur var leikmaður liðsins undir stjórn Benedikts og síðar Einars Árna. Emil Karel og Halldór Garðar eru gott dæmi um leikmenn sem þrífast á þessu."

> **Fyrsti leikurinn er alltaf mikil skák þar sem andstæðingarnir setjast við borðið.**
>
> Friðrik Ingi Rúnarsson

Óvíst er hver staðan er á Kinu Rochford sem var haltrandi í leikjunum gegn Stólunum.

„Ég vona, þeirra vegna, að meiðsli Kinu séu ekki alvarleg. Það er heilmikið spunnið í hann en það mun reyna gríðarlega mikið á hann gegn KR í þessu einvígi. KR er með marga leikmenn sem geta barist við stóru leikmenn Þórs inni í teignum en það má ekki gleyma að Þór er með frábæra bakvarðasveit, Nikolas Tomsick hefur verið stórkostlegur í vetur. Þór er sýnd veiði en ekki gefin og þetta verður annað áhugavert einvígi, hvernig liðin mátast við hvort annað."

Aðspurður sagði Friðrik ekki hægt að afskrifa Þór og ÍR eftir afrekið sem liðin unnu í 8-liða úrslitunum þar sem ÍR og Þór lentu 0-2 undir en unnu þrjá leiki í röð og fóru áfram.

„Það er alveg líklegt að KR og Stjarnan mætist í úrslitum, ég taldi líklegt að þau myndu mætast í undanúrslitunum en það skyldi enginn afskrifa hvorki ÍR né Þór í þessum einvígjum. Það sem þessi lið gerðu í átta liða úrslitunum og það á sama degi var magnað," segir Friðrik Ingi. **kristinnpall@frettabladid.is**

# Dregið í undankeppni EM 2020 í dag

**HANDBOLTI** Dregið verður í riðla fyrir undankeppni Evrópumótsins 2020 í dag í Kaupmannahöfn. Þá kemur í ljós hvaða lið verða með Íslandi í riðli þegar Ísland gerir atlögu að því að komast á Evrópumótið í þriðja sinn.

> **Kvennalandsliðið komst á þrjú stórmót í röð á árunum 2010 til ársins 2012.**

Mótið sem fer fram í desember á næsta ári verður haldið í Noregi og Danmörku eftir að EHF samþykkti árið 2017 að nágrannaþjóðirnar héldu mótið saman. Fyrir utan Danmörk, Noreg og Frakkland, ríkjandi heimsmeistara, búin að tryggja sér þátttökurétt á mótinu og eru þrettán sæti í boði fyrir undankeppnina sem hefst síðar á þessu ári.

Íslenska kvennalandsliðið hefur tvívegis komist í lokakeppni Evrópumótsins en hefur ekki komist á síðustu þrjú mót. Íslenska liðið þreytti frumraun sína á stórmóti á Evrópumótinu árið 2010 sem fór einnitt fram í Danmörku og Noregi. Ísland lenti í fimmtánda sæti á því móti líkt og tveimur árum síðar þegar mótið fór fram í Serbíu. Það var síðasta stórmótið sem íslenska kvennalandsliðið komst á.


Stefna kvennalandsliðsins er að festa sig í sessi á stórmótum næstu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kvennalandsliðið er þessa dagana að undirbúa sig fyrir leiki gegn Spánverjum í umspili fyrir Heimsmeistaramótið í handbolta sem fer fram í Japan í lok þessa árs. Ísland mætir Spáni í tveimur leikjum á heimavelli 31. maí og á Spáni viku síðar þar sem sigurvegarinn tryggir sér þátttökurétt á HM. **– kpt**

## Nýjast

### Olísdeild karla

**ÍBV - Haukar 27-27**
**Markahæstir:** Kristján Örn Kristjánsson 7, Fannar Þór Friðgeirsson 7, Hákon Daði Styrmisson 6, Dagur Arnarson 2, Sigurbergur Sveinsson 2 - Adam Haukur Baumruk 8, Orri Freyr Þorkelsson 6, Atli Már Báruson 4, Daníel Ingason 4, Heimir Óli Heimisson 2, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 2.

**Valur - KA 30-25**
**Markahæstir:** Róbert Aron Hostert 9, Anton Rúnarsson 7, Stiven Tobar Valencia 3, Vignir Stefánsson 3, Orri Freyr Gíslason 2, Magnús Óli Magnússon 2, Ásgeir Snær Vignisson 2 - Tarik Kasumovic 9, Áki Egilsnes 6, Jón Heiðar Sigurðsson 2, Dagur Gautason 2, Andri Snær Stefánsson 2, Allan Norðberg 2 .

**Selfoss - Grótta 29-20**
**Markahæstir:** Hergeir Grímsson 6, Haukur Þrastarson 5, Elvar Örn Jónsson 5, Nökkvi Dan Elliðason 4, Atli Ævar Ingólfsson 3 - Viktor Orri Þorsteinsson 4, Jóhann Reynir Gunnlaugsson 4, Brynjar Jökull Guðmundsson 2, Árni Benedikt Árnason 2, Arnar Jón Agnarsson 2.

**FH - Akureyri 29-20**
**Markahæstir:** Bjarni Ófeigur Valdimarsson 6, Ásbjörn Friðriksson 5, Birgir Már Birgisson 4, Ágúst Birgisson 3, Arnar Freyr Ársælsson 3, Leonharð Harðarson 3, Einar Rafn Eiðsson 2 - Hafþór Vignisson 6, Patrekur Stefánsson 5, Ihor Kopyshynskyi 4, Gunnar Valdimar Johnsen 3 .

**ÍR - Stjarnan 25-25**
**Markahæstir:** Sturla Ásgeirsson 6, Kristján Orri Jóhannsson 6, Bergvin Þór Gíslason 4, Björgvin Þór Hólmgeirsson 4, Þrándur Gíslason Roth 3 - Birgir Steinn Jónsson 7, Aron Dagur Pálsson 5, Leó Snær Pétursson 4, Garðar Sigurjónsson 4, Andri Már Rúnarsson 3, Andri Hjartar Grétarsson 2.

**Afturelding - Fram 29-26**
**Markahæstir:** Finnur Ingi Stefánsson 10, Elvar Ásgeirsson 6, Júlíus Þórir Stefánsson 3, Emils Kurzimniesk 2, Einar Ingi Hrafnsson 2, Árni Bragi Eyjólfsson 2 - Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 9, Þorgrímur Smári Ólafsson 5, Andri Þór Helgason 5, Valdimar Sigurðsson 2, Aron Gauti Óskarsson 2.

**Staðan í deildinni:**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 34 | Stjarnan | 18 |
| Selfoss | 32 | ÍR | 17 |
| Valur | 31 | KA | 15 |
| FH | 27 | Fram | 13 |
| ÍBV | 24 | Akureyri | 12 |
| Afturelding | 21 | Grótta | 8 |

### Domino's-deild kvenna
*Undanúrslit*

**Valur - KR 70-61**
**Valur:** Heather Butler 26, Helena Sverrisdóttir 17/16 fráköst, Simona Podesvova 8/17 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 6, Bergþóra Holton Tómasdóttir 6, Ásta Júlía Grímsdóttir 4, Hallveig Jónsdóttir 3..
**KR:** Orla O'Reilly 27/11 fráköst, Vilma Kesanen 18, Kiana Johnson 9/13 fráköst, Unnur Tara Jónsdóttir 4, Ástrós Lena Ægisdóttir 3.

*Valur leiðir einvígi liðanna 1-0. Vinna þarf þrjá leiki til að komast í úrslitaeinvígið sjálft.*

### Enska úrvalsdeildin

**Man. City - Cardiff City 2-0**
1-0 Kevin de Bruyne (6.), 2-0 Leroy Sane (44.).

**Tottenham - C. Palace 2-0**
1-0 Son Heung-min (55.), 2-0 Christian Eriksen (81.).

**Chelsea - Brighton 3-0**
1-0 Olivier Giroud (38.)., 2-0 Eden Hazard (60.), 3-0 Ruben Loftus-Cheek (64.)

# 30 ára BÓNUS®



## Afmælistilboð!
### Íslensk framleiðsla undir vörumerkjum Bónus

ÍSLENSKT gjörið svo vel




**259** kr. 462 g

**Stjörnuegg Stórstirni**
6 stór egg, 462 g

1L




**159** kr. 1 l

**Bónus Florida Appelsínusafi,** 1 l

2L




**98** kr. 2 l

**Bónus Kolsýrt Vatn**
2 lítrar, 2 teg.




**598** kr. 170 g

**Bónus Páskaegg**
Nr. 3, 170 g

10 PYLSUR




**359** kr. pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g, 10 stk.




**159** kr. 5 stk.

**Bónus Pylsubrauð**
5 stk.

**BÓNUS**
**Pylsa+brauð**
**68 kr/stk.***
* ef keyptar eru 10 Bónus vínarpylsur og 10 Bónus pylsubrauð



Verð gildir til og með **7. apríl** eða meðan birgðir endast

# Afmælistilboð!

## Íslensk framleiðsla undir vörumerkjum Bónus



**198** kr. 550 ml

**Bónus AB Mjólk**
550 ml, 3 teg.

80% Kjötinnihald



**259** kr. 120 g

**Bónus Skinka**
Silkiskorin, 120 g

800g



**798** kr. 800 g

**Þorskbitar í raspi**
800 g, frosnir, forsteiktir



**398** kr. 300 g

**Bónus Fetaostur**
2 tegundir, 300 g

ÍSLENSKT
gjörið svo vel

5 FLATKÖKUR
í pakka



**98** kr. pk.

**Bónus Flatkökur**
170 g, 5 stk. í pakka

600g



**198** kr. 600 g

**Bónus Brauð**
Þriggjakorna, 600 g

KOLVETNASKERT PRÓTEINBRAUÐ
Aðeins 12 g kolvetni og 25 g prótein pr. 100 g



**359** kr. 400 g

**Bónus Próteinbrauð**
Kolvetnaskert, 400 g

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

ALLTAF NÝBAKAÐ

4stk.



**198** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 4. APRÍL 2019



**Fatahönnuðurinn Marta Heiðarsdóttir og Feldur verkstæði sýndu safn gamalla pelsa á HönnunarMars um síðustu helgi sem allir höfðu fengið nýtt og skemmtilegt hlutverk.** 4

# Má hafa hátt og taka pláss

Sunna Guðlaugsdóttir gaf á dögunum út sólóplötuna Declaration með eigin texta- og lagasmíðum. Í útgáfupartíinu klæddist hún æðisgengnum samfestingi af útsöluslám H&M.



Sunna er náttúrubarn sem nýtur lífsins í sveitinni nær Árósum í Danmörku. Hún hrífst af hippatímabilinu þegar kemur að tísku. MYND/INGE LYNGGAARD HANSEN





SVEFNSÓFI MEÐ ÞYKKRI OG VANDAÐRI SPRINGDÝNU
GÓÐ RÚMFATAGEYMSLA
SVEFNFLÖTUR 150x200 cm
kr. 199.800

LÍNAN BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS | OPIÐ MÁN - FÖS 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

**Framhald af forsíðu ➻**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Þegar ég sýndi bestu vinkonu minni samfestinginn sagði hún: „Þetta er ekki samfestingur, Sunna. Þetta er Sunnfestingur!“ Því hann er eins og klæðskerasaumaður á mig með sínum útvíðu skálmum og ermum, blómamunstri og litadýrð,“ segir Sunna sem er heilluð af klæðnaði frá hippaárunum í kringum 1970.

„Ég hrífst af litum og munstrum og er sjúk í samfestinga, útvíðar buxur og loðjakka eins og söngkonurnar Janis Joplin og Joan Baez klæddust á sjöunda áratugnum. Ég elska að gramsa á flóamörkuðum en á erfitt með að fara í búðir til þess eins að kaupa mér föt fyrir kvöldið. Því finna flíkurnar mig, en ekki öfugt, eins og guli In Wear-kjóllinn sem móðursystir mín sá í tískuversluninni Sölku í Vestmannaeyjum og sagði mér að kaupa því hann hefði augljóslega verið sérsaumaður á mig. Mér þykir vænt um þann kjól þótt ég hafi ekki ætlað að kaupa neitt þegar ég söng þar í brúðkaupi í fyrrasumar, en fötin koma alltaf til mín þegar ég á síst peninga til að kaupa þau,“ segir Sunna og hlær.

Hún spáir mikið í tísku.

„Föt segja mikið um manninn. Munstrin og litagleðin láta uppi að ég sé skapandi og hugmyndarík, opin fyrir lífinu og möguleikum þess, og með djörfung og þor til að gera hlutina öðruvísi,“ segir Sunna sem gjarnan brýtur upp sæt blómaáhrifin með gallabuxum og hermannaklossum eða mótorhjólastígvélum en hún er mótorhjólakona sem nýtur þess í botn að geta skotist frjáls á hjóli sínu milli landa frá heimahögunum í Árósum.

„Ég er lítið fyrir fylgihluti og skart en á eina tösku sem ég nota næstum aldrei því mér finnst best að vera með allt í vösunum og mamma skammaði mig oft fyrir að vera með vasann framan á anórakknum mínum fullan af drasli eins og stóra bumbu,“ segir Sunna og skellir upp úr af minningunni.

## Hafði ekkert plan B

Sem lítil hnáta var Sunna harðákveðin í að verða söngkona.

„Mér líður best þegar ég stend á sviði og syng. Ég get ekki ímyndað mér skemmtilegra líf en að vakna á hverjum degi til þess eins að spila og syngja. Ég er loks að upplifa drauminn en þurfti í mikla sjálfsskoðun til að sjá hann rætast því á unglingsárunum fór ég að efast um sjálfa mig og sannfærðist um að ég vildi ekki vera í tónlist. Eftir alls kyns nám og vinnu, sem ég flosnaði upp úr jafnóðum, gekkst ég loks við því að ég vildi ekkert fremur en að gera tónlist að ævistarfinu,“ segir Sunna sem í haust hefur nám við rytmíska deild tónlistarháskólans Royal Academy of Music í Árósum.

„Söngurinn verður mitt aðalhljóðfæri í náminu. Mig langar að verða betri tónlistarmaður að öllu leyti, ná betri tökum á tónfræði og hljómfræði til að hafa minna fyrir því að koma hlutunum frá mér,“ segir Sunna full tilhlökkunar að hefja námið.

„Danski markaðurinn er miklu stærri en sá íslenski og hér þekki ég engan í bransanum. Því er mikil vinna að koma sér á framfæri en í skólanum læri ég líka tónsmíðar og tónlistarkennslu. Ég hef því mörg verkfæri í höndunum eftir námið og mikill léttir að komast inn. Ég var ekki með neitt plan B.“

## Yrkir frá hjartanu

Platan Declaration er persónuleg og frá innstu hjartarótum Sunnu.

„Í laginu Sister yrki ég til litlu systur minnar en líka allra systra og kvenna um málefni sem skiptir mig miklu máli. Samfélagið ól mig upp við að vera pen dama og hef ég þurft að taka nokkra slagi til að rífa mig upp úr því og skilja að ég megi alveg hafa hátt og taka pláss. Lagið er spiladósarlag eða vögguvísa sem ætti að vera sungin fyrir allar stúlkur á kvöldin, þeim til hvatningar um að þær megi gera hvað sem þær vilja,“ útskýrir Sunna sem skilgreinir tónlist sína sem þjóðlagaskotið popp.

„Ég yrki um það sem hefur persónulega áhrif á mig. Hugur minn stefndi til blaðamennsku, stjórnmálafræði eða tónlistar og ég er meðvituð um að nota tónlist til að vekja athygli á femínisma og þjóðfélagsmálum. Ég yrki því um mitt líf og annarra, eins og í laginu Watch the Water sem vísar í flóttamannavandann og hvernig rætist úr lífi manns eftir því hvorum megin hafsins maður fæðist,“ segir Sunna sem fær mikil viðbrögð frá fólki sem sér sig sjálft í textum hennar. „Það er mesta hrósið, finnst mér; að fólk tengi við lögin mín,“ segir Sunna.

Annað lag, Hold me loose, tileinkar hún kærastanum sínum, Heimi Gústafssyni.

„Það er um að treysta öðrum fyrir hjarta sínu og sjálfum sér. Tónlistarsköpun er eins og þerapía. Ég nota tónlist til að veita tilfinningum útrás og finnst hjálpa að koma þeim á blað.“

## Fann ástina á vertíð í Eyjum

Sunna fluttist þrettán ára til Danmerkur með foreldrum sínum og lauk þar menntaskóla.

„Eftir stúdentspróf vildi ég koma heim í eitt ár og réð mig á vertíð í Eyjum þar sem ég kynntist Vestmannaeyingnum Heimi sem nú er kærastinn minn. Hann er þrjóskur en eftir fimm ár tókst mér að fá hann til að flytja með mér út og nú höfum við keypt okkur hús í sveitinni utan við Árósa,“ segir Sunna sem kann vel við Dani og Danaveldi.

„Danmörk er að öllu leyti mildari en Ísland; veðrið, lífsstíllinn og hugarfarið gagnvart vinnu og vinnutíma. Ég fíla það ótrúlega vel. Hér lifir fólk ekki fyrir vinnuna heldur vinnur það til að lifa og lifa lífi sínu lifandi utan vinnu sinnar,“ segir Sunna sem þó saknar fjölskyldu og vina heima á Íslandi.

„Ég sakna líka útisundlauganna og fjallanna því mér finnst gaman að ganga á fjöll. Í stað þess fer ég á ströndina og stunda sjósund á veturna.“

Sunna er úr söngelskri fjölskyldu og þessa dagana eru þau þrjú að gefa út plötur.

„Pabbi er pönkari í hljómsveitinni Nýríka Nonna sem gefur út plötu á næstunni og bróðir minn, Huginn, er í hipphopp-senunni og var að gefa út sína aðra plötu með Herra Hnetusmjöri á dögunum,“ upplýsir Sunna stolt af sínum nánustu á tónlistarsviðinu.

„Ég vonast til að geta sungið nýju lögin heima en það er ekki enn planað. Hver veit nema við systkinin troðum upp einn daginn þegar sólin skín en við Huginn höfum rætt um að syngja saman, þótt textarnir hans séu ekki beint fyrir stóru systur að syngja. Hann yrði þá með sitt hipphopp, ég með þjóðlagapoppið og pabbi gæti pönkast með.“

Hægt er að hlusta á einstakar lagasmíðar og íðilfagra rödd Sunnu á plötunni Declaration á Spotify og Apple Music og nálgast hana á cd og vínyl á sunnamusic.com.



Samfestingur? Nei, sannkallaður Sunnfestingur af útsöluslám H&M.



Guli kjóllinn frá In Wear hrópaði á Sunnu í gegnum móðursystur hennar sem sá hann eins og klæðskerasniðinn á Sunnu í tískubúðinni Sölku í Vestmannaeyjum. MYNDIR/ HEIMIR GÚSTAFSSON



Sunna með bróður sínum, Hugin, og föður þeirra, Guðlaugi Hjaltasyni.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


NÝ
SENDING!
Stakir jakkar,
skyrtur, kjólar
og buxur
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Hver og ein flík verður einstök

**Fatahönnuðurinn Marta Heiðarsdóttir og Feldur verkstæði sýndu safn gamalla pelsa á HönnunarMars um síðustu helgi sem allir höfðu fengið nýtt og skemmtilegt hlutverk.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Sýningin Endurkoma var einn fjölmargra skemmtilegra viðburða á HönnunarMars, sem lauk í Reykjavík síðasta sunnudag. Um var að ræða samstarfsverkefni Felds verkstæðis og fatahönnuðarins Mörtu Heiðarsdóttur, þar sem sýnt var safn gamalla pelsa sem hafði fylgt fjölskyldunni til margra ára en nú fengið breytt útlit. „Foreldrar mínir reka Feld verkstæði og þar hef ég starfað frá því ég útskrifaðist úr fatahönnun frá Design School Kolding í Danmörku árið 2016. Við höfum breytt flíkum á verkstæðinu í mörg ár en algengt er að konur komi hingað með gamla erfðagripi sem þær vilja laga eða breyta. Sjálf fann ég pelsa frá foreldrum mínum fyrir nokkru síðan sem ég breytti og bjó til eins konar uppskriftir að breytingum. Þannig byrjaði þetta eiginlega hjá mér.“

Samhliða starfi sínu hjá Feldi er Marta einnig að vinna að ýmsum verkefnum sem oft tengjast skinnum. „Ég var til dæmis að hanna inniskó með Valdísi í @10 design studio. Hún hefur verið að vinna með hrosshúðir og ég með lambaskinn og þannig urðu til mjúkir og loðnir inniskór sem við vorum með til sýnis og sölu í versluninni Akkúrat í miðborg Reykjavíkur meðan HönnunarMars stóð yfir.“

## Tilfinningaleg tengsl

Hún segir marga eigendur pelsa hafa tilfinningaleg tengsl við þá og það sé ein af ástæðum þess að þeim sé nær aldrei hent. „Á sýningunni gaf ég hverjum og einum pels nafn og tilvitnun til að gefa þeim sterkara tilfinningalegt gildi. Ég tók fjóra pelsa sem ég breytti í sex flíkur og töskur. Hver og einn pels er einstakur og því þurfti að sjá möguleikana sem hver og einn pels hafði. Flesta pelsana stytti ég en aðallega af því að þeir voru svo þungir og stórir, en þá gat ég nýtt neðri hlutann í aðra flík. Til að gera pelsana meira eftir mínu höfði bætti ég við bleiku lambaskinni og gömlum pelsatölum sem eru búnar að liggja í skúffu í mörg ár.“



Marta nýtti kraga sem fannst inni á lager á verkstæðinu. Hún saumaði kraga og ermar fyrir jakka sem hægt er að taka af og setja á að vild.



Í bakgrunni má sjá jakka sem Marta saumaði úr neðri partinum af annarri flík. Bleikt litað lambaskinnið setur svo mjög skemmtilegan svip á jakkann.



Fatahönnuðurinn Marta Heiðarsdóttir sýndi pelsa á HönnunarMars sem höfðu fengið nýtt líf. Hún útskrifaðist úr fatahönnun frá Design School Kolding, í Danmörku árið 2016.

## Meiri meðvitund

Henni finnst fólk almennt vera mun meðvitaðra en áður um nýtingu fatnaðar. „Það var gaman að sjá áhuga fólks á sýningunni enda er þetta mikið í umræðunni í dag og margar konur eiga pelsa sem hanga inni í fataskáp. Það sem mér finnst einstakt við pelsa er það hvernig fólk passar upp á flíkina og vill geyma hana í stað þess að henda henni. Við ættum að hugsa um allar flíkur eins og við hugsum um pelsana okkar, þ.e. vanda valið, fara vel með og ef eitthvað kemur fyrir að fara þá beinustu leið á saumastofu.“



**Það var gaman að skoða gamlar flíkur lifna við á ný.**



Sýningin var vel sótt á HönnunarMars um síðustu helgi en hún var haldin í húsakynnum Felds verkstæðis, að Snorrabraut 54 í Reykjavík.




UPPBYGGJANDI RITMENNSKA
AÐ SKRIFA SIG ÚR SKUGGANUM Í LJÓSIÐ

Námskeið um páska, 17.-21. apríl 2019

**Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur leiðbeinir þátttakendum við að skrifa sig frá erfiðum tilfinningum**

Unnið verður með texta sem þátttakendur skrifa í dvölinni. Leitað verður skapandi skriflegra leiða til þess að tjá tilfinningar eins og vanlíðan og sorg. Reynt verður að skoða þessa líðan utan frá með textann sem kíki.

Ritmennskuaðferðin, með hópeflinu, er notuð sem tæki til þess að stuðla að betri líðan og skapa uppbyggjandi kraft fyrir þá sem glíma við óyndi, áhyggjur, kvíða.

Á seinni stigum námskeiðs verður áherslan á að þjálfa þátttakendur í að tjá skriflega jákvæðar og uppbyggjandi tilfinningar.

**Skráning í síma 4830300**
**eða heilsa@heilsustofnun.is**

**Innifalið:**
Gisting í fjórar nætur, ljúffengur og hollur matur, aðgangur að sundlaugum, baðhúsinu Kjarnalundi og líkamsrækt, hóptímar, fræðsla og slökun.

**Umsjón:**
Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur.

Verð með gistingu frá miðvikudegi til sunnudags er 69.000 kr. pr. einstakling.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Berum ábyrgð á eigin heilsu www.heilsustofnun.is

# LANCÔME
PARIS




## TEINT IDOLE ULTRA WEAR

FARÐAR SEM ENDAST OG TRYGGJA SAMA LIT OG ÞÆGINDI* Í ALLT AÐ 24 KLST.
ÞÚ VELUR LÉTTA ÞEKJU EÐA MEIRI ÞEKJU. MATTIR FARÐAR

*SJÁLFSPRÓF 100 KONUR


NÝKOMIN FLOTT SENDING AF BUXUM FRÁ
ROBELL
NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS
Verslunin Belladonna
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Buxnaleggings
Kr. 6.900.- Str. S-XXL

Ríta
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

Þú finnur draumastarfið á
Job.is

Heilbrigðisþjónusta

Iðnaðarmenn
GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is

# Lafði Spencer vekur athygli

Lafði Kitty Eleanor Spencer er 28 ára. Hún hefur vakið mikla athygli sem fyrirsæta og einnig vegna þess að hún er elsta barn Spencers lávarðar, bróður Díönu prinsessu.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Móðir Kittýar er Victoria Lockwood, fyrsta eiginkona lávarðarins, en hún starfaði einnig sem fyrirsæta. Þær mæðgur sátu fyrir á forsíðu Harper's Bazaar þegar Kittý var aðeins tveggja ára. Foreldrarnir skildu árið 1997 en Kittý ólst upp á Englandi með föður sínum og í Suður-Afríku með móður sinni til skiptis.

Spencer lávarður og Victoria eignuðust fjögur börn saman, en hann á þrjú börn með seinni konum sínum. Kittý hefur starfað sem fyrirsæta frá árinu 2015 þegar hún birtist á forsíðu tískuritsins Tatler. Hímaritið Hello birti forsíðumynd af henni 2017 og stuttu síðar birtist hún á japanska Vogue. Kittý hefur gengið á sýningarpöllum fyrir Dolce & Gabbana frá því í fyrra auk þess að vera skartgripamódel fyrir BVLGARI. Þá hefur hún einnig starfað fyrir hjálparsamtök sem safna fé fyrir meðal annars Save the Children og heimilislausa. Kittý stundaði háskólanám í Höfðaborg í Suður-Afríku og hélt síðan í framhaldsnám til Flórens á Ítalíu og London.

Það var eftir Kittý tekið þegar hún mætti í brúðkaup Meghan og Harrys á síðasta ári og síðan hefur kastljós fjölmiðlanna fylgst með henni. Hún hefur núna upp undir hálfa milljón fylgjenda á Instagram þar sem hún er dugleg að pósta myndum, bæði af sér í glæsilegum tískufatnaði og einnig frá glitrandi einkalífi. Hún er góð vinkona frænda sinna, prinsanna Vilhjálms og Harrys.

Nýlega var viðtal við Kittý í Harper's Bazaar þar sem meðal annars var rætt um femínisma. Þótt faðir hennar sé auðkýfingur hefur Kittý kosið að vinna fyrir sínum peningum sjálf og þénar vel. Hún býr í London en ferðast oft á heimaslóðir í Suður-Afríku þar sem hún segist geta legið í leti og lesið tonn af bókum.



Þessi mynd var tekin nýlega á tískuviku í Mílanó þar sem Dolce & Gabbana voru að sýna haust- og vetrartískuna 2019-2020. NORDICPHOTOS/GETTY



Lafði Kittý kemur í brúðkaupsveislu Meghan Markle og Harrys prins í Windsor-kastala í maí á síðasta ári.



Þessi mynd var tekin í Royal Drury leikhúsinu í London.



Í partíi hjá V&A í London.

# Fallegt fyrir veisluna



Kjóll, st. 36-44
verð 15.990 kr.



Kjóll ein st. passar á 38-44
verð 7.990 kr.
Hörjakki ein st. passar á 38-48
verð 9.990 kr.



Plíseraður kjóll ein st, passar á38-44
verð 7.990 kr.



Túnika ein st.p assar á 38-44
verð 7.990 kr.



Jakki ein st. passar á 38-44
verð 9.990 kr.
Toppur ein st. passar á 36-42
verð 4.990 kr.



Kjóll st. M/L, L/XL
verð 7.990 kr.



Túnika ein st. passar á 38-44
verð 5.990 kr.

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugavegi 54**
**sími: 552 5201**
**Skeifunni 3**
**sími: 537 3757**



Kjóll st. S _XL
verð 9.990 kr.

# Nýr stílisti Katrínar slær í gegn

Kate Middleton hefur ráðið sér nýjan stílista samkvæmt breskum fjölmiðlum. Tískuráðgjafinn, Ginnie Chadwyck-Healey, hefur breytt fatastíl hertogynjunnar svo eftir hefur verið tekið.

Ginnie Chadwyck-Healey og hertogaynjan þekkjast vel en þær voru saman í St. Andrews og sátu og lærðu saman listasögu. Chadwyck-Healey kemur í stað Natöshu Archer sem fór í fæðingarorlof í janúar.

Bresku miðlarnir tóku strax eftir breytingunni þegar hertogaynjan fór að velja sín eigin föt til að koma fram. Janúar og febrúar voru henni erfiðir – hvað föt snerti. Allavega sló hún lítið í gegn hjá bresku miðlunum sem fylgjast með hverju fótmáli hennar.

Það var fyrrverandi ritstjóri Vogue, Alexandra Shulman, sem uppljóstraði hver nýi stílistinn væri og bresku blöðin eru á einu máli um að hið nýja lúkk Katrínar sé ekkert minna en stórkostlegt. Hún sé komin í fimmta gír í tískunni og búin að henda út þeim stíl sem einkenndi hana þessa fyrstu mánuði ársins fyrir Missoni, Manu Atelier, Gucci og fleiri rándýr merki – sem hæfa kóngafólki.



**Í byrjun mars birtist Katrín í Catherine Walker-jakka þegar hún sinnti skyldum sínum ásamt drottningunni. Hún hefur áður klæðst merkinu.**



**Hjónakornin glæsilegu koma til Westminster Abbey. Hún í Catherine Walker-jakka sem aðdáendur bentu á að hefði einnig orðið fyrir valinu árið 2014 á Nýja-Sjálandi. Skórnir og veskið eru frá Emmy London.**



**Í Belfast í byrjun árs valdi Katrín að fara í Missoni-kjól sem sló lítið í gegn í breskum fjölmiðlum. Þá hafði stílistinn farið í barneignarleyfi og sá hún sjálf um að velja fötin.**



**Gucci varð fyrir valinu þegar hún heimsótti Henry Fawcett-stofnunina. Veskið setti punktinn yfir i-ið.**



**Katrín mætir á viðburð skáta í Gilwell-garðinum í lok mars íklædd J.Crew peysu, grænum jakka, þröngum buxum og skóm frá Chloé.**



**Katrín í Mulberry frakka sem kostar 1.735 pund eða rúmar 275 þúsund krónur. Tímalaus og glæsileg.**



**Í Blackpool var Katrín í þessari grænu kápu frá Sportmax. Undir var hún í kjól frá Michael Kors og taskan kom frá Manu Atelier.**



**Vilhjálmur og Katrín skála í besta bjór í heimi, Guinness á St. Patricks deginum. Katrín var þá í nýjum frakka frá Alexander McQueen.**


## ÚT AÐ HJÓLA

Föstudaginn 12. apríl gefur Fréttablaðið út sérblaðið Út að hjóla.

Í þessu skemmtilega blaði er fjallað um allt sem viðkemur hjólreiðum á Íslandi.
Allir sem stunda hjólreiðar að einhverju marki munu finna áhugavert efni í blaðinu.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Arnar Magnússon sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5652 / arnarm@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




Afsláttur gildir einnig á **www.brandtex.is**

B.
BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX IMITZ JENSEN

## Bílar & Farartæki


SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**


### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Húsaviðhald


**Gluggar og hurðir**
fyrir íslenskar aðstæður

Í yfir 20 ár hefur Viking selt tréglugga og hurðir á Íslandi
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar á 5-8 vikum




AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3
210 Garðabær
Sími: 480 0000
www.aflvelar.is
sala@aflvelar.is

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is


## Keypt & Selt

### Til sölu


mýranaut

**AFMÆLISTILBOÐ Í MARS !**
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér






**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 6/2017, ekinn 25 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.290.000
Tilboð
kr. 1.990.000
Afborgun kr. 25.931 á mánuði




**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 6/2017, ekinn 22 þús.km., bensín, beinskiptur.
Ásett kr. 2.590.000
Tilboð
kr. 2.290.000
Afborgun kr. 29.816 á mánuði




**Honda CR-V Elegance navi**
Nýskráður 5/2017, ekinn 53 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
Ásett kr. 4.290.000
Tilboð
kr. 3.730.000
Afborgun kr. 48.464 á mánuði



**Honda CR-V Lifestyle**
Nýskráður 5/2012, ekinn 88 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð
kr. 1.990.00
Afborgun kr. 33.577 á mánuði



**Toyota Rav4**
Nýskráður 6/2010, ekinn 133 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Verð
kr. 1.690.00
Allt að 100% fjármögnun í boði

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is



**Þú finnur draumastarfið á**

**job.is**



Kennsla



Heilbrigðisþjónusta

**GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU**

job.is

## Heilsa

### Nudd

**NUDD**
Nuddstofan, opið frá 9-20. Einnig um helgar S. 832 8863

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Húsnæði óskast

Fertugur karlmaður óskar eftir herbergi til leigu sem fyrst og má greiðslubyrgði ekki vera hærri en 60 þús. Get borgað 1 mán fyrirfram. Uppl. s:848-8154

### Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Fasteignir



# Grandavegur 42c
107 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG**
fimmtudaginn 4. apríl kl. 17:00 – 17:30




123 fm íbúð á jarðhæð
Gott sjávarútsýni
Eldhús m eldunareyju
Tvö svefnherbergi
Stórt baðherbergi m þvottaaðstöðu
Einnig gestasnyrting
Stæði í bílgeymslu tilbúið f rafhleðslu



Nánari upplýsingar veitir:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520

Verð :
**62,9 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is




## TIL SÖLU FULLBÚIÐ HJÓLASTILLINGAVERKSTÆÐI

**Fjárfesting fasteignasala s. 562 4250 hefur til sölumeðferðar hjólastillingaverkstæði í góðum rekstri, staðsett á besta svæði á Höfðanum 110.**

Til sölu fullbúið hjólastillingaverkstæði sem er í fullum rekstri. Allur búnaður, tæki, verkfæri og tól fylgja þ.m.t. 5 tonna bílalyfta ofl. ásamt öllu sem þarf til rekstursins. Verkstæðið er í afar hentugu húsnæði, móttaka og skrifstofa. Húsnæðið er með stórum innkeyrsluhurðum og því hægt að þjónusta flesta bíla. Núverandi eigandi mun aðstoða við að yfirfæra öll sín fastaviðskipti eftir áratuga rekstur sem og viðskiptasambönd til nýs eiganda.

Í boði er langur leigusamningur á afar glæsilegu 160 fm húsnæði með mikilli lofthæð og góðu útisvæði við Hamarshöfða.

**Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur H Valtýsson viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali s. 865 3022 eða gudmundur@fjarfesting.is**

# HÚSBÍLAR TIL SÖLU

TILBOÐ


**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010 ekinn 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 3.990.000**
**Tilboð 2.990.000**

TILBOÐ


**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011 ekinn 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
**Tilboð 3.490.000**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel** árg 2017 ekinn 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 8.900.000.**

Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.

TILBOÐ


**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
**Tilboð 4.990.000**

TILBOÐ


**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
**Tilboð 5.990.000**

TILBOÐ


**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2011, ekinn ca 146 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.990.000.**

TILBOÐ


**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2012, ekinn ca 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 5.590.000.-**
**Tilboð 4.490.000.**

TILBOÐ


**Fiat Hobby Optima 65HFL**
árg 2017 ekinn um 70þ km 6 gíra beinskiptur glæsilegur bíll í alla staði. 4 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 11.990.000**
**Tilboð 9.990.000**

TILBOÐ


**Fiat Carado A464 eða A461** árg 2016 ekinn um 80þ km 6 gíra beinskiptur. 6 manna. Gas, heitt og kalt vatn, öll þau þægindi sem hugsast getur. **Verð 8.990.000**
**Tilboð 7.990.000**

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**
**Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)**
**Möguleiki á allt að 100% láni.**

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

## Tilkynningar

STYKKISHÓLMSBÆR

### Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi
### Lóðir á hafnarsvæði við Skipavík.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur samþykkt á fundi þann 28.03.2019 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið þessarar deiliskipulagsbreytingar er að lóðin við Nesveg 12 verður skipt upp í tvær, gólfkóta verður lyft, en ekki mænishæð, þakhalli tekur breytingum, byggingarmagn minnkað og fært fjær íbúðarbyggð, lóðir minnkaðar, byggingarreitur færður til og bundin byggingarlína færist.

Deiliskipulagsbreytingin verður aðgengileg á vef Stykkishólmsbæjar, www.stykkisholmur.is og á skrifstofu skipulags-og byggingarfulltrúa, Hafnargötu 3 á skrifstofutíma milliklukkan10-15, frá 04.04 2019 til 16.05.2019 og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, hvattir til að kynna sér breytinguna og koma ábendingum eða athugasemdum á framfæri, skriflega til skipulags-og byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi, í síðasta lagi 16.05.2019.

*Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Stykkishólmi.*

## Aðalfundur

Aðalfundur Þorbjarnar hf vegna ársins 2018 verður haldinn miðvikudaginn 17. apríl nk. kl. 10:00 á skrifstofu félagsins í Grindavík

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 18. grein samþykkta félagsins
2. Önnur mál

Dagskrá, endanlegar tillögur og reikningar félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis, viku fyrir aðalfund.

**Stjórn Þorbjarnar hf.**


MARKAÐURINN
Við þekkjum viðskiptalífið
Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum








# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



**Delfin iðnaðaryksuga**

Gríðaöflugir 3,4 kw mótorar
Ryksugar bæði blautt og þurrt
100 lítra tunna fyrir úrgang
Ítölsk gæði / 2 ára ábyrgð
Verð 490 þúsund krónur plús VSK

Gh-lausnir ehf / Steinhellu 12
Sími 899-1604 / delfin.is

EYJALIND **Varahlutir í VOLVO**
- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**Bílvogur eh/f**

Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran í sumaraksturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?**



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

*Snyrti & nuddstofan Smart*
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

HÖFÐABÓN

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir



**íshúsið**

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 30 ára BÓNUS

1989 - 2019

Íslenskur **KJÚKLINGUR**




**598** kr. kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill

**ÍSLENSKT** Grísakjöt




**1.298** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini

**ÍSLENSKT** Lambakjöt




**1.198** kr. kg

**Bónus Lambalæri**
Kryddað, sérskorið

KS



**698** kr. kg

**KS Lambasúpukjöt**
Frosið

Matarmiklar súpur **FULLELDAÐAR** Aðeins að hita




**1.498** kr. 1 kg

**1kg**

**Íslensk Kjötsúpa,** 1 kg
**Ungversk Gúllassúpa,** 1 kg
**Mexíkósk Kjúklingasúpa,** 1 kg
**Baunasúpa og Saltkjöt,** 1 kg

KS

**ÍSLENSKT** Lambakjöt



**1.298** kr. kg

**KS Lambalærissneiðar**
Frosnar



**998** kr. kg

**KS Lambalæri**
Frosið

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00




**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni og Garðatorgi:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **7. apríl** eða meðan birgðir endast.

**AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr 100% evrópskum íhlutum og efnum**

## AKU SUPERALP GTX

**39.990 kr.**

STÆRÐIR 35-48




# Hafðu AKU með í valinu

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir. Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.




Borgarskór / kvenna
**AKU Riva High GTX**
**26.990 kr.**

Borgarskór / Herra
**AKU Ledro FG MID GTX**
**26.990 kr.**

Léttir borgarskór / Herra
**AKU Bellamont II Mid Plus**
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór, borgarskór / Kvenna
**AKU Bellamont Gaia GTX**
**23.990 kr.**

Lágir, millistífir gönguskór
**AKU TENGU LOW GTX**
**27.990 kr.**




Lágir gönguskór / borgarskór / herra
**AKU Climatica NBK GTX**
**26.990 kr.**

Lágir gönguskór / borgarskór / kvenna
**AKU Climatica Suede GTX**
**24.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / kvenna
**AKU ALTERRA GTX**
**31.990 kr.**

Gönguskór með góðan stuðning / herra
**AKU ALTERRA GTX**
**31.990 kr.**

Léttir gönguskór herra / kvenna
**AKU TRIBUTE GTX**
**24.990 kr.**

# KEEN SANDALAR OG GÖNGUSKÓR KEEN



**KEEN Venice kvenna**
Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Léttir og áræðanlegir.
*Stærðir: 35-42*
15.990 kr.

**ALLAN DAGINN ALLA DAGA ALLTAF**
KEEN



**KEEN Newport herra**
Lokuð tá sem verndar tærnar fyrir hnjaski. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi, innlegg mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem þú getur notað allan daginn, alla daga.
*Stærðir: 40-48,5*
15.990 kr.




KEEN Targhee III Mid WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
23.990 kr.

KEEN Targhee III WP herra/kvenna
Vatnsheldir gönguskór
19.990 kr.

KEEN Venice II H2 kvenna
Stillanlegt hælband, lokuð tá
15.990 kr.



KEEN Newport H2 herra
Lokað hælband, lokuð tá
14.990 kr.

KEEN Evofit One kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
17.990 kr.

KEEN Evofit One herra/kvenna
Góður stuðningur, lokuð tá
17.990 kr.

KEEN Rialto herra
Leður, stillanlegt hælband og lokuð tá
21.990 kr.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópavogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

# GG·sport




„Finndu okkur á Facebook"



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ásta Minney Guðmundsdóttir**

frá Svarthamri,

lést sunnudaginn 31. mars á Hrafnistu í Hafnarfirði. Jarðsett verður frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 5. apríl kl. 15.

**Guðrún Halldórsdóttir — Jónas Skúlason**
**Guðmundur Halldórsson — Salbjörg Sigurðardóttir**
**Sóley Halldórsdóttir**
**Aðalheiður Halldórsdóttir**
**Pétur Júlíus Halldórsson — Kristín Gunnarsdóttir**
**Harpa Halldórsdóttir — Helgi Skúlason**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hildur Ólafsdóttir**

Blásölum 24, Kópavogi,

lést á Landspítala við Hringbraut laugardaginn 30. mars sl. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju miðvikudaginn 17. apríl klukkan 13.00.

**Guðrún Pétursdóttir — Rafn Finnbogason**
**Gestur Pétursson — Ásta Leifsdóttir**
**Ólafur Gunnar Pétursson — Ásdís Íshólm Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Okkar ástkæri bróðir, mágur og frændi,

**Gunnar Halldórsson**

lést á heimili sínu 24. mars sl. og fer útförin fram frá Seljakirkju föstudaginn 5. apríl nk. kl. 15. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að heita á Strandarkirkju.

**Hugrún Halldórsdóttir — Andrés Þ. Garðarsson**
**Sigrún Halldórsdóttir — Hilmar Kristensen**
**Helga Halldórsdóttir**
**Halla Halldórsdóttir**
**Sævar Halldórsson**
**Halldór Guðmundsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Hjartans þakkir til ykkar allra sem sýnt hafið okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Einarsdóttur**

sem lést 13. mars sl.
Sérstakar þakkir eru til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Hlévangs og heimahjúkrunar HSS fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Björg, Ragnhildur, Ásta, Sigríður,**
**Erna og Guðbrandur Sigurðarbörn og fjölskyldur.**




Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR
540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Erla hefur verið formaður ungmennaráðsins í tæp tvö ár og lætur af embætti í vor. Hún útskrifaðist sem stúdent um áramótin.**

# Vilja móta eigin framtíð

## Á ungmennaþingi Fljótsdalshéraðs sem haldið er í dag á Egilsstöðum verður til dæmis pælt í hvernig skipulagið geti átt þátt í að unga fólkið vilji búa áfram á svæðinu.

Við viljum fá svör frá ungu fólki um hvað því finnst gott í aðalskipulagi sveitarfélagsins og hvað má betur fara,“ segir Erla Jónsdóttir, formaður ungmennaráðs Fljótsdalshéraðs, um aðalefni árlegs ungmennaþings sem haldið er í Menntaskólanum á Egilsstöðum í dag. Hún á von á 100-150 þátttakendum. „Við erum með fólk alveg niður í 8. bekk og flestir eru undir 25 ára en þingið er opið öllum.“

Yfirskrift þingsins er „Ég vil móta mína eigin framtíð“, að sögn Erlu. „Hann Páll Líndal umhverfissálfræðingur kemur hingað austur til okkar og það verður forvitnilegt að heyra hvaða þætti hann leggur áherslu á.“

Þingið mun skiptast upp í ræður og hópavinnu, að sögn Erlu. „Við verðum með könnun í fyrramálið og þar sést svart á hvítu hvað okkur finnst. Eftir hádegi verður svolítið unnið út frá könnuninni í vinnuhópunum,“ lýsir hún. „Markmiðið er að vekja fólk til umhugsunar um að skoðanir okkar skipta máli, það erum við sem væntanlega munum búa hér í framtíðinni. Niðurstöður af þinginu verða sendar til bæjarstjórnarinnar og síðar verður sameiginlegur fundur með henni.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Brynjólfur Samúelsson**

lést á Landspítala Fossvogi 31. mars sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju, miðvikudaginn 10. mars kl. 15.

**Bjarni Brynjólfsson — Ingibjörg Anna Arnarsdóttir**
**Theodór Brynjólfsson — Bryndís Kvaran**
**Berglind Huld Theodórsdóttir,**
**Ragnhildur Theodórsdóttir, Ásthildur Dóra Þórsdóttir**
**Margrét Edda Lian Bjarnadóttir,**
**Þorbjörg Anna Qing Bjarnadóttir**
**Samúel J. Samúelsson, Friðgerður Samúelsdóttir**



✝

Okkar ástkæri

**Matthías Geir Guðjónsson**

andaðist að morgni 29. mars síðastliðins á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram í Guðríðarkirkju kl. 13 fimmtudaginn 11. apríl næstkomandi.

**Sólveig Arnfríður Sigurjónsdóttir**
**Páll Matthíasson — Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir**
**Margrét Björnsdóttir — Guðmundur Hallgrímsson**
**barnabörn.**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Helga Dóra Reinaldsdóttir**

fædd 10. janúar 1955 á Akureyri, lést miðvikudaginn 27. mars 2019. Jarðarförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jón Birgir Ragnarsson**
**Jóna Júlía Jónsdóttir**
**Valgerður Sif Jónsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og systkini.**



✝

Elskuð móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þórdís Jónsdóttir Sandholt**

andaðist á bráðamóttöku Landspítalans miðvikudaginn 27. mars. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík, miðvikudaginn 10. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög eða góðgerðarsamtök.

**Þórunn Sandholt — Jón Axelsson**
**Gerður Sandholt — Ívar Þ. Björnsson**
**Guðbjörg Sandholt**
**Jens Sandholt — Elín Lára Edvardsdóttir**
**Jón Guðni Sandholt — Lára Sandholt**
**Óskar Jörgen Sandholt — Clair Janine de Vries**
**og aðrir aðstandendur.**

# FYRIR FERÐALÖGIN OG VORVEISLURNAR



# NÝTTU TÍMANN – LAXDAL ER Í LEIÐINNI




**Skoðið** laxdal.is/yfirhafnir

**Laugavegi 63 • Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 6 |
| Ísafjörður | 0 | 6 |
| Akureyri | 5 | 3 |
| Egilsstaðir | 4 | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 3 |
| Hveravellir | -4 | 8 |

Sunnan 10-18 m/s, hvassast í vindstrengjum við fjöll en að 28 m/s á norðanverðu Snæfellsnesi. Hægari vindur um austanvert landið. Rigning eða súld með köflum, en þurrt og bjart á Norður- og Austurlandi. Hæg suðlæg eða breytileg átt og víða léttskýjað í dag, en dálítil væta með suður- og vesturströndinni. Hiti 1 til 6 stig, en næturfrost norðaustan til.

## Föstudagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 5 | 3 |
| Ísafjörður | -1 | 1 |
| Akureyri | 3 | 1 |
| Egilsstaðir | 3 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 4 | 2 |
| Hveravellir | -4 | 7 |

## Laugardagur

| Staður | °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 4 | 3 |
| Ísafjörður | -1 | 2 |
| Akureyri | -4 | 1 |
| Egilsstaðir | 0 | 2 |
| Kirkjubæjarkl | 3 | 2 |
| Hveravellir | -5 | 1 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 5 | | 1 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | | | | | | | 6 |
| | 2 | 4 | 6 | 7 | | 3 | | |
| | 4 | 9 | | 3 | | 5 | 1 | |
| | | | | | 7 | 4 | | |
| | | 1 | | | 9 | 8 | | 3 |
| 9 | | 3 | | | | | 5 | |
| | | 2 | | 6 | | | | |
| | 6 | | 2 | | 3 | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 3 | | 5 | 1 | 9 |
| | | | 1 | | | 7 | | 4 |
| 5 | | | | | 4 | | | |
| | 9 | | | 6 | | | | |
| | | 8 | | | | 9 | 6 | |
| 2 | 6 | | 9 | 8 | | | | |
| 6 | 1 | | | 2 | | 4 | 5 | 8 |
| | 4 | 5 | | | | | | 6 |
| | | | 6 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | | | 6 | 1 | 4 |
| | | 9 | | | | | | |
| | | | 7 | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | 7 | 1 | 3 | |
| 6 | 8 | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | | | 4 | |
| 7 | | | | 1 | | | | 5 |
| 2 | | | | | 5 | 9 | 7 | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 sólarhringur
5 seytla
6 líka
8 afhentiru
10 íþróttafélag
11 frændbálkur
12 ágætur
13 innihald
15 ársverk
17 mið

**LÓÐRÉTT**
1 andlitskrem
2 temur
3 útdeildi
4 meindýr
7 fúskari
9 frjóvgun
12 fjallsnöf
14 framkoma
16 snæddi

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** **1** dagur, **5** aga, **6** og, **8** gafstu, **10** kr, **11** ætt, **12** eðal, **13** efni, **15** mannár, **17** sigti.
**LÓÐRÉTT:** **1** dagkrem, **2** agar, **3** gaf, **4** rotta, **7** gutlari, **9** sæðing, **12** enni, **14** fas, **16** át.

## Skák Gunnar Björnsson

Trisic átti leik gegn Bulak í Lyngby í Danmörku 1990.

**1. Hxf4! exf4 2. Dc3+ Dd4 3. Hd1! 1-0.** GAMMA Reykjavíkurskákmótið hefst mánudaginn, 8. apríl. Mótið verður tileinkað minningu stórmeistarans Stefáns Kristjánssonar, sem lést langt fyrir aldur fram í fyrra. Heiðursgestur mótsins verður Arkady Dvorkovich, forseti FIDE. Ítarlega frétt um mótið má finna á skak.is. **www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 8 | 9 | 6 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 | 1 |
| 5 | 1 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 |
| 9 | 6 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 1 | 7 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 1 | 8 | 5 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 8 | 2 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 9 | 1 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 1 | 8 | 7 | 9 | 5 |
| 8 | 5 | 6 | 7 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 4 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 5 | 7 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 7 |
| 8 | 7 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 9 | 2 | 8 | 7 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 4 | 7 | 9 | 8 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 7 | 8 | 3 | 2 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 |
| 6 | 1 | 5 | 3 | 7 | 8 | 9 | 2 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








20-50% afsláttur
af ÖLLUM vörum!
Stærðir 36-56
TILBOÐSDAGAR!
Afsláttur af ÖLLUM vörum dagana 4-8.apríl
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 5.990 NÚ 4.792 st. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 3.990 NÚ 3.192 st. S-XXXL
Skoðaðu úrvalið og pantaðu á
ZIKZAKVERSLUN.IS
MIÐNÆTURSPRENGJA
- Opið til miðnættis í Kringlunni í dag -
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.992 st. S-XXXL
PEYSA ÁÐUR 8.990 NÚ 4.495 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.992 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 5.990 NÚ 2.992 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 3.990 NÚ 1.995 st. S-XXXL
Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# BÍLAR



Á rafbíl eins og I-Pace skila um 90% orku rafhlöðunnar sér beint til hjólanna til að knýja bílinn áfram. Í tilfelli bensín- og dísilbíla skila sér aðeins á milli 30 og 40 prósent orkunnar til hjólanna.

# Þeir sem aka rafbíl vilja almennt ekki aftur bíl með sprengihreyfli

Á rafbíl eins og I-Pace skila um 90% orku rafhlöðunnar sér beint til hjólanna til að knýja bílinn áfram. Í bensín- og dísilbílum skila sér aðeins á milli 30 og 40 prósent orkunnar til hjólanna.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is



Framleiðslustjóri Jaguar, Giles Lenthall, hitti nýlega bílablaðamanninn og sjónvarpsþáttastjórnandann Jonny Smith hjá BBC til að ræða kosti rafbíla og hvernig best sé að umgangast þessa nýju tækni sem ryður sér sífellt meira rúm á hinum alþjóðlega bílamarkaði þar sem orkuskiptin í samgöngum bera hæst. Þegar Jonny og Giles hittust hafði Jonny haft fjórhjóladrifna rafbílinn Jaguar I-Pace að láni í sólarhring og vildi fræðast um það hjá Giles hvernig hann gæti nýtt sér kosti bílsins til hins ítrasta með sem hagkvæmustum hætti. Eftir níu mánaða reynslu af notkun I-Pace hafði Giles ýmis ráð og heilræði til að gefa Jonny, ráð sem nýtast öllum sem vilja kynna sér kosti rafbíla.

**Heimahleðslustöð besti kosturinn**

Til að byrja með ráðleggur Giles rafbílaeigendum að fá sér heimahleðslustöð til að hlaða bílinn í rólegheitum þegar heim er komið. Hann segir notkun og umgengni við heimahleðslustöðvar ekki ólíka umgengni okkar við snjallsíma sem við setjum gjarnan í hleðslu þegar heim er komið að loknum vinnudegi. Þessi venjubundna hegðun er af sama meiði: Að morgni er rafbíllinn fullhlaðinn, rétt eins og snjallsíminn. Kostur heimahleðslustöðvarinnar umfram hleðslu við venjulega heimilisinnstungu er m.a. sá að heimahleðslustöðin er mun fljótari að hlaða bílinn og í ljósi daglegra nota þar sem flestir ökumenn fara fremur stuttar vegalengdir dag hvern eru kostir hennar ótvíræðir.

**Ók 3.000 km fyrir 4.000 krónur**

Þegar Giles og fjölskylda ráðgera helgarferð úr fyrir borgina skipuleggja þau ferðalagið með tilliti til þess hvar orkusölustöðvar eru á leiðinni og athuga einnig hvort hægt sé að hlaða bílinn á gististöðunum. Slík skipulagning hefur þó sífellt minna vægi eftir því sem hleðslustöðvum fjölgar í Evrópu og það er að gerast mjög hratt. Giles hefur ekið bílnum sínum mikið, hann fer m.a. reglulega í heimsókn til foreldra sinna sem búa í München og aldrei lent í vandræðum. Sömu sögu er að segja af samstarfskonu hans sem fór í sumarfrí um Evrópu sl. sumar og ók meira en 3.000 km án nokkurra vandræða í daglegum akstri á alla þá áfangastaði sem hún hafði ráðgert. Á ferðalaginu eyddi hún einungis sem svarar 25 sterlingspundum í raforkukaup. Það svarar til um fjögur þúsund króna.

**Góð drægni I-Pace**

Uppgefið drægi rafhlöðu I-Pace er um 470 km samkvæmt WLTP staðlinum. Fjölmargir utanaðkomandi þættir ráða þó rauneyðslu rafbíla rétt eins og þegar skoðuð er raunddrægni bíla með sprengihreyfli. Þar ræður t.d. aksturslag ökumannsins miklu og í tilfelli I-Pace, sem er um 400 hestöfl og innan við 5 sekúndur að ná 100 km hraða úr kyrrstöðu, getur það reynst sumum erfitt að aka bílnum þannig að orkan nýtist sem best. Giles segir að veðurfarið hafi líka áhrif, eftir því sem kaldara sé styttist drægið. Einnig hefur notkun mismunandi búnaðar áhrif á eyðsluna, svo sem sætis- og rúðuhitarar, miðstöðin og fleira auk þess sem farangursmagn og farþegafjöldi, loftþrýstingur í dekkjum og annað hafa líka áhrif rétt eins og í öllum tegundum ökutækja óháð orkugjafa. Að teknu tilliti til ytri áhrifaþátta á drægi rafbíla segir Giles þó að ökumenn Jaguar I-Pace geti almennt treyst því að komast að um 230 km á hleðslunni óháð ökulagi, hleðslu, veðri og vindum.

**90% orkunnar skila sér til hjólanna**

Einn eðliseiginleika rafbíla er skilvirkni orkunnar. Á rafbíl eins og I-Pace skila um 90% orku rafhlöðunnar sér beint til hjólanna til að knýja bílinn áfram. Í tilfelli bensín- og dísilbíla skila sér aðeins á milli 30 og 40 prósent orkunnar til hjólanna. Afgangurinn eyðist í viðnámi vélarhlutanna, bæði í einstökum mótorhlutum en líka í loft- og olíusíu auk þess sem lausagangur vélar í kyrrstöðu eyðir mikilli orku. Þessi atriði eiga ekki við um rafbíla. Samsetning rafbíla lýtur allt öðrum lögmálum, slit- og viðnámsfletir eru mjög fáir og afköstin að sama skapi margföld á við sprengihreyfil. Giles segir reynsluna af rafbílum almennt þá að þegar fólk hafi einu sinni reynt rafbíl til lengri tíma sé mjög fátítt að hinir sömu vilji skipta aftur yfir í bíl með sprengihreyfli.




# Nissan Leaf bíll ársins 2019 á Kanaríeyjum



Forseti hins spænska sjálfstjórnarsvæðis Kanaríeyja, Fernando Clavijo Batlle, afhendir Marco Toro, yfirmanni Nissan á Íberíuskaga, verðlaunin.

Vinsælasti rafbíllinn á Vesturlöndum, Nissan Leaf, hefur verið kjörinn bíll ársins 2019 á Kanaríeyjum, þar sem íbúar eru rúmar tvær milljónir. Nissan er eina merkið sem unnið hefur titilinn fjórum sinnum á eyjaklasanum. Áður voru það Juke 2011, Pulsar 2014, Micra 2017 og nú Leaf 2019, sem er jafnframt fyrsti rafbíllinn sem Kanaríeyjabúar sæma nafnbótinni. Við val á bíl ársins eru lögð saman gefin stig í átta flokkum sem taka meðal annars til öryggis, hönnunar og útlits, nýsköpunar, tækni og þjónustu framleiðandans. Að mati dómnefndar er Leaf sá bíll á markaðnum sem uppfyllir best væntingar viðskiptavina. Það var forseti hins spænska sjálfstjórnarsvæðis Kanaríeyja, Fernando Clavijo Batlle, sem afhenti verðlaunin við hátíðlegt tækifæri og tók Marco Toro, yfirmaður Nissan á Íberíuskaga, við verðlaununum.

Leaf er langvinsælasti rafbíllinn á Kanaríeyjum og eiga íbúar eyjanna sinn þátt í þeim áfanga sem Leaf náði nýlega, að seljast í 400 þúsund eintökum, en Leaf er mest seldi fimm manna 100% rafknúni fólksbíllinn á heimsmarkaði. Samtals hafa ökumenn Leaf ekið bílunum um 10 milljarða kílómetra frá árinu 2010 þegar Leaf fór fyrst í sölu og sparað um 10 milljónir olíutunna.

Leaf er ekki aðeins mest seldi rafbíll Evrópu heldur hefur hann líka náð þeim áfanga að verða vinsælasti bíllinn á markaðnum í Noregi, þar sem hann var söluhæsti bíllinn 2018. Leaf er einnig vinsælasti rafbíll Spánar og á síðasta ári undirritaði Nissan samning við yfirvöld á Tenerife, einni eyju Kanaríeyja, um kynningarátak til að kynna umhverfisvænar samgöngur með orkuskiptum í því skyni að bæta loftgæði. Sem stendur er Leaf seldur í 50 löndum og á árinu bætast fleiri lönd við þegar hann fer í sölu á sex mörkuðum í Suður-Ameríku.

# GÆÐAMATUR Á GÓÐU VERÐI Í NETTÓ!

**Striploin/nautahryggvöðvi**
Skare
**2.999** KR/KG
ÁÐUR: 4.998 KR/KG
-40%





-25%
**Úrbeinað lambalæri með piparosti**
Kjarnafæði
**2.144** KR/KG
ÁÐUR: 2.859 KR/KG




-30%
**BBQ Víkingagrís**
Kjarnafæði
**1.525** KR/KG
ÁÐUR: 2.179 KR/KG




-25%
**Danpo kjúklingabringur**
900 gr
**1.274** KR/PK
ÁÐUR: 1.698 KR/PK



-30%
**Bleikjuflök**
Beinlaus með roði
**2.029** KR/KG
ÁÐUR: 2.898 KR/KG



**Nauta innralæri**
Roastbeef
**2.799** KR/KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
-30%

## LJÚFFENGUR SUNNUDAGSMATUR!



-40%
**Alabama grísagrillsneiðar**
Stjörnugrís
**838** KR/KG
ÁÐUR: 1.398 KR/KG

## FJÖLNOTAPOKI Á FRÁBÆRU VERÐI!



99 KRÓNUR!

**Sætar kartöflur**
**149** KR/KG
ÁÐUR: 298 KR/KG
-50%



nettó
Lægra verð – léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 4. - 7. apríl**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.


„Þetta er umhverfi, fullt af hlutum og pælingum," segir Brynjar.

# Kortlagning hluta

## Brynjar Sigurðarson og Veronika Sedlmair sýna í Hafnarborg. Rannsóknarvinna hluti af listsköpuninni.

Brynjar Sigurðarson og Veronika Sedlmair sýna verk sín á sýningunni Fyrirvari sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Verk þeirra taka á sig margar myndir og þar er að finna teikningar, ljósmyndir, myndbönd, hljóð og hluti. Samband mannsins við umhverfi sitt er sterkur þráður í verkum þeirra.

Segja má að sýningin miði að því að þýða eða tengja saman hluti í umhverfinu við hugmyndir og hugleiðingar að nýjum hlutum, en á sýningunni er sköpunarferlið sjálft sýningarefnið. Listamennirnir sjá vinnu sem röð af möguleikum og uppsprettu fyrir nýja hluti. Þannig verður hljóð kveikja að hlut og ljósmynd spinnur jafnvel af sér formæfingu í teikningu. Markmið sýningarinnar er að nýta og sýna öll þessi stig og miðla eða setja fram eins konar kortlagningu á tengingum milli hluta og viðfangsefna, að leggja fram og myndgera ferli, hugmyndir og uppsprettur.

**Vinna allt saman**

„Við höfum flakkað nokkuð mikið milli miðla og hugmynda. Við stunduðum bæði hönnunarnám og þar lærir maður að vinna með efni og eiginleika þeirra og fer um leið að velta fyrir sér áferðum og hvernig mismunandi efni vinna saman," segir Brynjar. „Rannsóknarvinna er hluti af listsköpun okkar, það að skoða hluti og æfa sig í því að horfa á þá. Þessar æfingar eru mikilvægur hluti af vinnu okkar. Við æfum okkur í því að horfa, hlusta, skapa tónlist og teikna. Þetta skilar sér, ef maður tekur nokkra daga í að teikna þá skapast eins konar næmni fyrir formum eða litum sem skilar sér í listsköpunina. Við vinnum allt saman. Við erum nýgift og höfum unnið saman í fimm ár og reynum að virða og rækta mismunandi eiginleika í samvinnunni."

**RANNSÓKNARVINNA ER HLUTI AF LISTSKÖPUN OKKAR, ÞAÐ AÐ SKOÐA HLUTI OG ÆFA SIG Í ÞVÍ AÐ HORFA Á ÞÁ.**

Verkin á sýningunni eru afar fjölbreytt og þar á sannarlega við að sjón sé sögu ríkari. „Þetta er umhverfi, fullt af hlutum og pælingum. Við erum að kortleggja þessa hluti og það má sjá einhvers konar tengingar milli þess sem við gerum," segir Brynjar.

**Alls kyns spennandi efni**

„Við fundum alls kyns spennandi efni, eins og til dæmis steina sem við söfnuðum," segir Veronika. „Ég er heilluð af sérstæðum hlutum og ég vona að fólk heillist sömuleiðis af þeim."

Þau búa í Suður-Frakklandi en bjuggu áður í fjögur ár í Berlín og segjast leggja ríka áherslu að heimsækja Ísland reglulega og vera þá í nokkrar vikur. Saman standa þau að íslensk-þýsku hönnunarstofunni Studio Brynjar & Veronika. Þau hafa unnið margvísleg verkefni fyrir fyrirtæki og gallerí og hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir hönnunarstörf sín.

kolbrunb@frettabladid.is


Brynjar og Veronika hafa hlotið verðlaun fyrir hönnun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


„Ég blanda venjulega saman dansi, tónlist og sviðsmynd," segir Rósa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Dansverk um samband manns við umhverfið

## Menjar eftir Rósu Ómarsdóttur flutt í Tjarnarbíói. Hefur verið sýnt víða í Evrópu við góðar viðtökur.


Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Dagana 4.-7. apríl verður haldin danshátíð Tjarnarbíós og Reykjavík Dance Festival undir nafninu Vorblót og þar verða könnuð mörkin milli dans, leiklistar og tónlistar. Meðal verka sem sýnd verða er verk eftir Rósu Ómarsdóttur, Menjar (Traces). Einungis verður ein sýning, í kvöld, fimmtudaginn 4. apríl kl. 20.

Verkið var frumsýnt í nóvember 2017 í leikhúsinu Beursschouwburg í Brussel. Síðan þá hefur það verið sýnt í stórum leikhúsum og á hátíðum víðsvegar um Evrópu, í Stokkhólmi, Noregi, Belgíu, Hollandi og Grikklandi, og hlotið mjög góðar viðtökur og gagnrýni.

**Frumskógarleg stemning**

„Verkið er dansverk en tónlist og sviðsmynd leika þar stórt hlutverk," segir Rósa. „Umhverfisvitund brann á listræna hópnum sem vann að verkinu. Í daglegu lífi erum við að velta því fyrir okkur hvernig við hegðum okkur og hvaða ummerki við skiljum eftir okkur í náttúrunni. Við vildum taka þennan hugsunarhátt inn í æfingarferlið og sýninguna. Í verkinu er verið að skoða samband manns við umhverfi sitt, en það er eins og maðurinn líti svo á að hann standi fyrir utan náttúruna. Hann gleymir því að hann er hluti af henni.


Umfjöllunarefni verksins er ekki síst maðurinn í náttúrunni. MYND/STANISLAV DOBAC

**VIÐ NOTUM RÖDDINA TIL AÐ FRAMKALLA HLJÓÐ OG MUNNHLJÓÐ VERÐA TIL DÆMIS AÐ RIGNINGARHLJÓÐUM. ALLT FÆR LÍF FYRIR FRAMAN AUGU ÁHORFENDA.**

Verkið er samspil dansara og sviðsmyndar og saman mynda þau ákveðið landslag eða náttúru sem tekur sífelldum breytingum. Áhorfendur sitja í kringum sviðið og á sviðinu er lítil tjörn, gras og plöntur og loðin efni. Lýsingin varpar skuggum þannig að stemningin verður frumskógarleg. Við notum röddina til að framkalla hljóð og munnhljóð verða til dæmis að rigningarhljóðum. Allt fær líf fyrir framan augu áhorfenda."

Sveinbjörn Thorarensen, einnig þekktur sem Hermigervill, sér um hljóð og tónlist. „Hann setur hljóðnema á raddbönd okkar dansarana og hljóðnemar eru einnig í rýminu og úr þessu skapar hann mjög fallega hljóðmynd," segir Rósa. Sviðsmynd er eftir verðlaunahönnuðinn Rögnu Þórunni Ragnarsdóttur. Dansarar eru: Rósa Ómarsdóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Jeanne Colin og Siet Reaymeakers. Lýsing er í höndum Elke Veraktert.

**Dansborgin Brussel**

Rósa lærði dans í P.A.R.T.S. dansskólanum í Brussel og eftir fjögurra ára nám kaus hún að búa áfram í borginni og einbeitir sér að því að semja dansverk. „Brussel er mikil dansborg. Þar er mikið um tilraunastarfsemi. Mörkin milli leikhúss og dans hafa máðst út og einnig mörkin milli leikhúss og myndlistar, en dans er líka að færast inn í söfn og gallerí. Ég held að það sé jafnvel meiri dans en leikhús í Brussel," segir hún.

Rósa byrjaði í fimleikum og ballett. „Þegar ég var unglingur áttaði ég mig á því að ballettinn var ekki fyrir mig og byrjaði í Listdansskólanum á nútímadansbraut. Ég var alltaf leitandi að möguleikum í dansinum og þegar Erna Ómarsdóttir kom til landsins þá sá ég að það var hægt að gera svo ótal margt. Svo fór ég til Brussel og þar opnuðust allar dyr. Í dansverkum mínum hef ég ekki mikinn áhuga á mannslíkamanum einum og sér heldur vil ég vinna með hann í samtali við ýmislegt annað. Ég blanda venjulega saman dansi, tónlist og sviðsmynd.

Þetta verk er upplifunarverk, það er fyrir öll skilningarvitin. Áhorfendur sitja í kringum sviðið og hver og einn fær sitt sjónarhorn á verkið. Það er engin ein leið til að horfa á verkið. Þetta er dálítið eins og þegar maður horfir á náttúruna, þú tekur eftir einhverju einu og ég eftir öðru. Þetta er þannig verk og áhorfendur ættu að koma og njóta og upplifa."


MIÐNÆTURSPRENGJA
Í KRINGLUNNI
20% afsláttur auk fjölda annarra tilboða
20%
AFSLÁTTUR
ÚRVALIÐ
ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
utilif.is

# Heimsklassaverk, ótrúlega fjölbreytt og krefjandi

**Hymnodia frumflytur fimm ný kórverk í Akureyrarkirkju í kvöld, án undirleiks, undir stjórn Eyþórs Inga Jónssonar. Titill tónleikanna er Eyjar í reginhafi því lagahöfundarnir eru allir frá Íslandi og Færeyjum.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Við reynum alltaf að finna upp á einhverju nýju," segir Eyþór Ingi Jónsson, kórstjóri Hymnodiu, um verkefnaval á tónleikum kvöldsins sem verða í Akureyrarkirkju klukkan 20. „Núna erum við að flytja verk eftir fjögur tónskáld, fjóra Íslendinga og einn Færeying, og það eru fimm frumflutningar á dagskránni, allt verk sem við höfum pantað. Þetta eru heimsklassaverk, ótrúlega fjölbreytt og krefjandi. Þau reyna á aðra hluti en hafa verið hjá okkur áður. Þau reyna á úthald, það er erfitt að skipuleggja andanir, sem er gaman að glíma við, lögin flæða hægt og mjúklega – mörg þeirra."

Eitt hinna nýju laga er við hið þekkta kvæði Davíðs Stefánssonar Til eru fræ. Eyþór Ingi segir það dramatískt og bendir á að textinn sé það líka. „Það er engin von í þessum texta, bara svartnætti og verkið er í þeim anda. Tónskáldinu, Kára Bæk, tekst afar vel að mála textann."

Kári er færeyska tónskáldið í hópnum. Eyþór Ingi kveðst hafa rekist á hann þegar báðir voru í námi við tónlistarháskólann í Piteå í Svíþjóð og Hymnodia hafi flutt eftir hann þrjú verk áður.

Önnur verk sem frumflutt verða eru eftir Þorvald Örn Davíðsson og Sigurð Sævarsson. Þó titlar þeirra bendi ekki til neinnar léttúðar eins og Gott er sjúkum að sofna, Stóð við krossinn og O sacrum convivium, vill Eyþór Ingi ekki meina að öll tónlistin sé dramtísk. „Hann Sigurður Sævarsson er afar mjúkur maður og músíkin hans afskaplega tær og hrein og alveg gullfalleg. Svo er Þorvaldur Örn svipaður karakter. Það er svolítið drama í sumu sem hann gerir en verkin sem við erum með núna eru ekkert mjög alvarleg. Við erum líka með Önnu Þorvalds á okkar höfundaskrá, flytjum bara eitt verk eftir hana núna en komum suður með tónleika 12. maí og ætlum að vera með fleiri þá."

Hann segir kórinn syngja allt án undirleiks á tónleikunum í kvöld. Skyldi það vera regla? „Nei, nei, við höfum oft verið með tónleika með hljómsveitum og spilum stundum sjálf, það eru hljóðfæraleikarar í kórnum. Við höfum verið í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Skálmöld nokkrum sinnum. Tökum alveg þátt í svoleiðis verkefnum en hitt er meira krefjandi, að hafa engan undirleik og þar af leiðandi er það skemmtilegra. Þannig er það núna."

Eyþór Ingi er organisti í Akureyrarkirkju og kennir líka orgelleik, spuna og kórstjórn. Hann segir alltaf einhverjar smávægilegar breytingar á Hymnodiu.

„Einstaka flytur í burtu en þó er ótrúlega lítil hreyfing. Við höfum verið 16 í hópnum í nokkur ár, flestir Akureyringar, ein kona úr Mývatnssveitinni og önnur á heima hér inni í Eyjafjarðarsveit. Hann segir Hymnodiu hafa æfingaaðstöðu í Laxdalshúsi, elsta húsi Akureyrar. „Þar er frábær aðstaða, þó að þetta sé ekkert tónleikahús er fínt að æfa í hljómburði sem er ekki of góður."



Hymnodia. Eyþór Ingi er lengst til hægri. Öll tónlistin verður flutt án undirleiks í kvöld.

**EYÞÓR INGI ER ORGANISTI Í AKUREYRARKIRKJU OG KENNIR LÍKA ORGELLEIK, SPUNA OG KÓRSTJÓRN.**







# Nostalgía á Barnakvikmyndahátíð

Alþjóðleg Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík hefst í dag, fimmtudaginn 4. apríl, í Bíó Paradís og stendur yfir til 14. apríl. Það er 1.000 króna barnaverð fyrir alla og gnægð af fríviðburðum.

Nostalgía mun svífa yfir vötnum, en sýndar verða klassískar myndir á borð við Ghostbusters og The NeverEnding Story ásamt einni ástsælustu kvikmynd úr smiðju Jims Henson, The Dark Crystal.

Opnunarmynd Barnakvikmyndahátíðar er Benjamín dúfa, sem hefur ekki sést í bíó í áratugi, en hefur nú verið endurbætt í fullum stafrænum mynd-/hljóðgæðum fyrir frábæra upplifun.

Einnig mun kvikmyndin eftir sígildri sögu Astrid Lindgren um Ronju ræningjadóttur eiga endurkomu á Barnakvikmyndahátíð með íslensku tali, sú mynd hefur heldur ekki sést í bíó síðan á níunda áratugnum og birtist nú áhorfendum í glænýrri stafrænni útgáfu.

Japanskar teiknimyndir eiga sinn sess á Barnakvikmyndahátíðinni, en í þetta sinn verður sýnd hin klassíska mynd leikstjórans Hayao Miyazaki, My Neighbor Totoro, ásamt hinni spánnýju Mirai sem var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í ár sem besta teiknimyndin.

Fjölmargir fríviðburðir eru í boði á Barnakvikmyndahátíð, slímnámskeið verður á undan sýningu Ghostbusters (sun. 7/4), leiklistarnámskeið undir handleiðslu Ísgerðar Elfu Gunnarsdóttur (sun. 14/4), japanska sendiráðið á Íslandi stendur fyrir sýnikennslu á japanskri skrautskrift (sun. 7/4) og á Eurovision-viðburði (fös. 12/4) verður stiklað yfir brot úr öllum framlögunum árið 2019.

Einnig verður frítt inn á allar bíósýningar á Litlu lirfunni ljótu og Önnu og skapsveiflunum sem sýndar verða saman, og Hagamúsinni eftir Þorfinn Guðnason. Borgarleikhúsið mun kíkja í heimsókn á lokadegi hátíðarinnar (sun. 14/4) þar sem Bergur Þór, leikstjóri söngleiksins Matthildur, mun koma ásamt tveimur ungum leikurum úr sýningunni, en þau munu segja aðeins frá eigin upplifun af því að taka þátt í atvinnuleiksýningu. Í beinu framhaldi verður hægt að sjá bíósýningu á kvikmyndinni Matilda sem byggð er á frábærri sögu rithöfundarins Roalds Dahl eins og söngleikur Borgarleikhússins.

Dagskráin í heild sinni er á bioparadis.is – **kb**



Hin ástsæla kvikmynd Benjamín dúfa verður sýnd á hátíðinni.



Hin bráðskemmtilega mynd um Matthildi eftir sögu Roalds Dahl er á meðal mynda á hátíðinni.

**BERGUR ÞÓR, LEIKSTJÓRI SÖNGLEIKSINS MATTHILDUR, MUN KOMA ÁSAMT TVEIMUR UNGUM LEIKURUM ÚR SÝNINGUNNI.**

bauhaus.is

# BAUHAUS®



Easyline

## Kerra

**89.995.-**

~~116.995.-~~

ES200S UB. Lítil praktísk kerra til heimilisnotkunar. Með V-lagaðri öryggisstöng. Með stálfelgum og góðum dekkjum. Hámarksburðarþol er 625 kg. Heildarþyngd 750 kg. 13" dekk. Nefhjól fylgir ekki.



**249.995.-**

~~317.995.-~~

Easyline

## Kerra

ES250ST UB. 2-axla kerra, stór og verkleg. Með V lagaðri öryggisstöng, stálfelgum og góðum dekkjum. Auðvelt að festa yfirbreiðslu á kerruna. Úr ryðfríustáli. Hámarksburðarþol 550 kg. Heildarþyngd 750 kg. 13" dekk. Nefhjól fyrlgir ekki.




**99.995.-**

~~127.495.-~~

Easyline

## Kerra Tilt

ES200S UB Nett kerra með V-lagaðri öryggisstöng. Hægt að geyma í lóðréttri stöðu til að spara pláss. Stærð: 204,1 x 116 x 35 cm. Hámarksburðarþol 370 kg. Heildarþyngd 500 kg. 13" dekk. Nefhjól fylgir ekki.




Nýtt í BAUHAUS

**163.495.-**

Easyline

## 500 Bátakerra

Með innbyggðu rúllukerfi sem auðveldar að setja bátinn á kerruna og taka hann af. Getur flutt bát sem er allt að 4,2 m að lengd. Tekur 375 kg og heildarþyngd er 500 kg. Nefhjól fylgir ekki með.

# Kerrur og bílavörur í miklu úrvali í BAUHAUS!



**2.195.-**

## Gúmmímottusett

Alfa. Að framan 46 x 72 cm, að aftan 46 x 32 cm. 4 stk.




**3.095.-**

## Exo 9, 6 stk

6 x 250 ml. Alhliða olía. Fjarlægir ryð, og drullu. Smyr vel.




VERÐ FRÁ

**7.995.-**

## Rafgeymir í bíl

12 V. 44 amp.
12 V. 55 amp.................................. 9.295.-
12 V. 70 amp.................................12.595.-
12 V. 90 amp.................................14.995.-




Mobil

**4.995.-**

## Motorolía, 4 l

Hálfsyntetísk olía fyrir bensín- og díselvélar í fólks- og sendibílum.

# MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# Gaslýsing þá og nú

## Gaslýsing er stunduð grimmt í samtímapólitík en hugtakið má rekja til Gaslight frá 1944 sem öllum væri hollt að horfa á.



Charles Boyer leikur sikkópatískan eiginmanninn sem kynnir gaslýsinguna til leiks sem stjórnunartæki.

Gaslýsingin er til dæmis talin einkenna stjórnunarstíl Donalds Trump Bandaríkjaforseta og nægir í því sambandi að nefna bókina Gaslighting America: Why We Love It When Trump Lies to Us, eftir Amöndu Carpenter.

Og þótt gaslýsing hljóti að hljóma nokkuð einkennilega í okkar raflýsta samfélagi þá stunda íslenskir stjórnmálamenn hana af allnokkru kappi. Þórður Snær Júlísson, ritstjóri Kjarnans, gastengdi íslenska pólitík í leiðara í september 2017 þar sem hann sagði meðal annars:

„Tæknin sem beitt er kallast á ensku „gaslighting“, eða gaslýsing, og er þekkt pólitískt bragð. Í henni felst að neita stanslaust allri sök, afvegaleiða, setja fram mótsagnir, ljúga upp á fólk afstöðu, hengja sig í öll aukaatriði og hanna nýja atburðarás eftir á sem hentar málstað þess sem er að verja sig.“

Kunnuglegt en ennþá fyrirfinnst ekki betri útskýring á eðli gaslýsingar en sjálf uppsprettan, kvikmyndin Gaslight frá 1944. Hún er að vísu byggð á samnefndu leikriti frá 1938, var áður kvikmynduð 1940.

Þekktasta útgáfan er þó sú frá 1944, með Ingrid Bergman og Charles Boyer í aðalhlutverkum. Frábær mynd sem eldist vel og kallast í nýju gasljósi skemmtilega átakanlega á við samtímann.

Í Gaslight leikur Bergman unga konu sem giftist ósköp ljúfum manni sem byrjar fljótt að grafa undan sjálfsöryggi hennar og geðheilsu. Hann klifar stöðugt á því að hún sé gleymin og alltaf að týna hlutum sem væri rétt ef hann sjálfur væri ekki á fullu í því að fela hluti og skamma hana síðan fyrir að hafa glatað þeim.

Hún verður í raun stofufangi á eigin heimili enda karlinn búinn að sannfæra hana um að hún sé of heilsutæp til þess að vera að spóka sig á almannafæri. Á kvöldin heyrir hún brölt og bank í veggjum hússins og gaslýsingin dofnar kerfisbundið fyrir augum hennar en allt á þetta víst bara að vera ímyndun í henni.

Gaslýsingin er þannig ekki bundin við stjórnmálamenn og í upphafi var hún kynnt til leiks sem kúgunartæki innan veggja heimilisins, en einræðisherrar og leiðtogar sértrúarsafnaða hafa einnig í gegnum tíðina sýnt fram á nokkra leikni í gaslýsingum.

Kjarninn í hugtakinu eins og það birtist í bíómyndinni er að einn lýgur ítrekað að öðrum af svo mikilli sannfæringu að nánast er um heilaþvott að ræða og sá sem beittur er blekkingunni endar með að efast um eigin geðheilsu. Þróar í raun með sér einhvers konar Stokkhólmsheilkenni og endar með að trúa og treysta í algerri blindni á gaslýsarann. Kunnuglegt?

Í því þrúgandi pólitíska andrúmi vorra tíma sem er hlaðið falsfréttum, lygum, hálfsannleik og útpældum blekkingum er óhætt að mæla með því við allt hugsandi fólk og ekki síður þá sem eru þegar blindaðir af gasljósunum að drífa sig í að horfa á Gaslight frá 1944.



Ingrid Bergman er stórkostleg í hlutverki ungrar eiginkonu sem eiginmaðurinn tekur á taugum með markvissri gaslýsingu.

thorarinn@frettabladid.is

Lóð til sölu



Bergþórugata 18

Reykjavíkurborg óskar eftir kauptilboðum í byggingarrétt við Bergþórugötu 18, samtals 216 m².




**Gamall virðulegur hlynur**
Við lóðarmörk stendur gamall og virðulegur hlynur með hátt varðveislugildi og er hann mikilvægur hluti af ásýnd götunnar. Tréð skal standa og við framkvæmdir á lóðinni skal tryggja að tréð beri ekki skaða af.

Skilafrestur tilboða til þjónustuvers Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, er til kl. 14:00 þann 10. apríl 2019.

Tilboðsblöð og nánari upplýsingar má finna á **reykjavik.is/lodir**



Lupita Nyong’o kemst í hann krappann þegar hún mætir illum tvífara sínum.

# Lágspennufall

**KVIKMYNDIR**

**Us**
★★½☆☆

**Leikstjórn:** Jordan Peele
**Aðalhlutverk:** Lupita Nyong’o, Winston Duke , Shahadi Wright Joseph, Evan Alex

**US ER FULL AF FRÁBÆRU HRÁEFNI EN ÚRVINNSLAN ER EKKI BETRI EN SVO AÐ HÚN VERÐUR FLJÓTT LANGDREGIN.**

Hálf heimsbyggðin og jafnvel gott betur virðist ekki geta haldið vatni yfir hryllingsmyndinni Us, sem má teljast undarlegt þar sem slík er hún heldur bragðdauf og lítt spennandi.

Huggulegt sumarleyfi ósköp venjulegrar kjarnafjölskyldu snýst snarlega upp í martröð þegar illir tvífarar fjölskyldumeðlimanna banka upp á með illt eitt í huga.

Jordan Peele grautar hér saman mörgum helstu yrkisefnum hryllingsmyndanna, sundrung kjarnafjölskyldunnar, tvífaraminninu og ýmsu öðru og vísar, oft skemmtilega, í klassískan hrylling.

Myndin fer feikivel af stað og ekki verður af leikstjóranum tekið að hann nær oft upp býsna drungalegri stemningu með tónlist, útpældu myndmáli og fimleikum með tökuvélina.

Stóri gallinn er bara hversu losaralegt þetta allt saman er og grunnsagan er í raun veik og að manni læðist sá grunur að öll athyglin og hrifningin séu í raun eftirskjálftar frá síðustu mynd hans, þeirri stórgóðu Get Out.

Síðan eru vitaskuld ótal túlkunarmöguleikar í boði og hægt að lesa alls konar hyldjúpa samfélagsgagnrýni út úr þessu. Þá vitaskuld margt sem er ákaflega brýnt í Bandaríkjum Trumps. Þessar pælingar enda því miður líka úti í móa vegna ómarkviss hálfkáks.

Us er full af frábæru hráefni en úrvinnslan er ekki betri en svo að hún verður fljótt langdregin og það sem verra er, leiðinleg.

Þórarinn Þórarinsson

**NIÐURSTAÐA**: Spennusnauð og hryllingslaus hryllingsmynd sem þvælist stefnulaust í ýmsar áhugaverðar áttir og verður ekki, þrátt fyrir góða viðleitni, neitt sérstaklega hvöss samfélagsádeila.


Horfðu á heildarmyndina
Heima
Allt í einum pakka á lægra verði
Ótakmarkað Internet
Netbeinir og WiFi framlenging
Sjónvarps- þjónusta
Ótakmarkaður heimasími
+
Afþreying frá Stöð 2
Kynntu þér málið á vodafone.is, í síma 1414, í næstu verslun eða hjá umboðsaðilum okkar um land allt.
vodafone
Hluti af sýn

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. APRÍL 2019

**Hvað?** Áföll, geðheilsa og félagslegt samhengi
**Hvenær?** 12.00-13.00
**Hvar?** Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu
Bryndís Björk Ásgeirsdóttir dósent og Rannveig S. Sigurvinsdóttir lektor flytja fyrirlestur í á vegum Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum og Jafnréttisskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.



Guðrún Nordal fjallar um bók sína Skiptidaga – nesti handa nýrri kynslóð, sem kom út á síðasta hausti, og varpar meðal annars fram spurningunni: Hvað verður um íslenska menningu? Hannesarholt klukkan 20.00 í kvöld

**Hvað?** Jazz í hádeginu
**Hvenær?** 12.15-13.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið/Grófinni
Una Stef syngur vel valin lög eftir föður sinn, Stefán S. Stefánsson, sem eru í anda söngvaskálda Broadway. Meðleikarar eru Stefán S. Stefánsson, saxófónn, Agnar Már Magnússon, píanó, og Leifur Gunnarsson, kontrabassi. Allir velkomnir!

**Hvað?** Málþing um lýðræði á Íslandi
**Hvenær?** 15.30.-17.00
**Hvar?** Háskólatorg, stofa HT 105
Brotalamir og umbætur er yfirskrift málþings um stöðu og þróun lýðræðis á Íslandi í upphafi 21. aldar. Rýnt er í efnið frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði og stjórnmálafræði. Frummælendur eru Guðmundur Hálfdánarson prófessor, Stefanía Óskarsdóttir dósent og Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor. Fundarstjóri er Eva Heiða Önnudóttir dósent.

**Hvað?** Benjamín dúfa
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Bíó Paradís opnar fyrir alþjóðlegri Barnakvikmyndahátíð í Reykjavík með kvikmyndinni Benjamín dúfa eftir Gísla Snæ Erlingsson. Myndin kemur nú fyrir sjónir almennings í glænýjum fullum stafrænum hljóð- og myndgæðum.

**Hvað?** Plöntur – Myndlist og tónleikar
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta, Bókasafni Seltjarnarness, Eiðistorgi 11
Samsýning myndlistarkvennanna Mörtu Maríu Jónsdóttur og Kristínar Elvu Rögnvaldsdóttur verður opnuð klukkan 17. Milli klukkan 17.30 og 18 leikur Salsakommúnan kröftuga og dansvæna tónlist undir áhrifum frá tónlistarhefðum Suður-Ameríku.

**Hvað?** Skáldatal
**Hvenær?** 17.30-19.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið/Kringlunni
Steinunn Sigurðardóttir og Fríða Ísberg skrafa um skáldskap og lesa úr verkum sínum á Bókakaffi í Kringlunni í dag, fimmtudaginn 4. apríl, kl. 17.30-19. Hvernig er að vera ungur rithöfundur í dag? Hvernig var það að stíga fram á ritvöllinn fyrir hálfri öld, í karllægt bókmenntalandslag þeirra tíma? Þeim gefst kostur á að spyrja hvor aðra um allt sem þeim leikur forvitni á að vita – og velja ljóð til upplesturs hvor fyrir aðra.

**Hvað?** Kvöldstund með Guðrúnu Nordal
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Guðrún fjallar um bók sína Skiptidaga – nesti handa nýrri kynslóð sem kom út á síðasta hausti og varpar meðal annars fram spurningunni: Hvað verður um íslenska menningu? Hún fær til sín góða gesti til samræðu um efnið, Sigríði Hagalín rithöfund, Tatjönu Latinovich, formann Innflytjendaráðs, og Óttar Proppé, verslunarstjóra Bóksölu stúdenta og tónlistarmann.

**Hvað?** Eyjar í reginhafi – tónleikar
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Akureyrarkirkja
Nýtt lag við ljóðið Til eru fræ er meðal fimm nýrra kórverka sem Hymnodia frumflytur á tónleikunum. Stjórnandi er Eyþór Ingi Jónsson.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Kristínar Önnu Valtýsdóttur
**Hvenær?** 21
**Hvar?** Dómkirkjan í Reykjavík
Kristín Anna Valtýsdóttir sendir frá sér nýja plötu, Must Be the Devil, á morgun og tónleikarnir eru upptaktur að því.

**Hvað?** Klúbbakvöld Hausa
**Hvenær?** 21-01
**Hvar?** Paloma, Naustunum 1-3
Allt það nýjasta í drum & bass í bland við gamla klassík í Funktion-One kerfi. Aðgangur er ókeypis!

## Þjóðleikhúsið

551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir

Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö |
| Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Lau 18.05 | kl. 13:00 | Au | Sun 26.05 | kl. 16:00 | Au |
| Lau 13.04 | kl. 12:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | U | Lau 18.05 | kl. 16:00 | Au | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | Ö | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö | | | |



### Einræðisherrann

Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 05.04 | kl 19:30 | U | Lau 13.04 | kl. 19:30 | Ö | Lau 04.05 | kl. 19:30 | Ö | Mið 08.05 | kl. 19:30 | |



### Jónsmessunæturdraumur

Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau. 06.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl 19:30 | U | Fös 03.05 | kl. 19:30 | | Fim 09.05 | kl. 19:30 | |



### Þitt eigið leikrit

Kúlan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | Kl. 18:00 | Ö | Sun 07.04 | kl. 15:00 | U | Lau 13.04 | kl. 15:00 | U | Sun 28.04 | kl. 15:00 | |
| Lau 06.04 | kl. 15:00 | U | Sun 07.04 | Kl. 17:00 | U | Lau 13.04 | kl. 17:00 | | Sun 28.04 | Kl. 17:00 | |



### Súper

Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim.04.04 | kl. 19:30 | U | Mið 10.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | U | Fös 26.04 | kl. 19:30 | |
| Lau 06.04 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | U | Mið 24.04 | kl. 19:30 | Ö | | | |



### Loddarinn

Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau27.04 | kl. 19:30 | U | Fim 02.05 | kl. 19:30 | U | Lau 11.05 | kl. 19:30 | U | Fim 23.05 | kl. 19:30 | |
| Þri 30.04 | kl. 19:30 | U | Fös 10.05 | kl. 19:30 | U | Fös 17.05 | kl. 19:30 | U | | | |



### Brúðkaup Fígarós

Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | | Lau 28.09 | kl. 19:30 | |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | | Lau 05.10 | kl. 19:30 | |



### Mið-Ísland

Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | kl. 19:30 | Ö | Fös 05.04 | Kl. 22:00 | U | Lau 06.04 | kl. 19:30 | Ö | Lau 06.04 | Kl. 22:00 | Ö |



### Improv

Leikhúskjallarinn

| | |
|---|---|
| Mið 10.04 | kl. 20:00 |



### Dimmalimm

Brúðuloftið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | Kl. 14.00 | U | Lau 13.04 | kl. 15:30 | | Lau 17.04 | kl. 15:30 | |
| Lau 06.04 | kl. 15:30 | | Lau 27.04 | kl. 14.00 | | | | |

## Borgarleikhúsið

568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur

Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Fim 25.04 | Kl 19:00 | U | Fim 16.05 | Kl 19:00 | U | Fim 06.06 | Kl 19:00 | |
| Sun 07.04 | Kl 19:00 | U | Fös 26.04 | Kl 19:00 | U | Mið 22.05 | Kl 19:00 | | Fös 07.06 | Kl 19:00 | |
| Mið 10.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U | Fim 23.05 | Kl 19:00 | | Mán 10.06 | Kl 19:00 | |
| Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U | Sun 26.05 | Kl 19:00 | | Fim 13.06 | Kl 19:00 | |
| Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Fim 02.05 | Kl 19:00 | U | Mið 29.05 | Kl 19:00 | | Fös 14.06 | Kl 19:00 | |
| Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | Mið 08.05 | Kl 19:00 | U | Fim 30.05 | Kl 19:00 | | Sun 16.06 | Kl 19:00 | |
| Þri 16.04 | Kl 19:00 | U | Fim 09.05 | Kl 19:00 | U | Sun 02.06 | Kl 19:00 | | | | |
| Mið 24.04 | Kl 19:00 | U | Mið 15.05 | Kl 19:00 | U | Mið 05.06 | Kl 19:00 | | | | |



### Elly

Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |
| Lau 27.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Ríkharður III

Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 | U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 | ÖL |



### Kvenfólk

Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 30.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 06.04 | Kl. 20:00 | ÖL |



### Kæra Jelena

Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 15.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | | | |
| Þrið 24.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 10.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Club Romantica

Nýja sviðið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 05.04 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 13.04 | Kl. 20:00 | L |



### Bæng!

Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 | U |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr

Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U |



### Allt sem er frábært

Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | ÖL |





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

ALÞJÓÐLEG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐ
OPNUNARHÁTÍÐ HEFST KL.17:00
* BENJAMÍN DÚFA SÝND KL.17:30 *
* FRÍTT INN - Á meðan húsrúm leyfir *
Capernaum (ICE SUB) 17:30
Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) 20:00

Prump í Paradís m/Hugleiki Dagssyni
Lady Terminator 20:00
Everybody Knows (ICE SUB) 20:00
Birds of Passage (ENG SUB) 22:00
Arctic (ICE SUB) 22:00
Mug // Twarz (ENG SUB) 22:30




Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 08. apríl eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

CUCINA & LORENZO

- HÁGÆÐA ÍTALSKAR VÖRUR

ALLT SEM ÞARF Í GÓÐA PASTA VEISLU




HALLVEIGARSTÍG 1 - FAXAFENI 14 - REYKJAVÍK




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014 Reykjavík - Fljótsdalshérað**
**14.00 Stríðsárin á Íslandi** Í fjórða þætti eru fjallað um njósnir og upplýsingaöflun á stríðsárunum.
**14.50 Popppunktur 2011 Klassart - Skálmöld**
**15.45 Landinn 2010-2011**
**16.15 Í garðinum með Gurrý Skrautgarður, kryddjurtir og laukar** Heimsókn í skrautgarð Sólveigar Jónsdóttur og Ólafs R. Jónssonar. Kryddjurtir gróðursettar í ker. Niðursetning á laukum í ker.
**16.45 Leitin að stórlaxinum**
**17.15 Stelpurokk** Heimildarþáttur þar sem við fylgjumst með Vicky, sem er 24 ára trommari, í heilt ár og kynnumst því hvernig er að vera kvenkyns trommari í London í dag. e.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Strandverðirnir** Önnur sería af þessari skemmtilegu keppni þar sem danskir krakkar reyna á hæfileika sína á ströndinni og í vatninu í æsispennandi keppni um besta strandvörðinn.
**18.11 Fótboltastrákurinn**
**18.39 Bestu vinir**
**18.44 Bílskúrsbras**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Nörd í Reykjavík** Eftir að hafa kynnst menningu rappara og uppistandara er kominn tími til að kynnast nördum í Reykjavík. Dóri DNA fer á stúfana og kemst að því hvers vegna nördar eiga eftir að erfa heiminn. Dagskrárgerð. Gaukur Úlfarsson.
**20.30 Price og Blomsterberg** Dönsku matgæðingarnir James Price og Mette Blomsterberg hittast í Krónborgarkastala og töfra fram girnilega rétti.
**21.00 Ljúfsár lygi** Áströlsk þáttaröð í sex hlutum sem byggð er á sigildri skáldsögu Leos Tolstoys, Önnu Kareninu, en gerist í nútímasamfélagi. Fyrrverandi tennisstjörnur, Anna og Xander Ivin, eru hamingjusamlega gift og virðast lifa fullkomnu lifi. En þegar Anna hittir mann að nafni Skeet fyrir tilviljun á flugvelli umturnast líf þeirra allra. Aðalhlutverk. Sarah Snook, Benedict Samuel og Rodger Corser. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Glæpahneigð**
**23.00 Löwander-fjölskyldan**
**00.00 Löwander-fjölskyldan**
**01.00 Kastljós**
**01.15 Menningin**
**01.25 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Younger
**14.10** The Voice US
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Kids Are Alright
**20.10** Með Loga
**21.10** 9-1-1
**21.55** The Resident
**22.40** How to Get Away with Murder
**23.25** The Tonight Show
**00.10** The Late Late Show
**00.55** NCIS
**01.40** NCIS. New Orleans
**02.25** Venjulegt fólk
**02.55** The Truth About the Harry Quebert Affair
**03.40** Ray Donovan
**04.35** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk - Flakk - Flakkað um Naustreit
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins Friðþjófs saga
**21.00** Mannlegi þátturinn
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Gilmore Girls
**08.10** Friends
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Wrecked
**10.25** Satt eða logið
**11.10** Lögreglan
**11.40** Ísskápastríð
**12.15** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Zen Diaries of Garry Shand
**14.50** Stelpurnar
**15.15** A Plastic Tide
**16.05** Two and a Half Men
**16.30** Seinfeld
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.15** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** Splitting Up Together
**20.10** NCIS
**20.55** Whiskey Cavalier
**21.40** The Blacklist
**22.25** Magnum P.I.
**23.10** Real Time with Bill Maher
**00.10** Thirteen
**01.05** Manhunt
**01.55** High Maintenance
**02.25** Silent Witness
**03.15** Silent Witness
**04.10** Warning. This Drug May Kill You

## STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** The Simpsons
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Mindy Project
**21.15** Supergirl
**22.00** Arrow
**22.45** Game of Thrones
**23.45** The Simpsons
**00.10** Bob's Burgers
**00.35** American Dad
**01.00** The Last Man on Earth
**01.25** The Simpsons
**01.50** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** Arsenal - Newcastle
**08.50** Tottenham - Crystal Palace
**10.30** Manchester City - Cardiff
**12.10** Valencia - Real Madrid
**13.50** Olís-deild karla
**15.20** Olís-deild karla
**16.50** Domino's-deild kvenna
**18.30 Domino's-deild karla** Bein útsending frá leik í 4 liða úrslitum Dominos deildar karla.
**21.10** Domino's körfuboltakvöld
**22.10** UFC Unleashed
**23.00** Premier League World
**23.30** Cagliari - Juventus

## GOLFSTÖÐIN

**08.40** PGA Highlights
**09.35** Golfing World
**10.25** Valero Texas Open
**15.35** Inside the PGA Tour
**16.00 ANA Inspiration** Bein útsending frá leik ANA Inspiration á LPGA mótaröðinni.
**20.00 Valero Texas Open** Bein útsending frá Valero Texas Open á PGA mótaröðinni.
**23.00 ANA Inspiration** Bein útsending frá leik ANA Inspiration á LPGA mótaröðinni.

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.00** I Am Sam
**13.10** Swan Princess. A Royal Family Tale
**14.40** A Late Quartet
**16.25** I Am Sam
**18.40** Swan Princess. A Royal Family Tale
**20.10** A Late Quartet
**22.00** Bad Moms
**23.45** Passengers
**01.45** Totem
**03.15** Bad Moms

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.25** Dominos deild kvenna
**10.05** Empoli - Napoli
**11.45** Genoa - Inter Milan
**13.25** Chelsea - Brighton
**15.05** Tottenham - Crystal Palace
**16.45** Manchester City - Cardiff
**18.25** Premier League World
**18.55 Atalanta - Bologna** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
**21.00** Seinni bylgjan
**22.30** Villarreal - Barcelona
**00.10** Domino's-deild karla

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |




# Til leigu

## Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jensson sölustjóri í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR



Proclaimers slógu í gegn 1988, eru enn í fullu fjöri og eru á leiðinni til Íslands að syngja um 500 mílna gönguna sem endaði í 1.000. NORDICPHOTOS/GETTY

# Frægðarsólin skín enn á Proclaimers í Leith

Rúm þrjátíu ár eru liðin síðan skosku tvíburarnir í **The Proclaimers** lögðu að baki 500 mílur og síðan aðrar 500 til viðbótar og sungu sig inn í hug og hjörtu Íslendinga sem komu þeim í 1. sæti vinsældalista, fyrstir allra þjóða. Þeir taka nú loks lagið í Hörpu.

Skosku tvíburabræðurnir Craig og Charles Reid í The Proclaimers slógu eftirminnilega í gegn fyrir rúmum 30 árum með laginu I'm gonna be (500 Miles), hressilegum óð um mann sem er tilbúinn til þess að ganga 500 mílur og síðan aðrar 500 til viðbótar í nafni ástarinnar.

Þeir bræður hafa notið og njóta enn mikilla og stöðugra vinsælda í heimalandinu og víðar og eru nú loksins á leiðinni til Íslands. Þrjátíu árum of seint myndu kannski einhverjir segja þar sem Íslendingar voru fyrstir allra til þess að lyfta I'm gonna be í efsta sæti vinsældalista en nú ætla þeir að þakka fyrir sig með tónleikum í Hörpu þann 15. apríl.

„Já, það er rétt. Lagið komst fyrst í efsta sæti á Íslandi," sagði Craig þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til hans í Edinborg. „Við höfðum ekki hugmynd um þetta og ég komst bara að þessu fyrir tilviljun þegar ég var staddur á veitingastað í London eitthvert sunnudagskvöldið. Þar vatt ung kona sér að mér og sagði að við værum númer eitt í landinu hennar," segir Craig þegar hann rifjar upp þessi óvæntu gleðitíðindi sem hann fékk 1988.

„Ég spurði þá bara hvaða land það væri og hún sagðist vera frá Íslandi. Útgáfufyrirtækið vissi þetta ekki einu sinni en við fórum þangað daginn eftir og þeir fengu staðfest að við værum í raun og veru númer eitt á Íslandi. Þannig að Ísland er fyrsta landið þar sem við náðum þessum árangri."

Craig segist aðspurður ekki hafa vitað mikið um Ísland þá en hann vissi að landið væri til og að þar væri mikið um jökla. „Þetta voru frábærar fréttir enda áttum við ekki von á því að komast á toppinn neins staðar," segir hann og segir síður en svo hafa skyggt á gleðina að Edinborg hafi verið og sé enn mun fjölmennari en Ísland eins og það leggur sig.

„Þetta var bara frábært og nokkrum mánuðum síðar gerðist þetta líka á Nýja-Sjálandi og nokkrum vikum seinna í Ástralíu og okkur fannst þetta mjög spennandi, í raun bara að komast á toppinn í einhverju landi."

**Sólin skín enn á Leith**

I'm gonna be er án efa þekktasta lag bræðranna en það er af annarri breiðskífu þeirra, Sunshine on Leith, sem kom út 1988 og er öðrum þræði óður til hverfisins þar sem þeir ólust upp í Edinborg. Og enn skín sólin á Leith og The Proclaimers en Craig naut einmitt morgunsólarinnar þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann.

„Já, já. Ég bý enn þá í Edinborg og sólin lét einmitt sjá sig í morgun og ég vona að hún haldi áfram að skína," segir Craig sem kemst þó ekki hjá því að láta Brexit-óveðursskýin fara í taugarnar á sér. „Það er ómögulegt að leiða þetta hjá sér og þetta fer ofboðslega í taugarnar á mér og ég vildi óska þess að við yrðum um kyrrt," segir Craig um Brexit-deiluna sem hann lítur á sem klúður sem „bókstaflega versnar með hverjum degi".

„Ég held það verði stórslys ef við göngum út. Ég er ekki einu sinni viss um að við munum fara en ef við gerum það þá held ég að það séu mistök. Við bræður erum og höfum alltaf verið ákafir í sjálfstæðisbaráttu Skotlands og ég get vel ímyndað mér að einn daginn verði Skotland sjálfstætt og ef það verður ekki í ESB verði tengslin við bandalagið samt miklu meiri og sterkari heldur en hjá útgöngusinnunum á Englandi."

**1.000 mílna ferðalag til Íslands**

Hermt er að gróflega reiknað og mælt megi verja það að um það bil 1.000 mílur, 500 og svo aðrar 500 til viðbótar, séu á milli Skotlands og Íslands þannig að segja má að The Proclaimers leggi nú loks bókstaflega land undir fót eins og í laginu sem Íslendingar tóku svo fagnandi fyrir þremur áratugum.



The Proclaimers heilluðu Íslendinga sem þeyttu þeim, fyrstir allra þjóða, í efsta sæti vinsældalista síðla árs 1988.

„Já, er það tilfellið? Ég vissi það ekki þannig að þetta eru nýjar upplýsingar," segir Craig og bætir við að þeir bræður séu ekki svo spámannlega vaxnir að þeir hafi séð Íslandsheimsóknina fyrir með þetta löngum fyrirvara.

„Ég hef aldrei komið til Íslands en þekki nokkra sem hafa gert það. Þetta verður fyrsta heimsókn mín til landsins og ég hlakka mikið til. Okkur var boðið að halda tónleika í Reykjavík á síðasta ári þegar 30 ár voru liðin frá því I'm gonna be komst á toppinn á Íslandi.

Þá var of mikið að gera hjá okkur og við komumst ekki en sögðum þá strax að við værum til í þetta á næsta ári ef tækifæri gæfist og þess vegna erum við á leiðinni núna.

Við vorum mikið á tónleikaferðalagi í fyrra og tónleikarnir í Reykjavík eru þeir fyrstu á þessu ári. Við fáum síðan nokkurra daga hlé en síðan eru eiginlega bara stöðug ferðalög fram undan þangað til í september," segir Craig en eftir tónleikana í Hörpu verður stefnan tekin á Dúbaí og þaðan til Singapúr og svo áfram til Nýja-Sjálands og Ástralíu. „Lokatónleikarnir verða svo í Glasgow."

**Skoskir og skemmtilegir**



RÁS II

1. (1) I'M GONNA BE
   Proclaimers
2. (3) HANDLE WITH CARE
   Traveling Wilburys
3. (2) DE SMUKKE UNGE MENN-ESKER
   Kim Larsen
4. (5) WHERE DID I GO WRONG
   UB40
5. (4) THE HARDER I TRY
   Brother Beyond
6. (7) WILD WILD WEST
   The Escape Club
7. (6) A GROOVIE KIND OF LOVE
   Phil Collins
8. (12) TWO HEARTS
   Phil Collins
9. (13) ÞAÐ ER SVO UNDARLEGT MEÐ UNGA MENN
   Bítlavinafélagið
10. (14) ÓGEÐSLEGA RÍKUR
    Eggert Þorleifsson

„Þeir eru tveir. Þeir minna í útliti á bekkjarséníin sem voru daglegur viðburður í bandarískum bíómyndum hér í eina tíð. Þeir heita Craig og Charles Reid. Þeir eru tvíburar. Dúettinn Proclaimers vakti að sönnu mikla athygli á síðasta ári, ekki aðeins fyrir sérkennilegt, eiginlega ofurvenjulegt útlit af poppurum að vera, heldur ekki síður fyrir bráðskemmtilega tónlist."

Svona lýsti Þorsteinn J. Vilhjálmsson The Proclaimers í DV í janúar 1988 undir fyrirsögninni „Skoskir og skemmtilegir" og laug þar engu. Craig og Charles heilluðu ekki aðeins með hressilegum og sérkennilegum söngstíl og skoskum hreim heldur einnig með nördalegu útlitinu og þykkum gleraugunum.

Craig segist aðspurður telja víst að útlitið hafi unnið með þeim á sínum tíma. „Ég held að það auðveldi fólki að muna eftir þér ef þú hljómar öðruvísi og lítur öðruvísi út og þá getur það hjálpað."

Þegar talið berst að tónleikunum í Hörpu segir Craig að minni fortíðarþrá svífi yfir þeim á sviði en margur kynni að ætla. Vissulega sé fólk sem var unglingar eða á besta aldri þegar þeir slógu í gegn áberandi en yngra fólk sé þó fjölmennara. „Þetta eru oftast tvær eða þrjár kynslóðir sem mæta."

Hann segir enga tvenna tónleika í röð vera eins, þeir stokki alltaf upp lagalistann enda eigi þeir meira en nóg eftir að hafa gefið út ellefu breiðskífur. „Við erum yfirleitt á sviði í einn og hálfan tíma og ætli það séu ekki átta eða níu lög sem við verðum óhjákvæmilega að spila á hverju kvöldi."

Og merkilegt nokk er I'm gonna be ekki endilega þar efst á blaði. „Það var það auðvitað framan af en ég held satt best að segja að þeir sem koma reglulega að sjá okkur, á Bretlandi og Írlandi, vilji helst heyra Sunshine on Leith."

thorarinn@frettabladid.is

Green Tea
Pomegranate

Elizabeth Arden
NEW YORK




**Elizabeth Arden kynningavika 4. – 10. apríl**
**20% af öllum Elizabeth Arden vörum**
**Glæsilegur kaupauki fylgir með þegar keyptar eru Elizabeth Arden vörur fyrir 7.900 kr eða meira***
*á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Karlar og hundar velkomnir í kvenfataverslun

**Júlía Helgadóttir** og **Silla Berg** í Kvenfataverslun Kormáks og Skjaldar fagna því í kvöld að hafa rofið einokun karlanna á Circolo-fötum. Karlmenn og hundar eru samt velkomnir í gleðskapinn.



Silla Berg og Júlía Helgadóttir skemmta sér við að máta flíkur og greina tískustrauma og -stefnur þegar tími gefst til. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við erum búin að vera með Circolo í herrafataversluninni og það hefur gengið alveg ofboðslega vel þar þannig að við ákváðum að taka þetta inn fyrir dömurnar líka og erum nýbyrjaðar að selja úr fyrstu sendingunni og ég hef á tilfinningunni að þetta muni slá í gegn,“ segir Júlía Helgadóttir verslunarstjóri.

Tweed með tilheyrandi keim af breskum áhrifum hefur löngum verið áberandi í herrafötunum hjá Kormáki og Skildi en konum virðist einnig líka ágætlega við slíkt. „Tweed og buxnadragtir eru að koma sterkt inn enda er náttúrlega öld hinnar sterku konu runnin upp,“ segir Júlía.

„Og við viljum bara vera svolítið smart, klassískar jafnvel, í leik og starfi og í öllum veðrum. Circolo-fötin eru ítölsk og eitt það besta við þau er hversu þægileg þau eru. Manni líður bara eins og maður sé í jogging-galla. Síðan má þvo þetta allt í þvottavél, líka jakkana sem sparar manni örugglega tuttugu eða eitthvað þúsund á ári í hreinsunarkostnað.“

Júlía tók við búðinni á Skólavörðustíg í sumar og segist una hag sínum vel í sínu náttúrlega umhverfi en hún er lærði klæðskurð og listfræði og „hef gríðarlega mikinn áhuga á fötum og hef alltaf haft, alveg síðan í barnæsku. Bæði nútímatísku og tísku liðinna tíma, búningum, undirfötum, kjólum og yfirhöfnum, þannig að þar er alltaf gaman í vinnunni.“



„Það sakar ekkert að vera dálítið smart í fermingarveislunum,“ segir Júlía.



Tískan er aldrei til friðs nema í mesta lagi sex mánuði í senn og lætur ekki bíða eftir sér þannig að sumarlínan er komin í hús. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRYGGUR ARI

**TWEED OG BUXNADRAGTIR ERU AÐ KOMA STERKT INN ENDA ER NÁTTÚRLEGA ÖLD HINNAR STERKU KONU RUNNIN UPP.**

„Við ætlum að vera með smá páskastuð á Skólavörðustígnum í kvöld en erum samt í raun að fagna því að hafa rofið einokun karlanna á Circolo-fötum sem var löngu tímabært. Við verðum með Omnom-páskasúkkulaðismakk og Baileys sem konum finnst svo gott með súkkulaði en karlarnir mega alveg koma líka. Það eru sæti þarna fyrir þá og ferfætlingar eru líka velkomnir. Við höfum aldrei neitað hundum um inngöngu.“

thorarinn@frettabladid.is


LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**SUBARU Outback Premium Eyesight**
Nýskr. 07/15, ekinn 78 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**




**SKODA Octavia Ambition 4x4**
Nýskr. 12/15, ekinn 66 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**




**RENAULT Kadjar Bose 2wd**
Nýskr. 11/16, ekinn 32 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**




**ISUZU D-Max Lux 33"**
Nýskr. 12/15, ekinn 35 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.190.000 kr.**




**RENAULT Clio Expression**
Nýskr. 05/15, ekinn 93 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 1.390.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Acenta 2wd**
Nýskr. 10/16, ekinn 61 þ.km,
dísil, beinskptur.
**Verð 2.890.000 kr.**




**MAZDA CX-5 Vision**
Nýskr. 08/17, ekinn 28 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.690.000 kr.**




**DACIA Duster Comfort 2wd**
Nýskr. 10/18, ekinn 2 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**




**NISSAN Juke Acenta 2wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 76 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**




**BMW X1 Xdrive18d**
Nýskr. 05/17, ekinn 39 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.690.000 kr.**

## LAGERSALA

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!**




**HYUNDAI Tucson Comfort**
Nýskr. 03/17, ekinn 116 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**
**TILBOÐ! 2.990.000 kr.**




**TOYOTA Rav4 Hybrid 4wd**
Nýskr. 06/17, ekinn 16 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.290.000 kr.**
**TILBOÐ! 4.490.000 kr.**




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 09/15, ekinn 76 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.690.000 kr.**
**TILBOÐ! 1.990.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 02/17, ekinn 87 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.290.000 kr.**
**TILBOÐ! 2.590.000 kr.**




**PEUGEOT 508 Active**
Nýskr. 04/16, ekinn 86 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 2.790.000 kr.**
**TILBOÐ! 2.390.000 kr.**



- Ástandsskoðun
- Ný vetrardekk
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

**bílaland**

# 4 DAGA

# LAGER

## Allt að

# 80%
afsláttur

| SÓFAR | HEILSURÚM
| HEILSUDÝNUR | RÚMGAFLAR
| SÓFASETT | KODDAR | HÆGINDASTÓLAR
| SVEFNSÓFAR | ELDHÚSSTÓLAR | SÓFABORÐ
| SÆNGUR | BORÐSTOFUBORÐ OG -STÓLAR
| ÚTLITSGALLAÐ | SÝNINGAREINTÖK | O.FL. | O.FL.

HÚSGAGNA HÖLLIN

Betra BAK

DORMA
Láttu drauminn rætast



RSALA
KORPUTORGI
FIMMTUD. TIL SUNNUD.
4. TIL 7. APRÍL
LAGERSALA
KORPUTORG
VESTURLANDSVEGUR
BAUHAUS
Opnunartími:
Alla dagana
kl. $12^{00}$-$18^{00}$

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**



Inngunnar Láru Kristjánsdóttur

## Epitaph

Síðsumars 1905 birti Daily Graphic grein um vinnukonu sem hengdi sig með þvottasnúru. Í vasanum á vinnufötum hennar fannst rifinn maskínupappír með lokaorðum hennar.

Here lies a poor woman who was always tired, / She lived in a house where help was not hired. / Her last words on earth were: Dear friends, I am going / To where there's no cooking, or washing, or sewing, /Everything there is exact to my wishes, / For where they don't eat there's no washing of dishes. / I'll be where loud anthems will be ringing, / But having no voice I'll be clear of the singing, / Don't mourn for me now, don't mourn for me never, / I'm going to do nothing for ever and ever.

Kviðdómur í Jórvík áleit einróma að Catherine hefði framið sjálfsvíg vegna tímabundinnar geðveiki. Maskínupappírinn var skýrt sönnunargagn. Ekkert minnst á ævilanga byrði hennar sem vinnandi móður við slæman efnahag. Engum datt í hug að skoða hendurnar á henni.

Heilu dagarnir hjá Catherine fóru í að handþvo föt, skrúbba gólf, þrífa potta, fæða og klæða börn. Hún var með grófa fingur sem líktust döðlum.

Eftir líkfundinn fann ungur lögreglumaður úrklippu úr blaði á stofuborði hennar; grein eftir heimspeking sem bar fyrirsögnina: Why does a woman look old sooner than a man?

Lokaorðin hennar rötuðu í útfararsöng eftir Anthony Hedges, saminn 1972. Ég fann nótnablaðið hjá götusala á rölti um Cecil Street í London. Efst á blaðinu stóð:

Words anonymous.

Sextíu og sjö ár milli þess að Catherine Allsopp skrifaði niður síðustu skilaboð sín til alheimsins til þess að Anthony Hedges skráði: Höfundur óþekktur. Skilaboðin hennar komust aldrei áleiðis. Þau svifu í lausu lofti, í biðstöðu.








